Með okkar augum
samfélagsverðlaunin 24

Mývatnssveit
náttúra 28

spottið 12

Græddu á gulli á Grand Hótel
14. og 15. apríl frá kl 11:00 til 19:00

Skoðið nánar á bls. 29

Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
14. apríl 2012
87. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011

Sá inn í framtíðina

Ástþór Magnússon segir erfitt að laga ímynd sína eftir afskræmingu fjölmiðla.

forsetakosningar 26

Eigið grænmeti best

Nú er rétti tíminn til að sá fyrir kálplöntum, enda íslenska sumarið of stutt fyrir ýmist grænmeti.

garðyrkja 30

Fransína flutt til Afríku

Músin úr sjónvarpinu hjálpar frænda sínum, ævintýragangaverðinum.

krakkar 42

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Ísbúðir | Fólk | Allt atvinna

BARÁTTA Á HVERJUM DEGI Queen of Denmark, fyrsta sólóbreiðskífa bandarísku tónlistarmannsins Johns Grant, var ein rómaðasta plata ársins 2010. Grant kom fyrst til Íslands í október og féll kylliflatur fyrir landinu. Hann býr nú í kjallaraíbúð á Laufásveginum, vinnur að nýrri plötu ásamt Bigga Veiru úr GusGus og fleiri íslenskum tónlistarmönnum og nemur íslenska málfræði. Í viðtali við Fréttablaðið segir Grant frá einlægum textum, lífi án áfengis og eiturlyfja og glímu sinni við þunglyndi. **Sjá síðu 18.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjálfstæðisflokkurinn með 43%

Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuð og herðar yfir aðra flokka samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stjórnarflokkarnir njóta samanlagt stuðnings ríflega 23 prósenta.

KÖNNUN Torvelt gæti reynst að mynda ríkisstjórn án aðildar Sjálfstæðisflokksins verði niðurstöður kosninga í takt við niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Flokkurinn nýtur stuðnings tæplega 43 prósenta kjósenda og fengi samkvæmt því 29 þingmenn.

Fimm aðrir flokkar fengju þingmenn kjörna samkvæmt könnuninni, og þyrftu þeir að mynda fimm flokka stjórn ætluðu þeir sér að halda Sjálfstæðisflokknum frá stjórnarráðinu.

Stuðningur við Samstöðu, flokk Lilju Mósesdóttur, dregst verulega saman frá könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var snemma í febrúar. Þá mældist flokkurinn með 21 prósents fylgi, en fengi um sex prósent og fjóra þingmenn samkvæmt nýju könnuninni.

Stjórnarflokkarnir myndu ekki ríða feitum hesti frá kosningum samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Samfylkingin mælist með tæplega fimmtán prósenta stuðning og Vinstri grænir með tæplega níu prósent. Samanlagt fengju flokkarnir 16 þingmenn, langt frá þeim 32 sem þeir hafa í dag, eftir afföll í þingliði Vinstri grænna á kjörtímabilinu.

Enn er hátt hlutfall kjósenda sem ekki gefa upp afstöðu sína í könnuninni. Um tíu prósent sögðust óákveðin og tæp 16 prósent sögðust ekki myndu kjósa eða skila auðu yrði gengið til kosninga nú. Þá vildu 20 prósent ekki gefa upp afstöðu sína. **- bj / sjá síðu 8**



ÍÞRÓTTASTÖÐIN **ESPN AMERICA** ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

SPURNING DAGSINS

Sigríður, er lífið lotterí?

„Já, og ég tek þátt í því!“

Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir hefur verið ráðin í starf Lottó-þulu.

LAUGARDALSLAUG Endurbætur standa yfir í Laugardal.

Viðgerðir í Laugardalslaug:

Lokað í laugina eftir helgina

ÞJÓNUSTA Vegna framkvæmda við Laugardalslaug verður lokað þar í þrjá daga eftir helgi, frá mánudegi til miðvikudags.

Í frétt frá Reykjavíkurborg er haft eftir Loga Sigurfinnssyni forstöðumanni að gestir hafi sýnt ótrúlega þolinmæði og skilning.

„Meðal þess sem verður gert meðan laugin verður lokuð er að slá undan nýrri göngubrú, taka að mestu niður vinnuaðstöðu og yfirbreiðslur, mála potta, tengja nuddpott og koma fyrir nýju öryggishandriði. Laugin verður einnig tæmd og þrifin,“ segir í fréttinni. Laugin verður opnuð aftur að morgni sumardagsins fyrsta. - gar

Sorpstöð fékk áminningu:

Fór langt yfir hámark í urðun

UMHVERFISMÁL Sorpstöð Rangárvallasýslu urðaði rúmlega helmingi meiri sláturúrgang en heimilt var árið 2010. Um 1.630 tonn af úrgangi voru urðuð en einungis er veitt heimild til 800 tonna á ársgrundvelli.

Umhverfisstofnun hefur áminnt sorpstöðina og krafist úrbóta vegna málsins, sem kom í ljós við eftirlit. Á vef Umhverfisstofnunar segir að fyrirtækinu hafi verið veittur frestur til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tækifæri til að bregðast við. Verði ekkert að gert er heimild til að beita sektum upp á allt að 500 þúsund krónum á dag. - sv

Hæstiréttur neitar Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni um geisladiska:

Óttast að upptökur leki á netið

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að verjendur Lárusar Welding og Guðmundar Hjaltasonar, fyrrverandi yfirmanna hjá Glitni, eigi ekki rétt að fá í hendur geisladiska með upptökum af yfirheyrslum skjólstæðinga sinna.

Verjendurnir kröfðust þess að fá upptökurnar, ekki síst til að sannreyna að rétt væri farið með í endurritum af yfirheyrslunum sem eru meðal gagna málsins og eiga að vera orðrétt.

Saksóknarinn mótmælti þessu og benti á að verjendum og sakborningum stæði til boða að hlusta á upptökurnar í húsakynnum sérstaks saksóknara. Þá sagði saksóknari jafnframt að ef fallist yrði á kröfu verjendanna væri hætta á að upptökurnar kæmust í hendur einhverra sem þær ættu ekkert erindi við og að það gæti leitt til þess að þær birtust á veraldarvefnum.

Fallist er á þetta, bæði í niðurstöðum héraðsdóms og Hæstaréttar. Þar segir meðal annars að um rafrænar upptökur sé að ræða sem auðvelt sé að misfara með, komist þær í rangar hendur.

ÁKÆRÐUR Lárus sætir ákæru fyrir umboðssvik vegna láns Glitnis til Milestone.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verjendur Kaupþingsmanna í Al Thani-málinu svokallaða hafa gert sams konar kröfu og tekist verður á um hana fyrir dómi í lok mánaðar. - sh

Kirkjugarður á Seltjarnarnesi:

Þrjú þúsund grafir á Nesinu

SELTJARNARNES Kirkjugarður gæti risið á Seltjarnarnesi ef hugmyndir þess efnis ná fram að ganga. Þrjár staðsetningar koma til greina fyrir allt að þrjú þúsund grafir.

Unnið hefur verið að hugmynd um kirkjugarð á Seltjarnarnesi síðan um áramótin eftir að áskorun þess efnis kom frá velunnara kirkjunnar og hefur starfshópur um verkefnið skilað hugmyndum til skipulags- og mannvirkjanefndar Seltjarnarnessbæjar. - jme

Hafa þegar hjálpað nær 40.000 börnum

Hjálparstarf UNICEF á Sahel-svæðinu í Afríku er komið í fullan gang. Tugir þúsunda barna hafa fengið meðferð vegna vannæringar. Söfnun UNICEF hefur gengið vel á Íslandi og um fjórtán milljónir króna hafa þegar safnast.

NEYÐARAÐSTOÐ Hátt í 40.000 börn á Sahel-svæðinu í Afríku sunnan við Saharaeyðimörkina hafa nú þegar hafið meðferð hjá UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, vegna alvarlegrar bráðavannæringar.

Neyðarástand vofir yfir á svæðinu eftir uppskerubrest í kjölfar þurrka. Talið er að um ein milljón barna séu í hættu á að verða vannæringu að bráð nema eitthvað verði að gert.

Hjálp er þó tekin að berast og hefur UNICEF þegar komið til skila um 6,5 milljónum skammta af vítamínbættu hnetumauki auk ýmissa annarra hjálpargagna sem sjá má á meðfylgjandi mynd.

Hnetumaukið hefur reynst afar vel í baráttunni við vannæringu barna á hrjáðum svæðum, en það hjálpar börnum að ná heilsu fyrir utan hvað það geymist vel og er auðvelt í notkun.

Starf UNICEF nær til átta landa á Sahel-svæðinu og tíminn skiptir lykilmáli við að koma hjálpargögnum til þeirra sem á þurfa að halda.

Sameinuðu þjóðirnar tilkynntu í vetur að um 724 milljónir Bandaríkjadala þyrfti til að fjármagna aðgerðir í Sahel.

Margaret Chen, framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sagði fyrir skemmstu að alþjóðasamfélagið þurfi að bregðast skjótt við. „Annars munu mörg börn láta lífið og mikil fjöldi manna muni líða skort.“

Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi, segir í samtali við Fréttablaðið að hjálparstarfið reiddi sig á framlag almennings. Söfnun standi yfir hér á landi og gangi afar vel og þau hafi fundið fyrir mikill velvild.

„Söfnunin er komin yfir 14 milljónir. Það er margfalt meira en við gerðum okkur von um að geta safnað og við erum afar þakklát fyrir stuðninginn. Fólk virðist gera sér grein fyrir alvöru málsins og að hvert framlag skiptir máli.“

Sigríður bætir því við að þar liggi að baki þúsundir Íslendinga á öllum aldri.

„Börn hafa til dæmis haft samband við okkur og viljað aðstoða vannærða jafnaldra sína á Sahel-svæðinu. Svo höfum við fengið símtöl úr bönkum þar sem börn eru stödd með sparibaukana sína og vilja gefa og fólk á níræðisaldri hefur sem dæmi hringt og spurt hvernig það geti aðstoðað.“

Þeim sem vilja leggja sitt af mörkum er bent á að upplýsingar má finna á vefnum á unicef.is.

thorgils@frettabladid.is



Bæjarfulltrúi um endurbætur:

Klúður kostaði fimm milljónir

SVEITARSTJÓRNIR Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Hornafirði, segir „óvönduð vinnubrögð“ bæjarráðs varðandi töku tilboðs í innanhússendurbætur í Heppuskóla hafa valdið því að sveitarfélagið varð að gera sátt við annan bjóðanda í verkið upp á 4,6 milljónir króna. Heildarkostnaðurinn sé fimm milljónir króna því lögfræðikostnaður sé 400 þúsund krónur. „Til lengri tíma litið geta þessi vinnubrögð skaðað sveitarfélagið mun meira í formi minnkandi trausts almennings og fyrirtækja á því sem bæjarráð samþykkir,“ segir í bókun Árna. - gar

BLÓÐGJÖF Nemendafélagið Fjallið bar sigur úr býtum í keppninni.

Blóðbikarinn afhentur:

Nemendur gáfu blóð í bankann

SAMFÉLAGSMÁL Lýðheilsufélag læknanema stóð fyrir svokölluðum Blóðgjafarmánuði Háskóla Íslands í mars síðastliðnum. Tilgangurinn var að vekja athygli á þörf fyrir blóðgjafir og að virkja nema til að gerast blóðgjafar svo Blóðbankinn gæti annað eftirspurn.

Verðlaun voru veitt til þess nemendafélags sem gaf hlutfallslega mest blóð. Fjallið, félag jarðvísinda-, landafræði- og ferðamálafræðinema, hlaut Blóðbikarinn. Vodafone styrkti Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna um 500 krónur fyrir hverja blóðgjöf og alls söfnuðust um 200 þúsund krónur. - sv

Fjármálaeftirlitið birtir minnisblað um áhrif gengislánadómsins í febrúar:

Dómurinn ógnar ekki stöðugleika

EFNAHAGSMÁL Fjármálaeftirlitið (FME) telur að áhrif gengislánadóms Hæstaréttar frá 15. febrúar síðastliðnum og endurreikningar lána vegna hans ógni ekki fjármálastöðugleika.

Þegar hafa lánastofnanir landsins afskrifað rúmlega 70 milljarða úr efnahagsreikningum sínum vegna dómsins og þá er þess vænst að 15 milljarðar til viðbótar verði brátt afskrifaðir.

Verði dómurinn fordæmisgefandi fyrir öll lán sem mögulega fela og fólu í sér ólöglega gengistryggingu er það mat FME að hann muni valda lánastofnunum landsins alls um 165 milljarða króna höggi.

Þetta kemur fram í minnisblaði sem FME hefur tekið saman um áhrif dóms Hæstaréttar á innlendar lánastofnanir. Í dómnum fólst að samningsvexti á gengislánum til þess dags sem Hæstiréttur dæmdi slík lán ólögleg árið 2010. Lánastofnanir höfðu hins vegar stuðst við óverðtryggða vexti Seðlabankans eins og kveðið hafði verið á um í tilmælum frá stjórnvöldum.

Þótt FME telji dóminn ekki fela í sér ógn við fjármálastöðugleika áréttar stofnunin að óvissan vegna uppgjörs gengislána sé slæm fyrir fjármálakerfið. Þá sé mikilvægt að henni verði eytt sem fyrst.

FME sendi öllum lánastofnunum landsins fyrirspurn þar sem þær voru beðnar um að meta áhrif dómsins á sig miðað við fjórar sviðsmyndir um fordæmisgildi. - mþl



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ FME spurðist fyrir um áhrif dómsins á virði lána hjá lánastofnunum miðað við fjórar sviðsmyndir um fordæmisgildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

husa.is

SUMARIÐ ER NÆSTUM ÞVÍ KOMIÐ

TAX FREE

FYRIR GARÐVERKIN!

GARÐVERKFÆRIN, GARÐÁHÖLDIN, GARÐÁBURÐURINN, GRÓÐURMOLDIN, TRJÁKLIPPURNAR, ÁVAXTATRÉN, BERJARUNNARNIR, KRYDDPLÖNTURNAR, KARTÖFLUÚTSÆÐIÐ, ÚTIPOTTARNIR OG BÓKSTAFLEGA ...

DYNAMO REYKJAVÍK

... ALLT FYRIR GARÐVERKIN TAXFREE UM HELGINA

blómaval

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

GENGIÐ 13.04.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,65	127,25
Sterlingspund	201,79	202,77
Evra	166,67	167,61
Dönsk króna	22,404	22,536
Norsk króna	21,901	22,029
Sænsk króna	18,735	18,845
Japanskt jen	1,5625	1,5717
SDR	195,32	196,48

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 229,1083

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tölur Þjóðskrár sýna að hundruð hafa skráð sig úr Þjóðkirkju það sem af er ári:

Unga fólkið líklegra til úrskráningar

TRÚMÁL 352 gengu úr Þjóðkirkjunni fyrstu þrjá mánuði þessa árs. Þar af skráðu 166 sig í annað trúfélag en 186 skráðu sig utan trúfélaga. Í samantekt Þjóðskrár kemur fram að af þessum 352 einstaklingum eru 269 fæddir árið 1976 eða síðar.

Á sama tíma hafa aðeins 37 manns úr öðrum trúfélögum eða utan trúfélaga skráð sig í Þjóðkirkjuna.

112 skráðu sig í einhverja af þremur fríkirkjum landsins á þessu tímabili, Fríkirkjuna í Reykjavík, Óháða söfnuðinn í Reykjavík eða Fríkirkjuna í Hafnarfirði, en 23 skráðu sig úr þeim.

Alls skráðu 207 sig utan trúfélaga á fyrsta ársfjórðungi, en 39 sem áður höfðu staðið utan trúfélaga skráðu sig í eitthvað trúfélag.

Alls sögðu 8268 sig úr Þjóðkirkjunni frá 1. desember árið 2009 til loka síðasta árs.

Flestar úrsagnir úr Þjóðkirkjunni á einum mánuði voru í ágúst 2010 þegar um tvö þúsund manns skráðu sig úr henni.

- þj

HALLGRÍMSKIRKJA 352 skráðu sig úr Þjóðkirkjunni á fyrstu þremur mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvæg fyrir rannsóknina:

Önnur dagbók komin fram

SAKAMÁL Ný gögn eru komin fram í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu sem gætu varpað nýju ljósi á rannsókn málsins. Um er að ræða dagbók Guðjóns Skarphéðinssonar, sakbornings í málinu, frá því hann sat í gæsluvarðhaldi árin 1976 til 1977. Frá því var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að bókin sé nú komin í hendur starfshóps sem rannsakar málið.

Arndís Soffía Sigurðardóttir, formaður starfshópsins, sagði bókina viðamikið gagn í málinu.

- sv

HERJÓLFUR Eimskip átti lægsta tilboðið í rekstur ferjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útboð í Herjólf opnað:

Eimskip með lægsta tilboðið

SAMGÖNGUR Eimskip átti lægsta tilboðið í rekstur Herjólfs en tilboðin voru opnuð í gær. Þrjú fyrirtæki skiluðu inn tilboðum en boð Eimskipa var tæpar 681 milljón króna. Tilboð Samskipa hljóðaði upp á 772 milljónir króna en tilboð Sæferða upp á 903 milljónir. Áætlaður verkkostnaður var 832 milljónir króna.

Þetta er í annað sinn sem opnað er fyrir tilboðin en í mars voru fyrri tilboð fyrirtækjanna þriggja dæmd ógild.

Tilboð Eimskipa nú var 178 milljónum króna lægra en í síðasta útboði. - kh

SJÁVARÚTVEGUR

Lifa ekki af í Grindavík

Bæjarráð Grindavíkur segir að verði frumvarp um veiðigjöld að lögum lifi sjávarútvegsfyrirtæki í bænum ekki af þá auknu skattheimtu sem því fylgi. Miðað við upplýsingar frá fyrirtækjunum þar megi gera ráð fyrir að veiðigjald og auðlindarenta fyrirtækja í Grindavík verði um og yfir tveir milljarðar króna.

REYKJAVÍKURBORG

Spyr um Samhjálparsamning

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi VG, hefur ítrekað í borgarráði ósk sína um að borgarlögmaður gefi álit sitt á því hvort innkaupareglum borgarinnar hafi verið fylgt þegar samið var við Samhjálp um rekstur gistiskýlisins við Þingholtsstræti.

Ísland mótmælir ekki meðalgöngu Evrópusambandsins

Íslensk stjórnvöld telja best að leggjast ekki gegn meðalgöngu framkvæmdastjórnar ESB í Icesave-málinu. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins mótmælir og segir ástæðulaust að halda áfram aðildarviðræðum að óbreyttu.

ICESAVE Íslensk stjórnvöld setja sig ekki upp á móti því að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fái leyfi til meðalgöngu í máli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum vegna Icesave-málsins.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í utanríkismálanefnd segir hins vegar að íslensk stjórnvöld hafi átt að mótmæla þessari innkomu ESB.

RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

Frestur íslenskra stjórnvalda til að gera athugasemd við kröfu framkvæmdastjórnarinnar rann út í gær. Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að lagt sé í hendur EFTA-dómstólsins hvort meðalganga framkvæmdastjórnarinnar verði leyfð.

Þar segir einnig að leið meðalgöngu, sem felur í sér beinni aðkomu framkvæmdastjórnarinnar að málinu umfram hina hefðbundnari leið að leggja fram skriflega greinargerð, gæfi Íslandi aukna kosti í málsvörn sinni.

„Stjórnvöld munu eiga þess kost að svara sérstaklega afstöðu sem fram kemur við meðalgöngu en þess er ekki kostur þegar hún kemur eingöngu fram í skriflegri greinargerð."

Það væri því einróma niðurstaða aðalmálflytjanda og málflytjendateymis Íslands „að það þjónaði best hagsmunum Íslands að leggjast ekki gegn meðalgöngu hennar í málinu".

ENN DEILT UM ICESAVE Íslensk stjórnvöld leggjast ekki gegn því að ESB fái meðalgöngu í Icesave málinu fyrir EFTA-dómstólnum. Stjórnarandstöðuþingmenn telja að Ísland hafi þurft að mótmæla.

„Fruntaleg" framkoma ESB

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að með kröfu framkvæmdastjórnarinnar um meðalgöngu í Icesave-málinu sé ESB að taka afstöðu gegn Íslandi í málinu.

Hann sagði þessa framkomu „fruntalega" og sambandið hefði betur látið nægja að stök aðildarríki, Holland og Bretland, hefðu krafist meðalgöngu í stað þess að sambandið kæmi fram „sem ein blokk" gegn Íslandi í málinu.

Ekki beintengt:

Í svari Chantal Hughes, talskonu hjá framkvæmdastjórn ESB, við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að með kröfunni um meðalgöngu sé framkvæmdastjórnin að styðja það að skýra þurfi skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Það sé nauðsynlegt til að „viðhalda trausti á reglum ESB um innistæðutryggingar, á trausti á innri markaði sambandsins og á stöðugleika evrópska fjármálakerfisins í heild".

Málið fyrir EFTA-dómstólnum er ekki beintengt aðildarviðræðum Íslands við ESB. Í víðara samhengi verði þó geta Íslands til að innleiða samningskafla ESB um fjármálaþjónustu, þar á meðal tilskipunina um innistæðutryggingar, metin þegar að því kemur að semja um þann kafla í aðildarviðræðunum.

> Ég held að það sé öllum ljóst að ráðherra brást upplýsingar- og samráðsskyldu sinni gagnvart nefndinni.
>
> **RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**
> ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur sætt gagnrýni fyrir að ekki hafi verið upplýst um kröfu framkvæmdastjórnarinnar um meðalgöngu þegar hún kom fram í lok síðasta mánaðar.

Meðal annars hafi utanríkismálanefnd ekki frétt af málinu fyrr en sagt var frá því í fjölmiðlum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í viðtali á RÚV í gær að sama hafi gilt um sig.

Össur sagði í viðtali við fjölmiðla í gær að hann hafi gert ráð fyrir að þingmenn hefðu fylgst með málinu og hefði því getað verið kunnugt um kröfu framkvæmdastjórnarinnar.

„Hugsanlega hefði ég átt að gera [utanríkismálanefnd] viðvart svo að tryggt væri að þeir fengju af þessu vitneskju."

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks og fulltrúi í utanríkismálanefnd, segir í samtali við Fréttablaðið að ráðherra hafi brugðist í málinu.

„Ég held að það sé öllum ljóst að ráðherra brást upplýsingar- og samráðsskyldu sinni gagnvart nefndinni. Mér fannst hann viðurkenna það í fjölmiðlum. Við vonum bara að gerð verði bragarbót á því."

„Ég held að við þurfum að mótmæla þessu kröftuglega og ég sé enga ástæðu til að halda áfram aðildarviðræðum við ESB á meðan þessi staða er uppi."

thorgils@frettabladid.is

JÁKVÆTT NÁMSKEIÐ UM HJÓNABAND OG SAMBÚÐ Í HÖRPU 30. APRÍL.

Námskeiðið verður haldið í Kaldalóni og hefst það kl.20.00

Á námskeiðinu verður farið í gegnum helstu hættur sem að hjónabandi og sambúð steðja í dag og bent á leiðir til að varast þær.

Markmið kvöldsins er:
- AÐ KVEIKJA FERSKAR HUGMYNDIR Í SAMBANDINU
- AÐ FINNA NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ LEYSA ÚR VANDA
- AÐ GERA GOTT SAMBAND BETRA OG TRAUSTARA
- AÐ SKOÐA SAMSKIPTI OKKAR TIL AÐ STYRKJA ÞAU
- AÐ NJÓTA GÓÐRAR KVÖLDSTUNDAR MEÐ ÁSTINNI SINNI

Í lok námskeiðsins fá þátttakenndur sjö vikna heimaverkefni til að styrkja sambandið enn frekar.

Leiðbeinandi er sr. Þórhallur Heimisson, en yfir 6000 pör hafa tekið þátt í hjónanámskeiðum hans.

Upplýsingar og skráning fer fram í síma 8917562 og á thorhallur33@gmail.com

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

HELGI aftur og nýbúin. Hægviðri um mest allt land í dag. Skúrir V-til í dag en ætti að birta til inná milli. Kalt en bjart A-til. Vaxandi SA-átt SV-til á morgun og úrkoma. Hægari vindur og bjart NA-til. Skýjað um allt land á mánudag og dálítil rigning S- og V-lands.



Á MORGUN
Allhvasst SV-til, annars hægari.

MÁNUDAGUR
10-15 m/s SV-til, annars hægari

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	17°
Berlín	13°
Billund	10°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	21°
London	12°
Mallorca	8°
New York	20°
Orlando	25°
Ósló	11°
París	16°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Bændur skapa verðmæti allan ársins hring

Íslenskur landbúnaður er fjölbreyttur og innlend matvælaframleiðsla skiptir máli fyrir þjóðina. **Á hverjum degi spara Íslendingar milljónir króna í gjaldeyri vegna þess að við framleiðum sjálf kjöt, mjólk, grænmeti og fleira góðgæti í sveitinni.**

Fjöldi Íslendinga byggir lífsafkomu sína á störfum sem tengjast landbúnaði. **Um 11.000 störf tengjast atvinnuveginum, m.a. á bújörðum, í kjötafurðastöðvum, mjólkurvinnslum, hjá þjónustufyrirtækjum og víðar.**

Hluti af búvöruframleiðslu íslenskra bænda er fluttur á erlenda markaði. **Í fyrra voru tekjur af útflutningi búvara og sölu á gistingu og þjónustu við erlenda ferðamenn í sveitum 8,3 milljarðar króna.** Með því tekst landbúnaðinum að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í uppbyggingu atvinnulífsins.

Með vorkveðjum úr sveitinni

Íslenskir bændur

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

KJÖRKASSINN

Átt þú snjallsíma?

JÁ	25,8%
NEI	74,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú mikil tækifæri felast í raforkusölu til Evrópu um sæstreng?

Segðu þína skoðun á visir.is

Hollvinasamtök „mestu náttúruperlu Reykvíkinga“ fá styrk frá hverfisráðum:

Vinir Elliðaárdals stofna samtök

FÉLAGSSTARF Hátt í níutíu manns mættu á stofnfund Hollvinasamtaka Elliðaárdals í félagsheimili Orkuveitu Reykjavíkur í dalnum í fyrrakvöld.

Aðdragandinn var sá að hverfisráð Breiðholts og Árbæjar efndu til fundar um málefni dalsins í haust og niðurstaða hans varð sú að þörf væri á félagi um þessa „mestu náttúruperlu Reykvíkinga,“ eins og Elliðaárdalurinn er kallaður í tilkynningu frá samtökunum.

Á fundinum rakti sagnfræðingurinn Stefán Pálsson sögu Elliðaárdalsins og Björn Axelsson, frá skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar, fór yfir drög að framtíðarskipulagi svæðisins.

Hverfisráð Breiðholts og Árbæjar færðu samtökunum jafnframt fimmtíu þúsund króna styrk hvort um sig og þær fréttir að lénið ellidaardalur.is hefði verið tekið frá fyrir samtökin.

Í lok fundar var kosið í stjórn samtakanna, og í hana völdust Alda M. Magnúsdóttir, Anna Sif Jónsdóttir, Guðbrandur Benediktsson, Guðrún Ágústsdóttir, Guðrún Theódórsdóttir, Halldór Páll Gíslason og Stefán Pálsson. - sh

MARGT UM MANNINN Á níunda tug manna sótti stofnfundinn í félagsheimili Orkuveitunnar.

Dýraverndunarsinnar ósáttir:

Kæra fyrir brot um dýravernd

DÝRAVERND Tveir dýraverndunarsinnar, Árni Stefán Árnason og Óskar H. Valtýsson, hafa kært sveitarfélag Hornafjarðar fyrir meint brot á lögum um dýravernd og girðingarlögum. Fjöldi hreindýra hefur drepist í sveitarfélaginu eftir að hafa flækst í girðingarvír.

Kæran var lögð fram hjá lögreglunni á Eskifirði í fyrradag en auk þess að kæra sveitarfélag Hornafjarðar, kæra þeir bónda á svæðinu og fyrirtækið Lífsval sem þarna á land. - eh

MÁLSTOFA: Mánudaginn 16. apríl, Oddi 101, frá kl. 9-12.15

Leiðin til Ríó

Sjálfbær þróun og tækifæri græns hagkerfis

RIO 2012 United Nations Conference on Sustainable Development

Ríó+20 ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verður haldin í júní 2012. Hvar stöndum við á leið til sjálfbærrar þróunar og hverju mun ráðstefnan skila? **Hvað getur Ísland lagt af mörkum?**

Frummælendur: *Svandís Svavarsdóttir* umhverfisráðherra, *Auður Ingólfsdóttir* félagsvísindasviði Háskólans á Bifröst, Dr. *Jón Ágúst Þorsteinsson* Marorku, *Árni Finnsson* Náttúruverndarsamtökum Íslands, *Skúli Helgason* Alþingi, *Lúðvík E. Gústafsson* Sambandi íslenskra sveitarfélaga og *Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* utanríkisráðuneyti.

Pallborð: Umhverfisráðherra og alþingismennirnir *Illugi Gunnarsson, Skúli Helgason, Birgitta Jónsdóttir og Vigdís Hauksdóttir.*

Fundarstjóri: Dr. *Guðrún Pétursdóttir.*

Nánari upplýsingar: www.utanrikisraduneyti.is

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI · UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ · UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Þitt félag

ftr.

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði

Aðalfundur Félags tæknifólks i rafiðnaði verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2012 kl. 17 að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kosning fulltrúa á ársfund Stafa.
Önnur mál.

Stjórnin

www.ftr.is

Ríkið fær 1,8 milljarða í arð frá Landsvirkjun

Rekstrarhagnaður Landsvirkjunar jókst talsvert árið 2011. Fjármálastjóri fyrirtækisins segir skuldastöðu þess viðráðanlega með þeim fyrirvara þó að lokist erlendir fjármagnsmarkaðir gæti hið opinbera þurft að styrkja eigið fé félagsins.

VIÐSKIPTI Rekstur Landsvirkjunar batnaði nokkuð á árinu 2011. Rekstrarhagnaður jókst talsvert en skuldsetning fyrirtækisins er enn mikil eftir fjárfestingar síðasta áratugar. Landsvirkjun kynnti ársreikning sinn fyrir síðasta ár á ársfundi félagsins á fimmtudag.

Þrátt fyrir bætta rekstrarniðurstöðu minnkaði hagnaður Landsvirkjunar talsvert á milli ára. Var hagnaður ársins 26,5 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi 3,4 milljarða króna, samanborið við 72,9 milljóna dala hagnað árið 2010. Munurinn skýrist af óhagstæðri gengisþróun sem breytti talsvert bókfærðu virði raforkusölusamninga fyrirtækisins.

Vegna afkomu ársins mælir stjórn Landsvirkjunar með því að 14 milljónir dala, eða 1,8 milljarðar króna, verði greiddar í arð til ríkissjóðs. Fjögur ár eru liðin frá síðustu arðgreiðslu fyrirtækisins sem var 7,8 milljónir dala.

Eins og áður sagði batnaði rekstrarniðurstaða Landsvirkjunar mikið í fyrra. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 354 milljónum Bandaríkjadala, jafngildi 45 milljarða króna á núverandi gengi. Hækkaði EBITDA því um 16 prósent á milli ára.

Skýrist hækkunin af því að rekstrartekjur hækkuðu verulega umfram rekstrargjöld og hafa tekjurnar aldrei verið hærri í sögu Landsvirkjunar. Rekstrartekjur voru alls 436 milljónir dala sem jafngildir 55,4 milljörðum króna. Til samanburðar voru rekstrartekjur 378 milljónir dala árið 2010 og hafa hæst farið áður í 397 milljónir dala árið 2008.

Helstu áhættuþættir í rekstri Landsvirkjunar eru sem fyrr þróun álverðs, vaxta og gengis gjaldmiðla. Þannig kom fram í máli Rafnars Lárussonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Landsvirkjunar, á ársfundi að þróun álverðs frá áramótum benti til þess að tekjur fyrirtækisins yrðu lægri á þessu ári en því síðasta.

Þá gerði Rafnar skuldastöðu fyrirtækisins að umtalsefni. Vaxtaberandi lán voru alls 2,7 milljarðar dala í lok síðasta árs og var meðallíftími lánasafnsins 7,6 ár. Er Landsvirkjun umtalsvert skuldsettari en sambærileg fyrirtæki í nágrannalöndum Íslands.

Síðustu þrjú ár hefur handbært fé frá rekstri Landsvirkjunar dugað til að standa undir endurgreiðslum lána. Þá sagði Rafnar það sama gilda um fyrirsjáanlegar endurgreiðslur verði ekki ráðist í stórar fjárfestingar. Hann rak þó þann varnagla að Landsvirkjun væri háð aðgengi að langtímafjármagni á mörkuðum. Yrðu aðstæður á lánamörkuðum þannig að fyrirtækið gæti ekki sótt sér langtímafjármagn á viðunandi kjörum þyrfti að skoða þörfina á því að styrkja eigið fé félagsins. Slík innspýting kæmi þá frá íslenska ríkinu. magnusl@frettabladid.is

Í HÖRPU Á FIMMTUDAG Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Hörður Arnarson forstjóri á ársfundi fyrirtækisins á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

3,4 milljarða króna hagnaður varð af rekstri Landsvirkjunar á síðasta ári.

Forsætisráðherra Bretlands fundaði með forseta og stjórnarandstöðu í Búrma:

Cameron vill aflétta þvingunum

BÚRMA, AP David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, vill að Evrópusambandið hætti efnahagslegum þvingunum á Búrma, einnig þekkt sem Mjanmar. Þetta sagði Cameron í gær, en hann er staddur í landinu.

Cameron fundaði bæði með forseta landsins, Thein Sein, og stjórnarandstöðuleiðtoganum Aung San Suu Kyi. Hann sagði eftir fund sinn með forsetanum að það væru merki um breytingar í landinu og rétt væri að bregðast við þessum breytingum. Því væri rétt að draga úr efnahagslegum þvingunum, en það ætti þó ekki við um vopnasölubann sem er í gildi. Cameron talaði aðeins um að létta þvingunum en ekki afnema þær alveg. Suu Kyi segist styðja þessa nálgun á málin. Þannig sé hægt að koma þvingunum á aftur auðveldlega ef þörf krefur.

„Við vitum að enn þarf að gera mjörg margt og forsetinn sjálfur hefur viðurkennt það að meiri breytinga sé þörf. Hið rétta í stöðunni er að umheimurinn hvetji til breytinganna og hafi trú á því að friðsamlegar framfarir í átt að lýðræði geti átt sér stað,“ sagði Cameron.

Evrópusambandið mun ræða um efnahagsþvinganirnar þann 23. apríl næstkomandi. Ef samþykkt verður að hætta þeim mun sambandið líklega þrýsta á Bandaríkin að gera slíkt hið sama. - þeb

CAMERON OG SUU KYI David Cameron fundaði einslega með Aung San Suu Kyi, stjórnarandstöðuleiðtoganum sem nýlega var kosinn á þing, á heimili hennar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HÁGÆÐA HJÓL Á GÓÐU VERÐI

Frí heimsending á hjólum*

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI Á HJÓLUM

28" ARRINA/ARROW

Dömu & herra
Dömu einnig til í hvítu
59.999.-

20" ROCKY/ALISSA

// **Gírar:** 6 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

29.999.-

26" TONUS

// **Gírar:** 18 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // **Gaffall:** Stál // **Aukahlutir:** Stál stell, glitaugu að framan og aftan og í gjörðum, standari //

39.999.-

Hagkaup | heim
Frí heimsending
ef verslað er fyrir 7500 eða meira*

*Aðeins er sent innan höfuðborgarsvæðisins og innan bæjarmarka Akureyrar.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTASKÝRING: Könnun á fylgi stjórnmálaflokka

Varla meirihluti án Sjálfstæðisflokksins

Eini möguleikinn til að mynda ríkisstjórn án þátttöku Sjálfstæðisflokksins er ríkisstjórn allra hinna flokkanna fimm sem ná sæti á Alþingi samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Ný framboð ná samtals átta þingmönnum, en hátt hlutfall kjósenda á enn eftir að gera upp hug sinn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur bætt við sig verulegu fylgi síðustu mánuði samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var í vikunni. Nær óhugsandi væri að mynda starfhæfa ríkisstjórn án aðkomu flokksins yrðu niðurstöður kosninga í takt við útkomu skoðanakönnunarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 29 þingmenn, og þyrftu allir hinir flokkarnir fimm sem ná inn mönnum að mynda ríkisstjórn saman til að flokkurinn komist ekki í ríkisstjórn. Sá meirihluti væri þrátt fyrir aðild fimm flokka fremur veikur, með aðeins 34 þingmenn af 63.

Enn er þó hátt hlutfall kjósenda sem ýmist hefur ekki gert upp hug sinn, eða vill ekki gefa upp hvaða flokkur yrði fyrir valinu þegar í kjörklefann er komið. Alls tóku um 54 prósent þeirra sem haft var samband við afstöðu til einhvers stjórnmálaflokks.

Svo lágt svarhlutfall þýðir að taka verður niðurstöðu könnunarinnar með ákveðnum fyrirvara, þó hún gefi góða hugmynd um hvernig afstaða kjósenda til flokkanna er um þessar mundir.

Almennt hefur lágt svarhlutfall í könnunum verið tengt óánægju kjósenda með þá stjórnmálaflokka sem í boði eru, og með stjórnmálin almennt. Svarhlutfallið í könnun Fréttablaðsins er þó talsvert hærra en skömmu eftir hrun, þó það nái ekki þeim 65 prósentum sem algengt var fyrir hrun.

Fleiri styðja Sjálfstæðisflokkinn

Stuðningur við stóru flokkana fjóra; Sjálfstæðisflokk, Framsóknarflokk, Samfylkingu og Vinstri græna, hefur í öllum tilvikum aukist frá síðustu könnun, þó mismikið sé. Þetta skýrist að hluta með fylgistapi Samstöðu, flokks Lilju Mósesdóttur, frá síðustu könnun.

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur nú stuðnings 42,6 prósenta þeirra sem afstöðu taka til einhvers stjórnmálaflokks í könnun Fréttablaðsins. Könnunin var gerð dagana 11. og 12. apríl.

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn eykst verulega milli kannanna. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrri hluta febrúar mældist flokkurinn með 35 prósent atkvæða. Aukning á fylgi flokksins er enn meiri sé litið til kjörfylgis hans í síðustu kosningum. Þá fékk flokkurinn 23,7 prósent atkvæða. Samkvæmt könnuninni hefur stuðningur við flokkinn aukist um nærri 19 prósentustig frá kosningunum 2009.

Fengi Sjálfstæðisflokkurinn stuðning 42,6 prósenta kjósenda í kosningum myndi það skila flokknum 29 þingsætum. Það er næstum tvöföldun á þingstyrk flokksins, sem er með 16 þingmenn í dag.

Samfylkingin bætir örlítið við fylgi sitt frá síðustu könnun, en er engu að síður með innan við helming af þeim stuðningi sem flokkurinn fékk í síðustu kosningum. Um 14,8 prósent segjast myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í febrúar mældist fylgið 12,3 prósent. Flokkurinn fékk 29,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum.

Þingstyrkur stjórnar helmingaður

Samfylkingin fengi samkvæmt þessari niðurstöðu tíu þingmenn kjörna, helming þeirra 20 sem flokkurinn er með í dag.

Framsóknarflokkurinn er nú svipaður að stærð og Samfylkingin, en nýtur þrátt fyrir það ekki jafn afgerandi fylgisaukningar og Sjálfstæðisflokkurinn.

Um 14,6 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú, svipað hlutfall og í síðustu kosningum þegar flokkurinn fékk 14,8 prósent atkvæða. Í síðustu könnun mældist Framsóknarflokkurinn með 12,5 prósenta stuðning og aukningin um tvö prósentustig.

Þessi stuðningur myndi skila flokknum níu þingmönnum, einum færri en hann er með í dag.

Vinstri grænir eru hvergi nærri því að ná kjörfylgi sínu, og mælast aðeins með stuðning 8,6 prósenta kjósenda. Það er örlítil aukning frá síðustu könnun, þegar stuðningurinn mældist 8 prósent, en aukningin er innan skekkjumarka. Flokkurinn fékk 21,7 prósenta stuðning í síðustu kosningum, og hefur fylgið því dalað um 13,1 prósentustig.

Vinsti grænir fengju samkvæmt þessu helming þess þingstyrks sem þeir eru með í dag, eða sex þingmenn kjörna.

Ný framboð ná átta á þing

Tvö ný framboð myndu ná mönnum á þing yrðu niðurstöður þingkosninga í samræmi við könnun Fréttablaðsins. Alls sögðust 7,2 prósent styðja Bjarta framtíð, sem er aukning um 1,1 prósentustig frá síðustu könnun. Flokkurinn fengi samkvæmt því fjóra þingmenn.

Stuðningur við Samstöðu hrynur frá síðustu könnun. Þá mældist flokkurinn með 21,3 prósenta fylgi, en aðeins 6 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú. Það fylgi myndi duga til að ná fjórum mönnum á þing.

Önnur framboð virðast ekki hafa náð hylli kjósenda. Hægrigrænir fengju atkvæði 2,3 prósenta kjósenda samkvæmt könnuninni. Dögun, sameiginlegt framboð Hreyfingarinnar, Borgarahreyfingarinnar, Frjálslyndra og fleiri, nýtur stuðnings 2,1 prósents kjósenda. Minnstur mælist stuðningur við Lýðfrelsisflokkinn, um 0,9 prósent.

Nýju framboðin njóta samanlagt talsverðrar hylli meðal almennings, og fengju samtals 18,5 prósent atkvæða. Vegna þess hversu atkvæðin dreifast á marga flokka myndu þau skila þeim hlutfallslega fáum þingmönnum miðað við atkvæðamagn.

Margir enn óákveðnir

Enn er talsverður hluti kjósenda sem ekki gefur upp afstöðu til stjórnmálaflokka. Um tíu prósent þeirra sem hringt var í sögðust ekki hafa gert upp hug sinn. Um sextán prósent sögðust ekki ætla að kjósa, eða ætla að skila auðu. Um 20 prósent vildu ekki svara spurningunni.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



Fylgi stjórnmálaflokkanna



Aðferðafræðin

Hringt var í 800 manns 11. og 12. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 53,9 prósent afstöðu.

Spurt er með þessum hætti til að hámarka fjölda þeirra sem tekur afstöðu til spurningarinnar. Aðferðafræðin er þróuð af sérfræðingum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Síðasta spurningin er hönnuð af þeim til að draga úr mældu fylgi Sjálfstæðisflokksins, sem hefur sögulega yfirleitt mælst með meiri stuðning í skoðanakönnunum en hann fær í kosningum.

54% þeirra sem þátt tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins tóku afstöðu til einhvers stjórnmálaflokks.

Afstaða allra

Við útreikning á niðurstöðum skoðanakannana er almennt litið til þeirra sem afstöðu taka, og reiknað með því að þeir sem ekki taki afstöðu dreifist með svipuðum hætti á flokkana þegar í kjörklefann er komið. Hér að neðan má sjá niðurstöður könnunarinnar áður en þessari aðferðafræði hefur verið beitt.

Framsóknarflokkurinn	7,9%
Björt Framtíð	3,9%
Samstaða	3,2%
Sjálfstæðisflokkurinn	22,9%
Dögun	1,1%
Hægri-grænir	1,2%
Lýðfrelsisflokkurinn	0,5%
Samfylkingin	8,0%
Vinstri græn	4,6%
Annar flokkur	0,5%
Kýs ekki/skila auðu	15,6%
Óákveðin(n)	10,3%
Svara ekki	20,2%

Heldur fleiri taka afstöðu til flokka

Hlutfall þeirra sem taka afstöðu til stjórnmálaflokka í könnun Fréttablaðsins



BÍLATÓNAR

Í TILEFNI AF VORKOMU OG VAXANDI BÍLASÖLU ÆTLAR KARLAKÓR REYKJAVÍKUR AÐ HEIMSÆKJA OKKUR Í DAG MILLI KL. 12-16

OPIN ÆFING KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR

Það er alltaf gaman að skoða nýja bíla en í dag verður það sérlega skemmtilegt því Karlakór Reykjavíkur, eins og hann leggur sig, verður með opna æfingu í sýningarsölum okkar **milli kl. 12-16**. Gestum gefst kostur á að hlusta á kórinn æfa vordagskrána sína á meðan þeir skoða úrval nýrra og glæsilegra bíla.

Við vonumst til að fá sem flesta í heimsókn og bjóðum upp á kaffi og meðlæti.

Hyundai i30
Verð frá 3.190 þús. kr.

Eyðsla frá 4,1l/100km í blönduðum akstri.
CO_2 útblástur frá 109 g/km.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

NÝR QASHQAI DÍSIL

Ný dísilvél eyðir aðeins frá **4,6 l/100 km** sem er með því allra lægsta sem þekkist í fjórhjóladrifnum sportjeppum.

dCi

TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Líttu inn í kaffi, spjall og reynsluakstur. Við tökum höfðinglega á móti þér.

BL

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM61823

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1968

Aðalfundur
Félags Rafeindavirkja

Aðalfundur Félags Rafeindavirkja verður haldinn mánudaginn 23. apríl 2012 kl. 17:30 að Stórhöfða 27, gengið inn að neðanverðu. (húsnæði Rafiðnaðarskólans)

Dagskrá:

- Kynning: Raftækniskólinn – Valdemar Gísli
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning fulltrúa á ársfund Stafa lífeyrissjóðs
- Önnur mál

Kveðja, Stjórnin

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
BYLGJAN 989
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

Rúmlega þrítugum manni gefin að sök tvö alvarleg brot með árs millibili:

Ákærður fyrir nauðgun og brennu

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært ríflega þrítugan mann frá Höfn í Hornafirði fyrir brennu og nauðgun. Brotin sem hann er ákærður fyrir voru framin með um árs millibili. Hann neitar allri sök.

Manninum er gefið að sök að hafa lagt eld að geymsluhúsnæði í bænum í september 2010. Geymslan brann til grunna.

Töluverðan tíma tók að vinna svokallaða almannahættuskýrslu fyrir eldsvoðann, sem skýrir af hverju ekki er ákært fyrir brotið fyrr en nú. Niðurstaða rannsóknarinnar var að eldurinn hefði skapað almannahættu og því er ákært fyrir brennu. Við slíku broti liggur minnst tveggja ára fangelsisvist.

Maðurinn er svo sakaður um að hafa nauðgað konu á staðnum í fyrrahaust. Hann neitar því alfarið, og neitar því jafnframt að hafa kveikt í geymslunni.

Aðalmeðferð verður í málinu fyrir Héraðsdómi Austurlands á Höfn í Hornafirði 14. maí.

- sh

HÖFN Í HORNAFIRÐI Maðurinn neitar alfarið sök.

Svik kirkjumálaráðherra:

Svindlaði á munaðarlausum börnum

DANMÖRK Manu Sareen, kirkjumálaráðherra Danmerkur, lofaði árið 2007 að senda þrjár danskar krónur af hverju seldu eintaki af barnabók sinni, Iqbal Farooq og kronjuvelerne, til barnaheimilis í Indlandi.

Samkvæmt frétt á vef Berlingske Tidende hefur ráðherrann aðeins sent um 2.000 danskar krónur alls eða tæpar 50 þúsund íslenskar krónur. Miðað við seld eintök hefðu fátæku börnin, sem flest eru munaðarlaus, átt að vera búin að fá rúmlega 23 þúsund danskar krónur eða um hálfa milljón íslenskra króna.

Ráðherrann lofar að standa við loforð sitt og senda börnunum peningana.

- ibs

HJÓNIN Bo og Gu bjuggu í Chongqing þar sem Bo var leiðtogi flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morð vekur athygli á valdabaráttu

Stjórnmálamaður í Kína var sviptur öllum embættum innan Kommúnistaflokksins í kjölfar morðásakana. Talið tengjast valdabaráttu innan flokksins.

FRÉTTASKÝRING

Er morðmál hluti af valdabaráttu innan kínverska Kommúnistaflokksins?

Morð á breskum kaupsýslumanni hefur undanfarnar vikur komið mikilli valdabaráttu í Kommúnistaflokknum í Kína í sviðsljósið. Háttsettur maður innan flokksins, Bo Xilai, var sviptur öllum embættum sínum á þriðjudag og tilkynnt var að eiginkona hans væri grunuð um aðild að morði. Talað er um málið sem stærsta stjórnmálahneyksli Kína í rúmlega tuttugu ár. Ástandið sem nú varir er óvenjulegt og hafa sumir sérfræðingar leitt líkum að því að málið eigi rætur að rekja til komandi valdaskipta.

Málið hófst með dauða kaupsýslumannsins Neils Heywood, sem hafði búið í Kína í um tíu ár. Heywood fannst látinn á hótelherbergi í borginni Chongqing í nóvember í fyrra. Lögregla sagði hann hafa látist vegna ofneyslu áfengis og var sú útskýring tekin trúanleg af fjölskyldu hans og breskum yfirvöldum.

Heywood er sagður hafa verið vinur eiginkonu Bo, Gu Kailai, og sonar þeirra, Bo Guagua.

Í febrúar komst Bo Xilai í fréttir, þegar Wang Lijun, aðstoðarborgarstjóri og lögreglustjóri í Chongqing flúði á skrifstofur bandaríska sendiráðsins í borginni Chengdu og sótti þar um hæli. Hann óttaðist um öryggi sitt. Hann hafði verið náinn samstarfsmaður Bo en var lækkaður í tign í janúar eftir að hann greindi Bo frá því að verið væri að rannsaka mál fjölskyldunnar, en ýmsar sögusagnir um ríkidæmi þeirra og líferni höfðu verið lífseigar. Wang hélt því fram þegar hann sótti um hæli að Neil Heywood hefði verið myrtur. Í kjölfar þess báðu bresk stjórnvöld um að rannsókn yrði hafin aftur og það var gert.

Á þriðjudag var svo greint frá því að Gu hefði verið handtekin og færð í varðhald ásamt starfsmanni á heimili þeirra hjóna. Þau eru grunuð um morðið á Heywood. Bo hafði þegar verið sviptur leiðtogastöðunni, en á þriðjudag var honum einnig vikið úr stjórnmálaráðinu vegna „alvarlegra agabrota“.

Skipt verður um forystu í Kommúnistaflokknum í haust, en það er gert á tíu ára fresti. Venjulega fara slík valdaskipti fram í friði, enda Kommúnistaflokknum mikið í mun að sýnast sameinaður og sterkur.

Forystu Kommúnistaflokksins er oft skipt í tvo hópa, sem nú eru sagðir í mikilli valdabaráttu. Í öðrum hópnum er forsetinn Hu Jintao, forsætisráðherrann Wen Jiabao og stuðningsmenn þeirra. Í hinum hópnum eru aðallega stjórnmálamenn frá Shanghai, og verndari þeirra er Jiang Zemin fyrrverandi forseti. Í þessum hópi var Bo Xilai.

Fram að þessu máli hafði verið talið líklegt að Bo yrði hækkaður í tign á fundinum í haust og kæmist í níu manna fastanefnd stjórnmálaráðsins, sem er æðsta stofnun flokksins, en Bo átti sæti í því. Hann var vinsæll leiðtogi flokksins í borginni Chongqing og vakti athygli fyrir aðgerðir sínar gegn skipulagðri glæpastarfsemi og fyrir að endurvekja gamla kommúníska söngva og sögur. Hann var umdeildur vegna þessara mála og þrátt fyrir vinsældir átti hann líka marga óvini. Ekki er vitað hvort hann verði ákærður fyrir spillingu vegna afskipta sinna af rannsókn á fjölskyldunni.

thorunn@frettabladid.is

NÝSKÖPUN ARÞING 2012

STJÓRNUN NÝSKÖPUNAR

Nýsköpunarþing Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Íslandsstofu og Nýsköpunarsjóðs verður haldið miðvikudaginn 18. apríl nk. kl. 8:30–10:30 á Grand hótel Reykjavík. Á þinginu verða flutt erindi undir yfirskriftinni STJÓRNUN NÝSKÖPUNAR. Nýsköpunarverðlaun Íslands 2012 verða afhent. Húsið opnar kl. 8:15 með léttum morgunverði.

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS
rannís
ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

DAGSKRÁ 8:30–10:30

Ávarp
Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra

Langhlaup nýsköpunar
Svana Helen Björnsdóttir forstjóri Stika og formaður Samtaka iðnaðarins

Alþjóðlegt fyrirtæki úr litlu landi
Davíð Helgason, forstjóri Unity Technologies

Stjórnun í skapandi umhverfi
Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins

Stöðugar umbætur í áliðnaði
Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa á Íslandi

Tónlistaratriði
Skólakór Kársness

Nýsköpunarverðlaun Íslands 2012 afhent

Fundarstjóri er Aðalheiður Jónsdóttir, kynningarstjóri Rannís

Skráning fer fram á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands www.nmi.is eða í síma 522 9000.

Viðhorfskönnun íbúa:

Telja innbrot mesta vandann

LÖGREGLUMÁL Tæp 44 prósent segja innbrot mesta vandamálið í sínu hverfi samkvæmt niðurstöðum könnunar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um viðhorf almennings til lögreglu.

Tæplega 20 prósent nefndu umferðarlagabrot. Tæp 14 prósent nefndu eignaspjöll og fleiri nefndu fíkniefnaneyslu sem mesta vandamálið í sínu hverfi.

Þá sögðust yfir 88 prósent íbúa mjög eða frekar öruggir einir á gangi að næturlagi í sínu hverfi.

Rannsókn sýnir að bavíanar geta lært að þekkja fjögurra stafa orð á tölvuskjá:

Reyndur bavíani þekkir 300 orð

VÍSINDI Bavíanar geta lært að þekkja orð með allt að fjórum stöfum frá fjögurra stafa stafarugli, þó þeir viti ekki hvað orðin þýða. Hæfileikaríkasti bavíaninn í nýrri rannsókn þekkir um 300 orð.

Rannsóknin var gerð á tilraunastofu, og tók hópur bavíana þátt. Aparnir voru ekki neyddir til þátttöku, heldur gátu þeir sjálfir ákveðið hvort og hvenær þeir vildu leysa þrautir.

Tíu snertiskjám var komið fyrir á svæði apanna, sem þeir gátu skoðað þegar þeim hentaði. Á skjánum birtist fjögurra stafa orð. Bavíanarnir áttu svo að segja til um hvort stafirnir fjórir mynduðu raunverulegt orð, eða hvort þeir væru stafabrengl. Þegar þeir svöruðu rétt fengu þeir verðlaun.

Bavíanarnir lærðu smátt og smátt að þekkja orðin. Þeir urðu sífellt betri í að ákvarða hvað var orð og hvað var stafabrengl.

Reyndasti bavíaninn þekkir nú um 300 orð, en aðrir færri. Vísindamennirnir sem standa að rannsókninni segja ekki koma á óvart að gáfnafar apanna sé misjafnt, alveg eins og meðal mannfólksins. - bj

TÓKU ÞÁTT Bavíanarnir í rannsókninni réðu því sjálfir hvort og hvenær þeir tóku þátt, og lögðu sig því alla fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HOLLANDE Í HEIMSÓKN François Hollande, forsetaframbjóðandi sósíalista í Frakklandi, heimsótti hárgreiðsluskóla í Clermont-Ferrand á fimmtudaginn og ræddi við nemendur og kennara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GAGNAFLUTNINGAR Með 4G margfaldast flutningsgeta og hraði í fjarskiptanetum frá því sem er í 3G þjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útboð PFS á tíðnisviðum:

4G gæti komið fyrir árslok

SAMSKIPTI Mögulegt er að 4G farnetsþjónusta standi Íslendingum til boða undir lok þessa árs eða í byrjun þess næsta.

Á vef Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) segir að síðar á árinu verði úthlutað tíðnum fyrir 4G þjónustu á Íslandi. Það verður gert með uppboði og verður 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum úthlutað fyrst.

Á vef PFS er vakin athygli á því að hafa þurfi í huga við kaup á tækjum með 4G möguleikum að tíðnisvið eru ekki samræmd um allan heim. Þannig munu 4G-tæki sem framleidd eru fyrir Evrópumarkað ekki virka í Bandaríkjunum og Kanada. - þj

Fékk greiðslur frá Rússum:

Saka prófessor um njósnir

DANMÖRK Timo Kivimäki, finnskur prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, hefur verið ákærður fyrir njósnir fyrir Rússa. Prófessorinn vísar sakargiftum á bug samkvæmt frásögn danskra fjölmiðla.

Hann segist hafa fengið greiðslur fyrir faglega greiningu og röksemdafærslu varðandi öryggismál fyrir menn sem hann taldi vera venjulega starfsmenn rússneska sendiráðsins, alveg eins og hann hafi gert fyrir fjölmarga aðra erindreka og ríkisstjórnir.

Kivimäki kveðst þó einu sinni hafa verið efins í samskiptum við Rússana. - ibs

Foreldrar handteknir:

Ráku illa anda úr dóttur sinni

SVÍÞJÓÐ Þegar foreldrar 10 ára stúlku í Borås í Svíþjóð báðu yfirvöld árið 2008 um fjárhagsaðstoð til þess að fara með hana til Kongó, þaðan sem þeir voru, í því skyni að láta reka úr henni illa anda, komu yfirvöld stúlkunni fyrir á fósturheimili.

Það var ekki fyrr en í fyrra sem stúlkan greindi frá því að foreldrarnir hefðu áður sjálfir beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi til þess að reka úr henni illa anda.

Eitt skiptið þurfti að flytja barnið á sjúkrahús vegna ofbeldis föðurins. Hann skipaði litlu stúlkunni að segja að skólakrakkar hefðu verið að verki. Foreldrarnir hafa nú verið handteknir. - ibs

Virkjum nýsköpunarkraftinn

Arion banki vill vinna að því að byggja upp fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Arion banki Nýsköpun er vettvangur sem er ætlað að leysa úr læðingi þann mikla nýsköpunarkraft sem býr í Íslendingum.

Nýsköpun námskeið

17. apríl | Nýsköpun og að virkja hugmyndina
2. maí | Nýsköpun og verkefnið
16. maí | Nýsköpun og framkvæmdin

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is/nyskopun

Í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands þá býður Arion banki upp á þrjú námskeið til að auðvelda fyrstu skrefin í að þróa og vinna áhugaverðar hugmyndir. Á námskeiðunum fara þeir Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur Arion banka í nýsköpun, og Dr. Hannes Ottósson, frá Nýsköpunarmiðstöðinni, yfir hvernig hugmyndir geta orðið að veruleika.

Arion banki vill með margvíslegum hætti efla nýsköpun í landinu. Að virkja fólk með góðar hugmyndir er aðeins einn liðurinn í viðleitni bankans til að byggja upp sterkara atvinnulíf. Á næstu mánuðum mun bankinn kynna frekari skref í þessa átt.

Við hugsum um framtíðina.

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvægt að hlusta á gagnrýni og nota hana:

Kirkjan er ekki fórnarlamb

Þjóðkirkjan á Íslandi hefur sætt meiri gagnrýni undanfarin ár en áður hefur tíðkast. Á því eru ýmsar skýringar. Meðal annars vegna þess að hér er nú ástunduð gagnrýnin umræða í meira mæli en fyrir nokkrum áratugum. Þar er ekkert undanskilið, ekki heldur kirkjan eða forsetinn svo dæmi séu tekin af stofnunum samfélagsins sem lengi þóttu hafnar yfir gagnrýni.

Í íslensku samfélagi ríkir nú mun meiri fjölbreytileiki en áður af ýmsum ástæðum. Menntunarstig þjóðarinnar hefur aukist, fleiri hafa dvalið langdvölum erlendis og kynnst nýjum hugmyndum. Fólk hefur flutt til Íslands hvaðanæva að með margbreytilega menningu í farteskinu. Þessi þróun hefur svo sannarlega verið íslensku samfélagi til góðs. Um það hljóta flestir að vera sammála sem muna einsleitnina sem hér ríkti allar götur fram um 1980.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Þjóðkirkjan hefur ekki sömu sjálfgefnu stöðu í lífi fólks og hún hafði áður. Þá stöðu mun hún heldur ekki endurheimta. Til þess er samfélagið of breytt. Þetta á þó á engan hátt að þýða endalok kirkjunnar. Þvert á móti felast tækifæri í þessum breytingum.

Hvernig sem skipast um stjórnsýslulega stöðu íslensku þjóðkirkjunnar er ólíklegt annað en að hún muni skipa höfuðsess í trúarlífi og hefðum þjóðarinnar áfram um góða hríð. Kirkjan og kirkjulegar athafnir eru verulegur þáttur í lífi fólks og partur af menningu þjóðarinnar.

Engu að síður er það svo að til viðbótar við breytta stöðu kirkjunnar hafa kynferðisbrot og viðbrögð, eða öllu heldur viðbragðaleysi við þeim, gert að verkum að margir telja sig ekki eiga sömu samleið með kirkjunni og áður og vegna þess að við búum í frjálsu samfélagi þá á fólk þess kost að yfirgefa kirkjuna og finna trúarlífi sínu annan farveg, nú eða engan farveg.

Kirkjan verður að hlusta á þessa gagnrýni, mæta með kærleika og nýta hana til uppbyggingar fremur en að skella við henni skollaeyrum, jafnvel þótt hún geti að mati kirkjunnar manna verið óvægin. Fórnarlambsvæðing er ekki heldur vænleg til árangurs. Það er til dæmis fjarstæða að halda því fram að ástundaður sé skefjalaus áróður gegn kirkjunni, kristnum sið og trúarhefðum í íslensku samfélagi eins og biskup kaus að fagna upprisunni með því að gera. Eða að halda því fram að íslenskir unglingar megi þola andróður og svívirðingar frá umhverfinu fyrir það að fermast. Vissulega hefur lengi verið rætt um að heppilegra væri að unglingar væru eldri þegar þeir fermdust, auk þess sem veraldlegt tilstand kringum fermingar hefur verið gagnrýnt. Hitt blasir þó við að langflestir Íslendingar fagna á hverju vori af heilum hug fermingu með nákomnum unglingi.

Eins og biskup benti á í páskadagspredikun sinni þá heldur stór hluti þjóðarinnar tryggð við hinn kristna sið, mikill meirihluti hennar raunar, svo því sé til haga haldið. Það er því alger óþarfi að gera íslensku þjóðkirkjuna að fórnarlambi í umræðunni. Þess gerist ekki þörf.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

„Eitthvert helvítis auðvaldsraskat“

Já ég meinti það. Eitthvert helvítis auðvaldsraskat verður að vera. Á einhverju verður að sitja.“ Þetta voru orð Íslandsbersa eftir að bolsévíkinn hafði minnt á hugsjón sína um „ríkisauðvald“ í orðræðu þeirra í Guðsgjafaþulu um sjávarútvegsstefnu þess tíma.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Menn hafa sem sagt áður skipst í hópa eftir því hvaða hugmyndafræði ætti að fylgja við stjórn atvinnulífsins. Flestir héldu að vísu að ríkisauðvaldshugsjónin hefði fjarað út. En nú birtist hún þing eftir þing í sjávarútvegsfrumvörpum ríkisstjórnarinnar.

Ágreiningurinn er í sjálfu sér einfaldur þó að viðfangsefnið sé flókið og fáir botni í umræðunni. Ríkisstjórnin og þeir sem henni fylgja að málum telja að best fari á því að stjórnmálamenn ráðstafi tekjum sjávarútvegsins. Móthaldsmenn hennar í Sjálfstæðisflokknum telja á hinn bóginn að markaðslögmálin eigi við í þessari atvinnugrein eins og öðrum.

Í engu öðru vestrænu ríki eru uppi viðlíka hugmyndir um ríkisforsjá í höfuðgrein atvinnulífsins. Einu gildir hvort þar sitja vinstri eða hægri stjórnir. Að þessu leyti hafa hugmyndafræðilegar deilur færst meira en hálfa öld aftur í tímann. Meginástæðan fyrir því er sú að hér er enginn flokkur frjálslyndra jafnaðarmanna lengur starfandi; aðeins tveir vinstri sósíalískir flokkar í ríkisstjórn.

Tillögur ríkisstjórnarinnar eiga ekkert skylt við hugmyndir Samfylkingarinnar frá þeim tíma að hún fylgdi frjálslyndri jafnaðarstefnu. Þær byggðu á uppboði aflaheimilda og fólu á vissan hátt í sér harðari markaðshyggju en núverandi kerfi. Samkvæmt þeim hugmyndum átti að víkja upphaflegri veiðireynslu útgerða í einstökum byggðarlögum til hliðar. Þeir fjársterkustu áttu að hreppa gæðin á uppboði.

Fiskurinn og heimilin

Í fullu samræmi við þá afsökun Jóhönnu Sigurðardóttur gagnvart þjóðinni að Samfylkingin hefði áður fylgt frjálslyndri jafnaðarstefnu hefur blaðinu verið snúið við. Þingmeirihlutinn ætlar nú að ráðstafa arði atvinnugreinarinnar og hlutast sem mest til um það hverjir geri út og hvar.

Þetta er sagt leiða af því að litið er á fiskimiðin sem sameign þjóðarinnar. Fyrri tillögur voru líka sagðar leiða af því. Með engu móti er unnt að fá þær fullyrðingar til að ríma.

Í þessu ljósi er lítt skiljanlegt hvers vegna móthaldsmenn ríkisstjórnarinnar á Alþingi skuli ekki draga umræðuna í ríkari mæli en verið hefur að þessum útgangspunkti um sameign þjóðarinnar. Hann merkir að það eru ekki hagsmunir einstakra útgerða, útgerðarstaða eða þeirra sem vilja komast nýir inn í atvinnugreinina sem átökin eiga að snúast um.

Spurningin sem þarf að svara er þessi: Hvor leiðin, „ríkisauðvald“ eða markaðshyggja, er líklegri til að skila heimilunum hærri ráðstöfunartekjum?

Forsætisráðherra hefur hafnað að ræða álit og greinargerðir hagfræðinga á þessum tveimur mismunandi leiðum. Ástæðan er sú að fordómar í garð útgerðarmanna ráða meir en hagsmunir heimilanna.

Ríkisstjórnin ætlar að vinna umræðuna með því að láta hana snúast um fordóma. Því er nú afar brýnt að móthaldsmenn ríkisstjórnarinnar á Alþingi láti ekki draga sig inn í umræðu á því plani. Þeir verða að tryggja að umræðan byggi á þekkingarlegum grundvelli og snúist um hag heildarinnar og heimilanna.

„Á einhverju verður að sitja“

Fordómar efnahagsráðherrans og forsætisráðherrans koma til að mynda fram í hneykslunarkenndum staðhæfingum um að í núverandi kerfi leiti fjármagn út úr atvinnugreininni. Þetta á að stöðva. En á hvaða hugsun byggir þessi hneykslan? Ef hagsmunir heimilanna eiga að ráða er það einmitt sú krafa sem gera þarf til sjávarútvegsins.

Undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þarf að skila umtalsverðum arði. Hann þarf svo að flæða út um allt atvinnulífið í nýjum fjárfestingum og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Þegar betur er að gáð er það fyrst og fremst hneyksli ef þetta gerist ekki. Spurningin snýst um það hvort sjávarútvegurinn á að vera eins konar lokað hólf í þjóðarbúskapnum eða samtvinnaður öðrum þráðum sem mynda þann vef.

Auðvelt er að reikna út að arðsemi í sjávarútvegi muni minnka vegna þess að ríkisstjórnin ætlar að kosta fleiri krónum til að veiða hvert tonn með því að fjölga bæði fiskiskipum og sjómönnum. Hitt er erfiðara að reikna út hvort stjórnmálamenn eru líklegri til að ávaxta arðinn betur en markaðurinn. En þar getur reynslan talað.

Íslandsbersi sagði að á einhverju yrði að sitja. Það er óumdeilt. En dómur sögunnar um ríkisauðvaldshugsjónina sem nú er boðuð eftir áratuga hlé segir að hún sé ekki góð sessa fyrir hag heimilanna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Við bjóðum framkvæmdalán

6,25% óverðtryggðir vextir* og engin lántökugjöld

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán til endurbóta á húsnæði. Lánin eru óverðtryggð skuldabréfalán með breytilegum vaxtakjörum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

Kynntu þér framkvæmdalán á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 13.04 2012

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2013

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir framkvæmdir á árinu 2012.

Kynntu þér málið á www.allirvinna.is.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

FINNSKU ÁVAXTATRÉN eru komin í hús!

Kirsuberjatré



Plómutré



Perutré

Óstrúlegt úrval!

Nú er tækifærið!

Spjallið við sérfræðinga - og garðáhugafólkið á

Við verðum á staðnum með góðu ráðin!

Er mosi í grasflötinni?

Sjáið hvernig turbokalkið vinnur með áburðinum við að útrýma mosa í grasflöt. Sérfræðingur frá Fóðurblöndunni verður með kynningu.

Ræktun kryddjurta

Ingólfur á Engi verður með ráðgjöf milli 14.00 og 16.00 laugardag. Hinni kokkur gefur góðar uppskriftir af pestó, marineringum o.fl..

Ingólfur á Engi

Hinni kokkur

Lærðu að búa til gróðurmold úr garðúrganginum

Guðrún Helga kennari við Garðyrkjuskóla ríkisins verður með fræðslu um safnhaugagerð á sunnudeginum frá kl. 13.00.

Guðrún Helga

Allt um sáningu grænmetis og sumarblóma

Guðbjörg Kristjánsdóttir verður með ráðgjöf milli 14.00 og 16.00 laugardag og sunnudag. Börnin fá að sá fræi í pott.

Guðbjörg

Eymundur bóndi verður til skrafs og ráðagerða

Eymundur bóndi á Vallarnesi verður til skrafs og ráðagerða laugardag og sunnudag frá 13.00 – 16.00

Eymundur

Tækjaleigan fagnar vorinu með 20% afslætti á leigutækjum

Eplatré

Ávaxtaræktun er málið í dag!

Carl Gränz formaður Ávaxtaklúbbs G.Í. verður til skrafs og ráðagerða milli kl. 13.00 og 16.00 laugardag og sunnudag.

Vorgleði Garðheima

um helgina

FULLT AF SPENNANDI TILBOÐUM svo sem:

nánar á www.gardheimar.is

TAX FREE afsláttur

af öllum grillum

föstudag til sunnudags

Garðheimar standa að sjálfsögðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

GARÐHEIMAR

ÍSLENSKA
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKIÐ

Útilegukortið

Ferðaþjónusta

Arnar Barðdal
stjórnarformaður Útilegukortsins

Steinar Berg, ferðaþjónustubóndi að Fossatúni, ritaði grein í Fréttablaðið þann 12. apríl sl. undir yfirskriftinni niðurgreidd ferðaþjónusta. Grein Steinars er einhvers konar ákall til stéttarfélaga um að hætta kaupum á Útilegukortinu til sinna félagsmanna. Í grein Steinars kemur fram misskilningur sem við teljum nauðsynlegt að leiðrétta.

Steinar fullyrðir að á fimmta tug tjaldsvæða séu á kortinu og flest þeirra á vegum sveitarfélaga sem niðurgreiða reksturinn. Í Útilegukortinu eru 44 tjaldsvæði sem korthafar hafa nær ótakmarkaðan aðgang að, þar af eru 67% tjaldsvæðanna í rekstri einkaaðila rétt eins og Steinars. Algengt er að sveitarfélög bjóði út rekstur tjaldsvæða, og þó svo að tjaldsvæði beri heiti sveitarfélagsins þýðir það ekki að sveitarfélagið sjái um rekstur þess. Það má einnig benda á að af máli Steinars má skilja að tjaldsvæði sem rekin eru af sveitarfélögum séu ekki uppbyggð af sama metnaði og helstu tjaldsvæði landsins, sem byggð hafa verið upp undanfarin ár, eins og þau tjaldsvæði sem eru í Útilegukortinu séu ekki ein af helstu tjaldsvæðum landsins.

Útilegukortið hefur á að skipa fjölbreyttum tjaldsvæðum og eru flest þeirra vel samkeppnisfær við annars mjög glæsilegt tjaldsvæði sem Steinar hefur byggt upp í Fossatúni.

Steinar fullyrðir að margir kaupendur Útilegukortsins séu erlendir ferðaskipuleggjendur sem koma með marga hópa húsbílafólks og að þessir aðilar kaupi t.d. 20 kort sem þeir nota fyrir hópinn. Að loknu ferðalagi séu sömu kortin notuð aftur fyrir næsta hóp. Þannig séu kortin misnotuð aftur og aftur. Við höfum því miður engin staðfest dæmi um slíka misnotkun sem Steinar bendir á, en viljum taka fram að hvert kort er merkt með nafni eiganda kortsins, sem eigandi á að framvísa með skilríkjum við komu á tjaldsvæði. Með þessu á að vera komið í veg fyrir slíka misnotkun. Ef einhverjum tekst að misnota kortið þá liggur tjónið hjá Útilegukortinu en ekki Steinari Berg.

Síðan Útilegukortið kom fyrst út árið 2007 hafa stéttarfélög í auknum mæli boðið kortið til félagsmanna sinna rétt eins og stéttarfélög niðurgreiða ferðakostnað og leigja út sumarbústaði til félagsmanna sinna. Leiga sumarbústaða er í þessu sambandi einnig niðurgreidd af stéttarfélögum. Það er því fullkomlega eðlilegt að stéttarfélög komi til móts við þann stóra hóp Íslendinga sem ferðast vill innanlands og gista á tjaldsvæðum.

Að lokum viljum við benda á að Útilegukortið gefur fleiri kost á að ferðast á ódýran og hagkvæman hátt um landið og er það markmið Útilegukortsins að bæta ávallt þjónustuna við viðskiptavini sína. Vinsældir Útilegukortsins hafa verið miklar sem endurspeglast í auknum fjölda tjaldsvæða sem óskar eftir að vera þátttakendur í Útilegukortinu og komast færri að en vilja. Við viljum einnig nota tækifærið og bjóða Steinari að koma til viðræðna við okkur um að vera með þeirri stóru ferðafjölskyldu sem Útilegukortið er.



Kynslóðasátt - Leiðréttingarsjóður verðtryggðra húsnæðislána

Fjármál

Guðmundur Franklín Jónsson
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins
Seinni grein

Eins og ég rakti í fyrri grein minni um að fara bandarísku leiðina sem lausn á skuldavanda heimilanna m.a. með því að lengja í lánum er hægt að fara milliveginn í þessum efnum og bjóða lengstu óverðtryggðu húsnæðislánin til 75 ára, sem gætu verið í boði hjá fyrirhuguðum Afskriftasjóð verðtryggðra húsnæðislána. Sjá töflu:

- Heildartekjur heimilis eru 700.000 kr. í þessu dæmi.
- Öll lán eru jafngreiðslulán og höfuðstóll lækkar við hver mánaðamót.
- Lán gætu boðið upp á endurskoðun á 5 ára fresti v/ breytilegrar greiðslugetu heimilis.
- Lengri lánagreiðslur eru sambærilegar og leigutekjur.
- Sjóðurinn verður kominn í hagnað á níunda ári eða fyrr, miðað við núverandi verðbólgumarkmið 2,5%.

Í þessum tillögum Hægri grænna, flokks fólksins, töldum við eðlilegt að miða við lengsta flokkinn RIKB 31, sem eru lengstu óverðtryggðu ríkisskuldabréfin til 31 árs, en vextir á honum eru um +/- 7,40% plús 0,25% álag fyrir rekstrarkostnað sjóðsins. Þessi viðmiðunarflokkur er notaður á allar tímalengdir er leyfa uppgreiðslu gegn gjaldi. Einnig mætti nota lægri vexti fyrir þá sem þurfa félagslega aðstoð, en ef aðilar ákveða að greiða upp lánið í félagslega kerfinu og eignast íbúðina að lokum þá sé greitt sérstakt álag sem er þá endurgreiðsla til ríkisins fyrir aðstoðina.

Kaupverð bréfanna til fjármálastofnana verður meðalverð síðustu 200 söludaga á markaði á öllum flokkum. Til þess að geta komið þessu í kring verður að leyfa með lögum uppgreiðslu verðtryggðra húsnæðislána og uppgreiðslugjald verður að afnema hjá bönkunum. Einnig verður að fella niður stimpilgjöld á þessum eignatilfærslum. Taka skal fram að fjármálastofnanir tapa ekki á þessum viðskiptum, en reiðuféð sem þær fá inn verður lagt inn í Seðlabanka Íslands. Lítil hætta er á að verðbólga aukist þar sem flutningi fjármagns verður beint til fjármálastofnana, en lántakendur sitja eftir með lægri, lengri, viðráðanlegri og óverðtryggð húsnæðislán. Auknu peningamagni í umferð verður stýrt með aukinni bindiskyldu lánastofna, eða eins og þarf til, til þess að fjármálakerfið sé í jafnvægi.

Í framhaldinu verður síðan þessum nýju óverðtryggðu húsnæðislánum pakkað inn með verðbréfun (e. securitization) og seld aftur til lánastofnana þ.e. lífeyrissjóða, banka, tryggingarfélaga og annarra fjárfesta. Lánið frá Seðlabanka Íslands til Afskriftasjóðs verðtryggðra húsnæðislána yrði verðtryggt og bæri 0,01% fasta vexti, en verðtryggingin á þessu magnbundna íhlutunarláni til sjóðsins hefur þann hvata fyrir ríkið að halda verðbólgu niðri, og þar með er ríkinu veitt nauðsynlegt aðhald í ríkisútgjöldum. Tekjur sjóðsins eru vaxtamismunurinn 7,64%, en til þess að afla Afskriftasjóði verðtryggðra húsnæðislána frekari tekna í byrjun fengi sjóðurinn greiðslur í gegnum fjármagnsfærslugjald. Ganga hugmyndir flokksins út á að taka hóflegt gjald af fjármagnsfærslum lögaðila, eins og á kaupum á hlutabréfum, skuldabréfum, gjaldeyri og framvirkum samningum. Rætt hefur verið um að gjaldið sé 0,33% af hverjum viðskiptum með hlutabréf og skuldabréf en 0,033% á afleiðuviðskiptum. 3% fjármagnsfærslugjald yrði sett á gjaldeyrisviðskipti.

Það er sanngjarnt að bankar og fjármálafyrirtæki sem bera mesta ábyrgð á vandanum sem myndaðist við hrunið tækju þannig þátt í að leysa hann. Bónusinn er sá að fjármagnsfærslugjaldið dregur einnig úr áhættusækni lögaðila og áhættusömum viðskiptum banka og fjármálastofnana.

Á Íslandi endurspegla greiðsluáætlanir ekki raunveruleikann, sér í lagi verðbólguskotið fyrir og eftir hrun. Með sanni má segja að fjármálastofnanir hafi raskað hegðun neytenda með því að gera lítið úr langtímaáhættu vegna verðbólgu. Verðtrygging húsnæðislána stangast á við grundvallarreglur evrópskra neytendalaga sem banna misbeitingarákvæði sem raska jafnvægi samningsaðila neytanda í óhag. Bandarískar leiðir er heillavænlegust til þess að leiðrétta það óréttlæti sem mögulega ólögleg verðtryggð húsnæðislán hafa kostað íslensk heimili og almenning í landinu. Þar sem þessi leið hefur virkað mjög vel í Bandaríkjunum er ekki annars að vænta en að hún geri það einnig á Íslandi, með tilheyrandi hagvexti og betri lífsskilyrðum almennings sem mundu myndast í kjölfarið. Stöðugleiki í efnahagstjórn er takmarkið og hallalaus fjárlög nauðsynleg.

Það er löngu kominn tími til fyrir stjórnsýsluna og fjármálastofnanir að virða íslensk lög, þau eru ekki til skrauts. Vanþekking og afneitun á lögum leysir engan undan ábyrgð. Við megum heldur ekki gleyma því að fólkið í landinu horfir til okkar sem bjóðum okkur fram til stjórnmálastarfa – með von um betri framtíð. Okkar skylda er að rísa undir þeim væntingum. Stuðla að betri framtíð, betri lífskjörum, hugsa í lausnum. En ekki leggja stein í götu alls sem til framfara horfir. Efnahagslífið er einn vefur og starfsskilyrði atvinnulífs og lífskjör fólksins eru samofin.

Hernaður stjórnvalda gegn heimilum og atvinnulífi landsins er hernaður gegn lífskjörum þjóðarinnar. Ef þessar hugmyndir mínar ganga eftir, fá íslenskar fjölskyldur langþráð fjármálaöryggi sem þeim ber og er það skylda íslenskra stjórnmálamanna að koma þessum málum í örugga höfn.

> Það er löngu kominn tími til fyrir stjórnsýsluna og fjármálastofnanir að virða íslensk lög, þau eru ekki til skrauts.

Tafla

Höfuðstóll láns 20.000.000 | Mánaðarlegar heildartekjur heimilis 700.000

Vextir	Líftími(ár)	Afborgun á ári	Vextir á ári	Árlegar greiðslur	Mánaðarlegar greiðslur	Hlutfall af tekjum
7,65%	75	6.101	1.530.000	1.536.101	128.008	18%
7,65%	50	39.357	1.530.000	1.569.357	130.780	19%
7,65%	40	84.627	1.530.000	1.614.627	134.552	19%
7,65%	30	188.216	1.530.000	1.718.216	143.185	20%
7,65%	25	287.882	1.530.000	1.817.882	151.490	22%

SJÓNVARPSSTÖÐIN ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

Hótel-verkefni í miðborginni

KONTAKT fyrirtækjaráðgjöf hefur verið falið að annast sölu á glæsilegu húsnæði á góðum stað í miðbæ Reykjavíkur sem hentar mjög vel sem 100 herbergja hótel en gæti einnig komið vel út sem hostel með mun fleiri gistirýmum.

Húsnæðið er laust til afhendingar og tilbúið til innréttinga. Endanleg hönnun og útfærsla yrði í höndum kaupanda.

Spennandi verkefni fyrir fjárfesta, verktaka eða aðila í ferðaþjónustu.

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is
KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland

Haukur 04.12

Laugardaginn 14. apríl

STANGVEIÐIHÁTÍÐ ELLINGSEN

LAX-Á , SVFR, STRENGIR OG VEIÐIKORTIÐ
VERÐA ÖLL MEÐ VEIÐILEYFAKYNNINGU

SPENNANDI TILBOÐ!

Ellingsen heldur stangveiðihátíð laugardaginn 14. apríl. Kynnt verður allt það nýjasta fyrir veiðitímabilið sem er að hefjast og sölumenn stangveiðideildar veita gestum góð ráð og jafnvel nokkur leyndarmál fyrir komandi veiðiferðir sumarsins. Komdu og skoðaðu úrvalið af vönduðum stangveiðivörum frá HARDY, GRACE, LOOP og ABU GARCIA. Frábær dagur fyrir veiðifjölskylduna til þess að hefja veiðisumarið.

ÚLFAR VILLIBRÁÐAR-KOKKUR
MUN VERA MEÐ FRÁBÆRA SÝNINGU Á **REYKOFNUM.**

STÓRA BÓKIN UM VILLIBRÁÐ
KYNNINGARVERÐ
7.990 KR.

LOOP POWERDRY UNDIRFÖT
Sett
18.194 KR.
FULLT VERÐ 27.990 KR.

ABU ABUMATIC CLASSIC 170i VEIÐIHJÓL
9.723 KR.
FULLT VERÐ 12.990 KR.

25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ABU GARCIA STANGARSETTUM (BARNA).

MITCHELL HÁFUR
1.990 KR.
FULLT VERÐ 2.990 KR.

ALLEN GRAND R. L VEIÐIVESTI
5.593 KR.
FULLT VERÐ 7.990 KR.

35%
AFSLÁTTUR AF LOOP VÖÐLUM, JÖKKUM OG SKÓM.

50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LOOP VEIÐILÍNUM.

SMOKEHOUSE REYKOFN
33.742 KR.
FULLT VERÐ 44.990 KR.

ABU DROPPEN SPÚNAR
8 g., 3 í pakka
1.690 KR.
FULLT VERÐ 2.190 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121113

Hver einasti dagur er barningur

Bandaríkjamaðurinn **John Grant** sendi frá sér eina af rómuðustu plötum ársins 2010, Queen of Denmark, en býr nú á Laufásveginum, vinnur að nýrri plötu og tileinkar sér íslenska málfræði. Hann hreifst af Íslandi við fyrstu sýn og þótti veturinn fallegur en líka erfiður fyrir mann sem glímir við þunglyndi. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við tónlistarmanninn.

FÉLL FYRIR LANDI OG ÞJÓÐ Bandaríkjamaðurinn hefur búið víða um heim, meðal annars í Þýskalandi, Englandi og Svíþjóð. Hann segist vel geta hugsað sér að vera á Íslandi til frambúðar, en erfitt sé að spá fyrir um framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Do you know if there's an apótek nearby," spyr tónlistarmaðurinn John Grant þegar blaðamaður hittir hann á fremur köldum miðvikudagsmorgni í miðbæ Reykjavíkur. Þegar inn á kaffihús er sest pantar hann sér latté og grænmetissúpu á íslensku. Grant hlustar grannt á þjónustustúlkuna þylja upp rétti dagsins, biður hana vinsamlegast að endurtaka þau orð sem hann skilur ekki í fyrstu tilraun og spjallar loks í dágóða stund við hana um fegurð Seyðisfjarðar með samblandi ensku og íslensku. Þjónustustúlkan segist hafa verið viðstödd tónleika Bandaríkjamannsins eystra um síðustu helgi, tónleika sem blaðamaður vissi ekki af.

„Ég fór með hópi af fólki sem hélt tónleika og ég spilaði nokkur lög," útskýrir Grant og bætir við að samferðarmennirnir hafi flestir átt það sameiginlegt að tengjast fjölskylduböndum og búa yfir gríðarlegum hæfileikum: Tónlistarparið Elín Ey og Þorsteinn Einarsson (Steini í Hjálmum), Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, foreldrar Elínar, KK, bróðir Ellenar og fleiri. „Þetta var frábær ferð og frábært fólk en tíu tíma keyrslan til baka fór alveg með bakið á mér," segir Grant og þiggur eina íbúfen frá vel birgum blaðamanni til að lina mestu þjáningarnar.

Fyrsta sólóplatan sló í gegn

Þessi ríflega fertugi tónlistarmaður, sem stendur fyllilega undir titlinum Íslandsvinur, fæddist í Michigan-fylki Bandaríkjanna en fluttist á unglingsárum til borgarinnar Denver í Colorado. Eftir sex ára dvöl í Þýskalandi þar sem hann reyndi fyrir sér sem túlkur stofnaði Grant rokksveitina The Czars árið 1994.

Sex breiðskífum síðar, og án merkjanlegs árangurs í vinsældum og plötusölu, lagði sveitin upp laupana árið 2005. Grant sagði þá skilið við tónlistarbransann um nokkurra ára skeið, flutti til New York og starfaði sem rússneskur túlkur á spítala og einnig á veitingahúsum, en hann hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tungumálum og er fljótur að læra ný slík. Hann hélt þó áfram að semja lög og kunningjum hans í hinni kunnu þjóðlagarokksveit Midlake tókst að draga hann aftur inn á sviðið með því að hvetja hann til dáða, leika undir og aðstoða á allan hátt við gerð fyrstu sólóplötu Grant, Queen of Denmark, sem kom út árið 2010.

Queen of Denmark hlaut afar góðar viðtökur, ekki síst í Bretlandi þar sem tónlistarvefsíða breska ríkisútvarpsins sagði hana eina ánægjulegustu frumraun síðari ára. Þá kallaði Guardian plötuna ferlíki í jákvæðustu merkingu þess orðs, tónlistartímaritið virta MOJO sæmdi hana sjaldgæfri „instant classic"-nafnbót og valdi í kjölfarið bestu plötu ársins.

Tónlistin á Queen of Denmark einkenndist líklega öðru fremur af mjúkrokkinu sem Grant ólst upp við í Bandaríkjum áttunda áratugarins, en líka hljóðgervlum þess níunda og ótal fleiri þáttum. Raunar taldist það plötunni víða til tekna hversu fjölbreytt hún er, en textarnir eru líka óvenju persónulegir. Aðspurður segist Grant með þeim hafa gert upp fortíðina, áralanga áfengis- og eiturlyfjafíkn sem hann vann sigur á, röð misheppnaðra ástarsambanda og erfiðleika, áhyggjur og vanlíðan sem fylgdi því að vera samkynhneigður í strangtrúaðri fjölskyldu í Miðvesturríkjunum, þar sem hann varð einnig ítrekað fyrir árásum jafnaldra sinna.

Hægt að búa til nýjar minningar

Síðan hefur tónlistarmaðurinn ferðast um heiminn og haldið tónleika, eins og gengur, en einnig búið víða, meðal annars í Englandi, Svíþjóð og Íslandi, en hér vinnur hann þessa dagana að nýrri plötu sem kemur út í janúar á næsta ári. Á tónleikum Grant á Iceland Airwaves-hátíðinni í október síðastliðnum lýsti hann landinu sem því allra fegursta sem hann hefði nokkurn tíma séð.

Hvað var og er það sem heillar svo mjög við Ísland?

„Þegar ég kom hingað í október hafði ég aldrei séð annað eins. Þetta er ótrúlegt land, fólkið er frábært og mér líður vel hérna í litlu og björtu kjallaraíbúðinni minni við Laufásveginn. Ég hef líka mjög gaman af því að læra tungumálið. Nú hef ég búið hér í rúma þrjá mánuði og er aðallega að læra málfræði. Beygingarnar eru erfiðastar og ég á í miklum erfiðleikum með eintölu- og fleirtölubeygingar á nokkrum orðum. Orðið tré er til dæmis mjög ruglandi. Þetta er erfitt tungumál að læra, en það er líka það sem mér finnst skemmtilegast. Áskorunin. Ég bjó ekki alveg nógu lengi í Svíþjóð til að ná því almennilega að tala hana, en ég get lesið hana vel og líka dönsku og norsku. Hollenska finnst mér heillandi tungumál og get lesið hana líka. Mér gengur ágætlega að læra íslenskuna. Ég ætla að skrá mig á íslenskunámskeið, því mig langar afar mikið til að geta talað tungumálið. Þannig kynnist maður fólkinu. Stundum les ég dagblöðin og fletti orðunum upp í orðabókinni minni, svo það tekur mig dágóða stund að komast í gegnum hverja grein."

Gætirðu hugsað þér að búa á Íslandi til frambúðar?

„Já, ég gæti vissulega hugsað mér það. En ef ég á að vera hreinskilinn þá hef ég ekki hugmynd um hvað gerist í framtíðinni. Innst inni vonast maður alltaf til að hitta einhvern, verða ástfanginn og að sambandið muni þannig ráða því hvar maður býr, en ég veit ekki hvort hlutirnir ganga þannig fyrir sig í alvörunni. Stundum sakna ég Bandaríkjanna. Maður er alltaf tengdur þeim stað sem maður elst upp á, þótt stjórnmálin þar verði andstyggilegri með hverjum deginum. Sama má segja um fjölskylduna mína, sem ég sakna mikið. Stærstur hluti hennar býr í Colorado og sá staður er tengdur alls konar slæmum minningum, meðal annars fíkn, ömurlegum ástarsamböndum, stirðu sambandi við fjölskyldumeðlimi og andláti móður minnar fyrir sextán árum. Ég hef þurft að vinna úr ýmsum hlutum, en það er hægt að búa til nýjar minningar."

Gerði bara það sem mér var sagt

Á Queen of Denmark úthelltirðu hjarta þínu og gerir iðulega slíkt hið sama á tónleikum, eins og hefur vakið athygli hér á landi. Þar fjallarðu meðal annars um hversu erfitt það reyndist þér að koma út úr skápnum og hversu illa fjölskylda þín brást við. Tekur svona mikil hreinskilni og einlægni ekki á?

„Ég veit bara það sem ég veit og í tónlist kann ég ekki annað en að tjá tilfinningar mínar. Þannig tengist ég fólki. Ég þoli ekki hvers kyns kurteisishjal og flest höfum við aðgang að sömu tilfinningunum, reiði, sorg, afbrýðisemi og svo framvegis, þótt við bregðumst öðruvísi við þeim. Lengi vel hélt ég að ég myndi aldrei skipta mér af reynslu annars samkynhneigðs ungs fólks og ekkert hafa um hana að segja, en nú til dags blöskrar mér hversu vandamálin sem blasa við þessum krökkum eru enn þá stór og virðast ekki ætla að minnka. Mjög margt ungt og samkynhneigt fólk lendir í heljarinnar baráttu við umhverfið, sérstaklega í skólum, og íhuga jafnvel sjálfsmorð. Það er fáránlegt og ætti ekki að gerast. Samkvæmt trúuðum hægri-hugsjónum eru þessir krakkar að íhuga sjálfsmorð vegna þess að þau vita að þau eru að gera rangt. Auðvitað eyðileggur það fólk þegar því er stanslaust sagt að það sé veikt og ekki hluti af eðlilegu samfélagi. Það kom fyrir mig, svo ég hef mikla samúð og hluttekningu með þessum krökkum. Núna er ég að semja lag fyrir nýju plötuna sem ég held að geti orðið mjög áhrifamikið. Ég vonast til þess að það hvetji ungt fólk sem á í baráttu við umhverfi sitt að hlusta ekki á það sem aðrir segja heldur sjálft sig. Það þýðir ekki að vera stöðugt með fokkputtann á lofti, en vefengja hluti. Ef einhver segir þér eitthvað áttu að spyrja sjálfan þig hvað þér sjálfum finnst um það. Ertu að gera einhverja hluti vegna þess að foreldrar þínir segja þér að gera þá? Lengi vel gerði ég bara það sem mér var sagt að gera. Ég held að margir eigi í erfiðleikum alla ævi vegna þess."

Fleiri hljóðgervlar og „fuck you"-lög

Er kominn titill á nýju plötuna sem kemur út í janúar næstkomandi?

„Nei, ekki enn. Titillinn John Grant kemur þó til greina. Þetta gæti orðið sú plata. Og þó, mér finnst plötutitlar skemmtilegir og hefur alltaf þótt frekar pirrandi þegar tónlistarmenn og hljómsveitir nefna plötur eftir sjálfum sér, eins og þeir nenni ekki að finna upp á einhverjum góðum titli. Það er full auðveld undankomuleið, en stundum virkar það eins og yfirlýsing: „Svona er ég!" Þessi plata verður mjög augljóslega ég. Ég held að hún verði mjög góð, en núna er hún í vinnslu. Ekki púsluspil í þúsund hlutum heldur sex milljónum hluta. Ég er farinn að greina myndina, en ekki mjög skýrt."

Og hvernig er að vinna með Bigga Veiru [Birgi Þórarinssyni úr GusGus], sem er upptökustjóri og meðhöfundur á plötunni?

„Það að koma til Íslands og vinna með Bigga er draumur sem

FRAMHALD Á SÍÐU 20

KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa
gull, gullpeninga og gullskartgripi.
Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Opið alla helgina frá kl. 10 til 18

Skoðunarkannanir sýna að við borgum best, gerið verðsamanburð.

Verið velkomin

Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000
Pósthússtræti 13 101 Reykjavík

FRAMHALD AF SÍÐU 18

rættist. Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi GusGus, en það er hættulegt að hitta átrúnaðargoðin sín. Eftir því sem við kynnumst betur verður grundvöllurinn fyrir samstarfinu jafnari, því ef við smellum ekki saman getum við ekki gert plötu saman. Ég veit að Biggi hleypir engu í gegn sem hann er ekki fullkomlega sáttur við. Ég kann gríðarlega vel við hann sem persónu og hvernig hann kemur fram við fólk í daglegu lífi, til dæmis fjölskylduna sína. Vegna áhrifa hans heyrist líka í mun fleiri hljóðgervlum á nýju plötunni en á Queen of Denmark. Ég gæti hlustað á hljóðgervla allan daginn, alla daga. Þeir eru hluti af mér. Svo spila nokkrir íslenskir tónlistarmenn á plötunni, meðal annars gítarleikararnir Pétur Hallgrímsson og Smári Tarfur Jósepsson og bassaleikarinn Jakob Smári Magnússon. Það eru svo margir hæfileikaríkir íslenskir tónlistarmenn til.“

Áttu von á að nýja platan verði í ætt við Queen of Denmark að öðru leyti?

„Hún verður dekkri, reiðari og með fleiri „fuck you“-lögum. Ég er enn að vinna úr sömu reynslu og á fyrstu plötunni minni, til dæmis einu erfiðu ástarsambandi. Ég gerði mörgum öðrum það sama og hann gerði mér. Ég er líka að vinna úr því. Ég veit að platan kemur til með að hefjast á biblíuversi sem fjallar um það hvernig ástin á að vera, góð og vingjarnleg, en er það auðvitað alls ekki. Annað lag á henni fjallar um vin minn sem framdi sjálfsmorð fyrir nokkrum vikum síðan. Hann var alkóhólisti sem glímdi við ótal erfiðleika, en ég hafði ekki heyrt í honum í þó nokkurn tíma. Það er ný reynsla fyrir mig að semja svona lag, en ég reyni að endurspegla allt það sem hann var. Mig grunar að ég skilji vel hvernig honum leið, því ég hef gengið í gegnum svona líðan. Að trúa því að maður læri aldrei og geri sömu mistökin aftur og aftur. Þessi tilfinning hræðir mig mest af öllu.“

EINLÆGUR Grant tekur það nærri sér þegar hann heyrir sögur af samkynhneigðum unglingum sem eiga í baráttu við umhverfi sitt. Í lögum sínum og á tónleikum segir hann frá reynslu sinni sem samkynhneigður ungur maður úr trúaðri fjölskyldu í miðvesturríkjum Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Barátta á hverjum degi

Síðan Grant kom til Íslands hefur það orð farið af honum að hann sé alþýðlegur, hógvær, vingjarnlegur og ekki síst bóngóður. Sem dæmi má nefna að hann hefur tekið vel í að koma fram í Hljómskálanum, tónlistarþætti RÚV þar sem hann samdi og flutti lag með hljómsveitinni SSSól, á tónleikum í Edrúhöllinni á vegum SÁÁ og téðum tónleikum á Seyðisfirði um síðustu helgi.

Leggurðu þig fram um að vera góðgæ?

„Ég sé sjálfan mig ekki fyrir mér sem sérstaklega viðkunnanlegan mann og ef fólk sem lýsir mér þannig þyrfti að búa með mér yrði saga þeirra líklega önnur. En mér þykir vænt um að heyra að einhverjum finnist ég viðkunnanlegur. Mér finnst gott að tala við fólk og mér finnst sjálfsagt að vera góður við aðra. Mér þykir fólk áhugavert. Ætli ég sé ekki fyrst og fremst þakklátur. Ég hef verið lengi á leiðinni á þann stað sem ég er á í dag og veit alveg hversu heppinn ég er. Bara það að vera á Íslandi, bara það að blaðamaður skuli hafa áhuga á að tala við mig um það sem ég geri, í stað þess að vera á sjúkrahúsi með hjartabilanir vegna of mikillar kókaínneyslu, er gjörsamlega frábært. Það er heiður.“

> Í mörg ár reyndi ég að drepa persónuleikann minn með alls konar drasli því mér fannst hann hreinlega ekki nógu góður.

Spjallarðu þá við alla sem vilja spjalla?

„Nei. Stundum er ég þreyttur og vil helst vera einn. Það gerist aðallega á hljómleikaferðalögum, en þá slekk ég bara á símanum mínum. Oftast reyni ég þó að tala við fólk sem hefur áhuga á að tala við mig. Of mikill tími með sjálfum mér er ekki af hinu góða. Hann gerir það að verkum að samræðum mínum við sjálfan mig, innra með mér, fjölgar til muna. Þá er ég nánast alltaf með ásakandi fingur á lofti: „Þú lítur ekki nógu vel út í dag. Þú þarft að grennast. Hárið á þér er ömurlegt. Þú vinnur ekki nógu mikið. Þú hjálpar ekki öðrum nógu mikið. Þú eyðir of miklum peningum. Þú hefur enga hæfileika. Þú ert veikburða og þunglyndur. Allt þetta kjaftæði.“

Glímirðu við þunglyndi?

„Já, ég glími við mjög mikið þunglyndi. Lamandi erfitt þunglyndi. Á hverjum degi er það barátta að fara fram úr rúminu. Sumir dagar eru skárri en aðrir, en oftast fylgir hver barningurinn á fætur öðrum í kjölfarið: Fara í sturtu, klæða mig, vaska upp, setja í þvottavél og þrífa íbúðina svo hún verði ekki ógeðsleg. Stundum fæ ég alveg nóg af sársaukanum og langar bara til að semja lög um kaffi. Þetta er barátta. Ég er að berjast gegn því að verða svo þunglyndur að ég fremji sjálfsmorð að lokum. Í mörg ár reyndi ég að drepa persónuleikann minn með alls konar drasli því mér fannst hann hreinlega ekki nógu góður, hvort sem það var með kynlífi, áfengi, eiturlyfjum, mat eða sjónvarpi. Ég er ekki með sjónvarp í íbúðinni minni hér á Íslandi sem er gott, en að ákveðnu leyti slæmt líka því það gæti hjálpað mér að læra íslenskuna betur að geta horft á íslenska þætti. Þessa dagana reyni ég líka að borða til að fá orku og líða vel í stað þess að leita einhvers konar huggunar og afþreyingar í mat. Ég er í raun að reyna að losa mig við ýmislegt sem ég hélt að ég þyrfti en notaði bara til að flýja. Það breytir öllu að verða edrú. Einu sinni vissi ég allt af hvað ég ætti að gera því ég gat alltaf farið á barinn. Svo skyndilega sit ég einn heima hjá mér, bláedrú, og mér finnst það enn þá yfirþyrmandi. Ég er betur vakandi edrú og stundum er það beinlínis ógnvekjandi hversu meðvitaður ég er.“

Sami skíturinn alls staðar

Hvernig rímar íslenskur vetur við mann sem glímir við þennan sjúkdóm?

„Ég verð að viðurkenna að Ísland getur verið erfiður staður fyrir mig. Ég get orðið mjög þunglyndur hér, ekki vegna þess að staðurinn sé dapurlegur heldur vegna veðursins, myrkursins og fjarlægðanna. Ég átti stundum erfitt í vetur. Á pappírnum lítur íslenskur vetur mjög vel út, og hann var vissulega afar fallegur þótt hann hafi verið þungur, en á köflum átti ég í baráttu við mínar eigin hugsanir.“

Kom þá ekki til greina að flytja til sólríkari staða?

„Jú, auðvitað kom það til greina. Það er alltaf hægt að flytja eitthvert annað. En það er ekki rétta leiðin. Það virkar ekki. Það verður sami skíturinn hvar sem er annars staðar. Þótt það taki hann kannski lengri tíma að koma upp á yfirborðið þá brýst hann upp að lokum. Ísland getur verið erfiður staður að búa á, en það sama á við um alla aðra staði. Ég þarf að glíma við daglega lífið, raunverulega lífið. Það getur verið strembið, en þar finnur maður líka bestu bitana í tilverunni.“

SYNGUR Á ÍSLENSKU MEÐ HELGA BJÖRNS Í HÖRPU

Lagið Finish On Top, sem John Grant samdi ásamt Helga Björnssyni og flutti í sjónvarpsþættinum Hljómskálanum, hefur notið mikilla vinsælda undanfarið og meðal annars komist í efsta sæti á vinsældalista Rásar 2. Samstarfi þeirra er þó hvergi nærri lokið því Grant kemur fram á tónleikum Helga í Hörpu á þjóðhátíðardaginn 17. júní, þar sem Helgi fær ýmsa söngvara til liðs við sig til að syngja klassískar íslenskar dægurperlur. Ekki nóg með það heldur hefur lagið verið ákveðið, Ást eftir Magnús Þór Sigmundsson, og mun Grant syngja lagið á íslensku. Sjálfur heldur Grant svo tónleika í Háskólabíói þann 19. júlí næstkomandi.

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2012

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudagurinn 25. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Reykjavík 10. apríl 2012,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Meira á www.intersport.is

9.490
fullt verð 11.490

NIKE T90 SHOOT IV TF / FG
Fótboltaskór með innleggjum sem veita góðan stuðning. Fyrir gras- og gervigrasvelli. Stærðir: 32 - 38½.

100% VERÐVERND
INTERSPORT®
EF ÞÚ FINNUR SÖMU VÖRU Á LÆGRA VERÐI HJÁ ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR MISMUNINN*

ALLTAF LÆGSTA VERÐIÐ

MEÐ VERÐVERND INTERSPORT*

10.990
fullt verð 13.490

NIKE MERCURIAL VICTROY II FG JUNIOR
Fótboltaskór úr einstaklega léttu efni. Stærðir: 32 - 38½. Fullorðinsstærðir: 40 - 46. **Verð kr. 14.990** fullt verð ~~17.990~~

7.990
fullt verð 9.490

NIKE TIEMPO NATURAL IV FG JUNIOR
Fótboltaskór með vönduðum junior support innleggjum. Stærðir: 32 - 38½. Fullorðinsstærðir með AG tökkum: 40 - 47. **Verð kr. 9.990**

3.490

ADIDAS STARLANCER III
Fótbolti. Stærðir: 4 og 5.

3.990

ADIDAS F50 REPLIQUE
Fótboltalegghífar með ökklahlífum. Stærðir: 140 - 195 cm.

9.990
fullt verð 11.990

ADIDAS F10 FG JUNIOR
Fótbotaskór með efni sem hindrar myndun líkamslyktar. Stærðir 28 - 38. Fullorðinsstærðir: 39 - 46. **Verð kr. 15.990**

ENN LÆGRA VERÐ Á ELDRI TÝPUM AF FÓTBOLTASKÓM!

14.990
fullt verð 19.990

NIKE TOTAL90 STRIKE III FG
Fótboltaskór á grasvelli. Stærðir: 40 – 45 ½.

5.690
fullt verð 8.990

ADIDAS PUNTERO TRX TF
Fótboltaskór á gervigrasvelli. Stærðir: 39 - 46⅔.

6.490
fullt verð 9.990

NIKE PARK II FG
Fótboltaskór á grasvelli. Stærðir: 40 - 47⅓.

10.990
fullt verð 15.990

NIKE TIEMPO MYSTIC III FG
Fótboltaskór úr leðri á grasvelli. Litir: Svartir, hvítir. Stærðir: 40 - 48.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 14. – 30. APRÍL

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

*Ef þú hefur keypt vöru í Intersport og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tvær vikur frá kaupdegi og gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvöru.

EXPO • www.expo.is Verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

markhonnun.is

netto

Kræsingar & kostakjör

VERÐ NÚ
999
ÁÐUR 1.298 KR/PK

FISKUR & FERSKLEIKI Í NETTÓ

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

TILBOÐIN GILDA **12. - 15.** APRÍL

30% AFSLÁTTUR

PIPARSTEIK
FERSK

VERÐ NÚ
2.484
ÁÐUR 3.549 KR/PK

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ

DR.PEPPER
-36 CL

69 KR/STK
ÁÐUR 99 KR/STK

GRILLPYLSUR
BRATWURST
-330 G

25% AFSLÁTTUR

434 KR/PK
ÁÐUR 579 KR/PK

GRILLBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
-320 G

VERÐ NÚ
593
ÁÐUR 698 KR/PK

KAFFIPÚÐAR
-CAFÉ LIEGE
-KOFFEINL.
-18 STK

VERÐ NÚ
399
ÁÐUR 459 KR/PK

KAFFIPÚÐAR
-CAFÉ LIEGE
-MAGNIF
-18 STK

VERÐ NÚ
396
ÁÐUR 489 KR/PK

25% AFSLÁTTUR

FANTA
FRUIT TWIST / ORANGE
-6 X 33 CL

VERÐ NÚ
449
ÁÐUR 598 KR/PK

25% AFSLÁTTUR

BAKAÐ Á STAÐNUM

OSTABOLLUR
GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

99 KR/STK

BAKAÐ Á STAÐNUM

RÚNSTYKKI
M/ EÐA ÁN SESAM
GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI

49 KR/STK

KRISTJÁNS BAKARÍ

KRYDDBRAUÐ

599 KR/STK

VATNSMELÓNA

VERÐ NÚ
115
ÁÐUR 229 KR/KG

50% AFSLÁTTUR

ÁVÖXTUR VIKUNNAR

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Brot úr þáttunum sýnd í Brussel

Sjónvarpsþættirnir Með okkar augum sem gerðir voru af fólki með þroskahömlun, með stuðningi fagfólks, hlutu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2012 í flokknum Til atlögu gegn fordómum. **Skúli Steinar Pétursson** var meðal framleiðenda. Hann er ásamt fleirum á förum til Brussel að kynnast stefnu Evrópusambandsins í málefnum fatlaðra, með þættina í farteskinu.

Ég sá auglýst námskeið í sjónvarpsþáttagerð hjá Fjölmennt og ákvað að fara á það. Svo þróaðist það í þetta verkefni," byrjar Skúli Steinar þegar forvitnast er um aðkomu hans að þáttunum Með okkar augum sem sýndir voru í Sjónvarpinu í fyrrasumar. Hann kveðst aðallega hafa verið kringum upptökurnar. „Við skiptumst á um að vera á myndavélunum og hljóðvélunum og svo fékk ég stundum að vera spyrjandi. Ég gaf líka nokkrum sinnum hugmyndir fyrir næsta þátt og undirbjó þær en Elín Sveinsdóttir skrifaði handritin og stjórnaði upptökunum. Ég átti til dæmis hugmyndina að því að taka viðtal við hljómsveitina Diktu í æfingarhúsnæðinu og líka hugmyndina að því að hitta sendiherrana sjö. Við undirbjuggum okkur vel fyrir hverja upptöku. Þegar við komum á staðinn voru settir upp hljóðnemar og tæki og síðan þurfti að endurtaka upptökurnar ef eitthvað mistókst og það var ekki hætt fyrr en allir voru ánægðir. Við ákváðum að hafa þetta fína þætti og sýna fólki að fatlaðir geta ýmislegt eins og ófatlaðir og hafa áhuga á mörgu í samfélaginu."

Skemmtilegast þótti Skúla Steinari að fylgjast með öllu við upptökurnar, að skoða löggustöðina og taka viðtöl þar, en líka að fara út að borða „og bara vera í félagsskapnum," eins og hann orðar það. Spurður hvort gott samkomulag hefði verið innan hópsins svarar hann: „Við Andri Freyr höfum þekkst alla okkar tíð. Ég var með honum í skóla og við fylgdumst að í diplómanámi í háskólanum. Ég þekkti ekki alla hina fyrir en við urðum góðir kunningjar. Samt höfum við ekki haldið miklu sambandi eftir gerð þáttanna. Það er svo mikið að gera, bæði í vinnu og okkar áhugamálum. Og nú ætlum við að byrja að taka upp nýja þáttaröð Með okkar augum 1. maí og gera sex þætti eins og í fyrra."

SKÚLI STEINAR PÉTURSSON „Nú ætlum við að byrja að taka upp nýja seríu af þáttunum Með okkar augum 1. maí og gera sex þætti eins og í fyrra," segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skúli Steinar er 25 ára. Hann á að baki glæstan feril sem sundmaður og keppti um árabil víða um lönd á sundmótum fatlaðra. Hann starfar núna á hjúkrunarheimilinu á Vífilsstöðum hálfan daginn, hefur nýlega lokið diplómanámi í Háskóla Íslands fyrir fólk með þroskahömlun og er einn af sendiherrum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá situr hann í varastjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar og í stýrihópi um málefni fatlaðra í Garðabæ. Á einmitt að mæta á fund þar klukkan fimm daginn sem viðtalið er tekið. Strax eftir helgi flýgur hann svo til Brussel með hópi fólks sem ætlar að fræðast um stefnu Evrópusambandsins í málefnum fólks með þroskahömlun og þar verður tækifærið nýtt til að kynna stöðu slíkra mála hér á landi. „Við ætlum að sýna brot úr þáttunum Með okkar augum og ég ætla að halda fyrirlestur um þá á ensku. Ég er svona 30-40% góður í ensku en þarf að æfa mig betur," segir Skúli Steinar og brosir.

> Það er frábært að fólk með þroskahömlun hefur tækifæri til að gera skemmtilega hluti, eins og svona þætti.

Eins og sjá má hefur Skúli Steinar mörg járn í eldinum og upptalning hans á áhugamálum er löng. Fötlun, sund, fótbolti, gæludýr, útlönd, kvikmyndir og félagsskapur með vinum. „Svo hef ég áhuga á því sem ég er að gera núna sem sendiherra, það er að kynna réttindi fatlaðra á vernduðum vinnustöðum, í framhaldsskólum og víðar. Fyrst þurfti ég að fara á námskeið til að læra um réttindin og kunna þau. Ég skrifa líka á tölvuna og hef áhuga á handritagerð. Ég bjó einu sinni til handrit að kvikmynd fyrir Fjölbrautaskólann í Garðabæ og það var gerð stuttmynd eftir því. Mig langar að fara í kvikmyndaskóla í útlöndum, til dæmis í Danmörku eða Englandi og læra hvernig á að vera leikari eða leikstjóri."

Að lokum er Skúli Steinar spurður hvort hann búist við að hafa rutt einhverjum fordómum úr vegi með framlagi sínu í þáttunum Með okkar augum. „Allir krakkar þurfa fyrirmyndir," svarar hann að bragði, „og það er frábært fyrir þá að sjá að fólk með þroskahömlun hefur ýmis tækifæri til að gera skemmtilega hluti, eins og svona þætti."

Varð strax mín önnur fjölskylda

Fólk með þroskahömlun á fullt erindi inn í fjölmiðla og jafn sterkur miðill og sjónvarp verður að sýna samfélagið í sinni raunverulegustu mynd," segir Elín Sveinsdóttir sem stjórnaði gerð þáttanna Með okkar augum. Hún segir forráðamenn Landssamtakanna Þroskahjálpar hafa haft frumkvæði að þáttunum haustið 2009, þeir hafi lengi haft á dagskrá að gera fólk með þroskahömlun sýnilegra í íslensku samfélagi. Margar leiðir hafi verið færar að því marki en fjölmiðlun hafði ekki verið reynd í því augnamiði áður. Elín svaraði góðfúslega nokkrum spurningum.

Hvernig fannst þér að vinna að þessu verkefni?

„Verkefnið hefur verið stærsta, en um leið óvenjulegasta og skemmtilegasta áskorunin í mínu starfi. Það kom sér vel fyrir mig að þekkja vel til málaflokksins, en ég ól upp mjög fjölfatlaða fósturdóttur sem veitti mér nýja sýn á lífið. Hún var nýlátin eftir erfið veikindi, aðeins 24 ára gömul, þegar ég tók þetta verkefni að mér og því fannst mér það eiginlega skylda mín að glæða það ríku lífi. Ég þekki alla fordómana og múrana sem fólk með þroskahömlun þarf að kljást við og öll þau lokuðu hólf sem þeim hafa lengi verið ætluð í samfélaginu. Af þessum sökum þótti mér það ákveðin uppreisn æru að fá tækifæri til að opna þann áhugaverða heim sem fólk með þroskahömlun lifir og hrærist í og sýna almenningi hann."

Var verkefnið erfiðara eða léttara en þú áttir von á?

„Þetta var vissulega erfitt en þeir sem tóku þátt í því gáfu svo ríkulega af sér að maður kom stærri manneskja til baka að loknum hverjum vinnudegi. Það var mitt verk að laða fram sterkustu hliðar hvers og eins og það var vitaskuld þolinmæðisverk, en einlægnin og heiðarleikinn í hópnum skilaði því margfalt til baka. Ég held ég geti fullyrt að ég hafi aldrei áður unnið með jafnþakklátu fólki; þakklátu fyrir að fá að vinna og vera virkilega með í samfélaginu. Það varð strax mín önnur fjölskylda. Ég hef aldrei verið knúsuð og kysst jafn oft á ævinni og við vinnslu þessara þátta. Jafnvel þeir einstaklingar sem voru hvað félagslega lokaðastir áður en vinnsla þáttanna hófst hreinlega opnuðust á sinn persónulega máta þegar líða tók á – það eru stærri verðlaun en nokkur framleiðandi sjónvarpsþátta væntist á sinni starfsævi."

SAMHENTUR HÓPUR Einar Þór Jónsson, Eiður Sigurðarson, Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, Elín Sveinsdóttir, Andri Freyr Hilmarsson og Jón Þorsteinn Sigurðsson. Á myndina vantar Katrínu og Skúla Steinar.

MYND/INGI R. INGASON.

Hvað þótti þér athyglisverðast við gerð þáttanna?

„Einna skemmtilegast var að sjá mitt dagskrárgerðarfólk úti á akrinum að taka viðtöl við þá sem eru kallaðir heilbrigðir. Hjartað í mér tók stundum aukakipp þegar það datt niður á lykilspurningu og gjóaði um leið til mín auga, svo stolt og ánægt með framvindu viðtalsins. En hitt var merkilegt að finna fyrir varfærni margra sem við vildum taka viðtal við; sumir hræddust það að gera sig að fíflum með því að mæta í svona þátt en aðrir vönduðu sig langt umfram það sem þeir hefðu gert fyrir viðtöl í öðrum fjölmiðlum. Loks voru þeir sem neituðu einfaldlega að taka þátt því það gæti skemmt fyrir ímynd fyrirtækisins."

Fleira sem kom á óvart?

„Þrennt kom mér mest á óvart; hvað fólkið mitt óx í starfinu; hversu margir voru undrandi á því að það gæti staðið í þessum sporum – og að lokum hefur það slegið mig hversu erfiðlega hefur gengið að fjármagna nýja þáttaröð; það er eins og fyrirtæki, mörg hver, líti á styrk til þátta af þessu tagi sem ölmusu fremur en þann beinharða bissness sem fær þau til að styrkja aðra dagskrárgerð."

Telur þú þættina hafa dregið úr fordómunum?

„Svo sannarlega hafa þættirnir skipt máli. Þeir hafa ekki bara opnað augu margra fyrir nýrri breidd í samfélaginu heldur eru þeir á allra vörum og dagskrárgerðarfólkið mitt er svo að segja orðið sjálfsagður partur af sjónvarpsfólkinu. Það þótti fullkomlega eðlilegt að fá tvö úr hópnum sem kynna á síðustu Edduverðlaunahátíð og svei mér ef þau fengu ekki sterkustu viðbrögðin utan úr sal. Þar fyrir utan eru þættirnir nú þegar margverðlaunaðir; fengu m.a. Múrbrjót Þroskahjálpar, Hvatningarverðlaun ÖBÍ og síðast en ekki síst Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrir stuttu.

Sjónvarp á ekki að vera við eina fjölina fellt heldur miðill þar sem allar raddir fái að heyrast. Við erum að byrja að vinna að nýrri sex þátta röð fyrir RÚV sem fer á dagskrá næsta sumar, vel að merkja á besta sýningartíma, strax að loknum fréttum, sem auðvitað er enn ein viðurkenningin fyrir þennan þátt."

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

LAMBALÆRI
– fyrir þig og þína!

1498 kr. kg

Lambalæri með kryddjurtum

45% afsláttur

2694 kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg

Ungnauta entrecote, erlent

HAGSTÆTT
– fyrir heimilið!

30% afsláttur

199 kr. kg

Verð áður ~~277~~ kr. kg

Ferskur ananas

498 kr. stk.

Iceland pizzur, margar tegundir

124 kr. kg

Bökunarkartöflur í lausu

279 kr. pk.

Haribo sælgæti, margar teg.

289 kr. pk.

Prins Póló mini, 22 í pk.

659 kr. stk.

Krónu bragðarefur, 1,33 l

496 kr. pk.

Toppur án bragðefna, 4x2 l

Krónan Árbæ | Krónan Bíldsöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Ímynd mín hefur verið afskræmd

Baráttan um Bessastaði harðnar með hverjum deginum og **Ástþór Magnússon** hefur ákveðið að láta slag standa í þriðja sinn. Hann sagði *Sunnu Valgerðardóttur* frá afskræmingu ímyndar sinnar í fjölmiðlum, hugsjónum sínum og sýnum inn í framtíðina.

MISSKILINN HUGSJÓNAMAÐUR Ástþór segist hafa átt á brattann að sækja í kosningabaráttunni í ár vegna afskræmingar á ímynd hans í fjölmiðlum. Hann segist almennt vera misskilinn og gjörðir hans í gegnum tíðina rangtúlkaðar. Ástþór finnur fyrir meiri stuðningi frá körlum en konum þar sem þeir séu yfirleitt tilbúnari til að móttaka róttækar hugmyndir sem hann hefur fram að færa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Forsetaframbjóðandinn Ástþór Magnússon er að bjóða sig fram til embættisins í þriðja sinn. Ástþór, sem ýmist er kenndur við Frið 2000, kreditkort eða Lýðræðishreyfinguna, hefur bæði verið gagnrýndur í fjölmiðlum og gagnrýnt þá á móti, síðan í fyrstu kosningarbaráttu sinni árið 1996. Hann segir ímynd sína hafa orðið fyrir hnjaski á síðustu áratugum og hann eigi nú fullt í fangi með að leiðrétta þann misskilning sem hann segir vera uppi um sig í umræðunni.

Telur Ástþór sig hafa forskot á hina frambjóðendurna sem eru að bjóða sig fram í fyrsta sinn í ár?

„Nei, ég held að ég hafi ekki forskot. Ég hef átt á brattann að sækja við að leiðrétta þá afskræmingu á minni ímynd sem búið er að setja fram. En ég sé ekki eftir því að hafa boðið mig fram áður því ég ætlast ekki til þess að uppskera eitthvað persónulegt út úr þessu. Þetta er hugsjón," segir Ástþór.

Þrátt fyrir að hafa verið í sviðsljósinu í fjölda ára, telur Ástþór að íslenska þjóðin viti enn ekki fyrir hvað hann og hugsjónir hans standa.

„Aftaka hefur átt sér stað í fjölmiðlunum undanfarinn áratug. Og það skapar auðvitað viss vandamál að mín ímynd hefur verið afskræmd í því samhengi. Ég byrjaði í baráttunni fyrir 16 árum, þegar enginn var að tala um þær byltingakenndu hugmyndir sem ég var að setja fram. Ég vildi koma á beinu lýðræði og færa valdið til fólksins. Fulltrúalýðræði er barn síns tíma og því er nauðsynlegt að þróa þetta yfir á næsta stig þar sem fólkið í landinu tekur sjálft þátt í kosningum um málin," segir hann.

> Ég stofnaði Frið 2000 eftir að ég fékk sýn í hugleiðslu þar sem ég sá inn í framtíðina. Því gat ég spáð fyrir öllu því sem gerðist. Ef það er farið í gegn um allt sem ég hef sagt í gegn um tíðina sést að það hefur allt ræst.

Sá inn í framtíðina

Ástþór telur að vegna skoðana sinna hafi þessi mikla andstaða myndast gegn honum í samfélaginu. Í fyrstu kosningabaráttu sinni um Bessastaði árið 1996, árið eftir að hann stofnaði Frið 2000, hafði hann eytt heilu ári í að lesa sér til um alþjóðastjórnmál og lesið yfir 200 bækur um tengd málefni.

„Fólk sá að þarna var kominn maður sem vildi umbylta kerfinu og veittist mismikið að mér. Þegar ég lýsti yfir framboðinu á Þingvöllum þá sagði ég að Ísland væri í greipunum á huldumönnum og að hér yrði efnahagslegt hrun ef ekki yrði gripið í taumana. Þá var búið að setja kvótakerfið á og verðmætin farin að færast yfir á fárra hendur sem verður svo að þessu mikla hruni."

En hvernig gat hann séð þetta fyrir svona snemma?

„Ég stofnaði Frið 2000 eftir að ég fékk sýn í hugleiðslu þar sem ég sá inn í framtíðina. Því gat ég spáð fyrir öllu því sem gerðist. Ef það er farið í gegnum allt sem ég hef sagt í gegn m tíðina sést að það hefur allt ræst. Ég áttaði mig á því að það þurfti boðbera til að boða stefnumál Friðar 2000 á alþjóðavettvangi til að hafa áhrif og ná fylgi," segir hann.

Síðustu árin fyrir aldamótin heimsótti Ástþór reglulega New York og sótti fundi hjá Communications Committee for the United Nations.

„Þar kynnti ég þá einstöku sögu þjóðarinnar að hafa aldrei rekið eigin hernað. Þetta var síðan til þess að haldinn var stofnfundur World Peace 2000 Network hjá Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Töluverður áhugi skapaðist á Íslandi sem framtíðarlandi friðarstarfs. Þetta varð meðal annars til að friðarsúlan reis í Viðey en ég hitti og hafði áhrif á fólk sem ræddi um slíka hugmynd."

Konurnar seinni að kveikja

Svo virðist sem ungir karlmenn séu dyggustu stuðningsmenn Ástþórs í kosningabaráttunni í ár. Hann segist finna fyrir miklum stuðningi og það hafi gengið betur að safna undirskriftum en áður. Hann telur konur ekki eins tilbúnar að styðja við sig þar sem hugmyndir hans séu svo róttækar.

„Það hefur alltaf verið þannig að yngri karlmenn eru þeir sem hafa kveikt á því sem ég er að segja. Kannski vegna þess að það er svo róttækt. Konurnar eru seinni til að kveikja á þessu," segir hann.

Seldi allt fyrir málstaðinn

Líf Ástþórs hafði snúist um viðskipti þar til hann upplifði andlega vakningu í hugleiðslunni árið 1994.

„Ég var á kafi í þessu. Ég átti íbúð í London, hús í Norður-Englandi, íbúð á Spáni, þotu úti á flugvelli... lífið snerist um þetta og ég áttaði mig á því að ég var búinn að fá leið á því. Sá að þetta var ekki lífið. Eftir þessa skýru vitrun byrjaði ég að hugsa hvað ég gæti gert til að breyta þessu og eyddi öllum mínum tíma og peningum í hugsjónastarfið. Því ég er í þessu af hugsjón," segir hann. „Spurningar um fjárhag minn koma alltaf upp og svarið er ósköp einfalt: Ég vinn eins og annað fólk, en er búinn að átta mig á því að maður tekur ekki peningana með sér í gröfina. Ég eyði þeim í þetta. Peningar fyrir mér eru bara kaldir og ég hef allt sem ég þarf. Ég hef stundum verið blankur en ég svelti aldrei. Ég treysti bara á guð og lukkuna í því. Ég held að þetta sé bara spurning um forgangsröðun í lífinu þegar maður er búinn að átta sig á því."

Allt byggt á misskilningi

Ástþór hefur verið handtekinn oftar en einu sinni, ákærður fyrir eignaspjöll og sýknaður. Hann hefur kært umfjallanir fjölmiðla til lögreglu, tekið myndir inn um glugga á ritstjórn DV og mætt í réttarsal ýmist í jólasveinabúningi eða útataður í tómatsósu. Hvernig á þjóðin að túlka þessa gjörninga manns sem vill verða forseti hennar?

„Þetta hefur allt verið mjög mikill misskilningur. Það liggur saga að baki því að ég fór til dæmis í réttarsal í jólasveinabúning, sem var samfélagsádeila. Ég hafði fengið mannúðarverðlaun grísku kirkjunnar fyrir að fara til Írak með nauðsynjar og flutt mjög veika stúlku til Hollands á sjúkrahús. Þeir sögðu að mér hafði tekist að stöðva fyrirætlanir Clintons að ráðast á Írak á þessum tíma.

Það að koma þarna með jólasveina, gjafir og lyf náði í fimm daga að vera aðalfréttaefnið á stöðvum Bandaríkjanna og náði gífurlegri umfjöllun um allan heim. Vegna þess að ég mætti með jólasveina inn í múslímaland, sem er algjör þverstæða, og var viljandi gert því það var fréttnæmt. Ég hélt nokkra blaðamannafundi, fór í samstarf við CNN þegar ákveðið var að flytja veiku stúlkuna til Hollands. Og í kjölfar ferðarinnar og þeirrar umfjöllunar sem hún fékk, reis upp mótmælaalda gegn Bandaríkjamönnum og þeirra áætlunum um að ráðast á Írak, sem varð svo til þess að ég fékk allt bandaríska kerfið upp á móti mér.

Svo ætla ég að fara aftur til Írak. Þegar ég er kominn út á Keflavíkurflugvöll með jólasveininn með mér og sit í vél Flugleiða sem var að fara í loftið, kemur lögreglan keyrandi inn á flugbrautina með blikkandi ljós og stöðvar vélina. Þetta var eins og í bíómynd. Þeim hefði dugað að hringja inn til vélarinnar, en létu sér það ekki nægja. Utanríkisráðuneytið hafði bannað okkur að fara í loftið."

Ástþór sendi út fjöldapóst sem tilgreindi andstöðu hans við því að flugvélar Icelandair væru notaðar í samhengi við Íraksstríðið. Hann segir að um þremur tímum eftir að pósturinn hafði verið sendur hafi hann verið handtekinn og færður í fangaklefa þar sem hann dvaldi í um það bil viku. Hann mætti í jólasveinabúningi í héraðsdóm til að vekja athygli á því hversu vitlaus málsgögnin hafi verið.

„Ég segi að skjölin séu svo vitlaus að þau eigi heima uppi á fjöllum með hinum jólasveinunum," segir hann. „Þetta var þjóðfélagsleg ádeila þar sem bent var á að réttarkerfið var misnotað."

Með því að mæta í hvítri skyrtu útataðri í tómatsósu vildi Ástþór benda á hvernig fórnarlömb Íraksstríðsins litu út, stríðs sem íslenska ríkisstjórnin studdi. Sama dag og hann mætti fyrir dóm heyrði hann í fréttunum að um 4.000 óbreyttir borgarar hefðu fallið í loftárásum Bandaríkjamanna. Aðspurður gefur hann ekki mikið fyrir að hafa tekið myndir inn um glugga ritstjórnar DV.

„Það var svar mitt við að ljósmyndari þeirra stökk út úr bifreið á götuljósum til að ljósmynda mig inn um bílrúðuna er ég var að aka frá sjúkrahúsi þar sem móðir mín lá fyrir dauðanum."

Óviss með að upplifa breytingarnar sjálfur

Ástþór er með stórar hugmyndir fyrir íslensku þjóðina og forsetaembættið sjálft.

„Ég vil breyta embættinu svo það verði leiðandi afl sem dregur hingað nýja starfsemi í friðarmálum og lýðræðisþróun," segir hann. „Ég vil meðal annars nota Keflavíkurflugvöll fyrir aðsetur Friðarstofnunar SÞ, sem gæti skapað mörg hundruð störf. En ég hef aldrei reiknað með því að ég endilega sjái afraksturinn af þessu í mínu lífi. Þetta er framtíðarsýn sem ég tel mig vera eitt lítið hjól í að búa til."

En er hann bjartsýnn?

„Ég er bjartsýnn á að ég nái að virkja Bessastaði. En auðvitað verður maður svo að bíða og sjá hvað kemur upp úr kössunum."

VINNA MARKVISST Í ÞÁGU FRIÐAR

- Forsetinn skal starfa sem hlutlaust sameiningartákn þjóðarinnar.
- Forsetinn á að fá nýtt hlutverk sem alþjóðlegur talsmaður friðar og mannréttinda.
- Á landinu skal rísa friðarháskóli og þróunarmiðstöð lýðræðis, friðar og mannréttinda. Einnig skal friðargæslu Sameinuðu þjóðanna boðin aðstaða á Keflavíkurvelli og forsetaembættið vinni markvisst að því að fá til Íslands tengda starfsemi.
- Náttúruauðlindir skulu vera í eigu þjóðarinnar

Á EINA DÓTTUR

Ástþór Magnússon Wium er fæddur árið 1953 og er giftur Natalíu Wium. Hann á eina dóttur úr fyrra hjónabandi, tvö barnabörn og annað á leiðinni. Ástþór er lærður ljósmyndari og hefur mest allt sitt líf starfað sjálfstætt.

Loksins er sumarið að koma. Bjartar langar nætur framundan. Náttúrufegurð. Ferðahugur og ævintýraþrá: ferðalög. Allt lýsir þetta hinu íslenska og einstaka sumri svo ótrúlega vel. Sumrinu sem er tími ferðalaganna: tími ævintýranna. Komdu í Brimborg og gerðu góð kaup á sumarjeppanum.

jeppa dagar

Sumarið kemur á eftir vorinu!

Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið

Settu gamla bílinn uppí notaðan sumarjeppa frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.

Ferðalagið hefst í Brimborg

Nissan Patrol SE 4x4 (MX492)
3,0 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 9/2007. Ek. 96.000 km.
Verð áður: 5.100.000 kr.

810.000 kr. sumarafsláttur



4.290.000 kr.

Kauptu jeppann í dag og aktu honum út í sumarið

Volvo XC90 SE+ AWD (JP239)
4,4i V8 315 hö bensín sjálfskiptur 7 manna
Skrd. 12/2006. Ek. 117.000 km.
Verð áður: 4.490.000 kr.

800.000 kr. sumarafsláttur

3.690.000 kr.

betri kaup

Ford F-150 Crew Cab Lariat 4x4 (OG610)
5,4i V8 300 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 93.000 km.
Verð áður: 3.350.000 kr.

600.000 kr. sumarafsláttur

2.750.000 kr.

Toyota Land Cruiser 120 GX 4x4 (MT640)
3,0 165 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 8/2005. Ek. 145.000 km.
Verð áður: 4.290.000 kr.

600.000 kr. sumarafsláttur



3.690.000 kr.

Ford Explorer XLT Sport 4x4 (RF891)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2005. Ek. 108.000 km.
Verð áður: 1.990.000 kr.

410.000 kr. sumarafsláttur

1.580.000 kr.

Ford Explorer XLT Sport 4x4 (LV413)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 3.350.000 kr.

700.000 kr. sumarafsláttur

2.650.000 kr.

Ford Escape XLT AWD (HK765)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2007. Ek. 107.000 km.
Verð áður: 1.650.000 kr.

360.000 kr. sumarafsláttur

1.290.000 kr.

Ford Escape XLS AWD (HOX99)
2,3i 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 107.000 km.
Verð áður: 2.290.000 kr.

440.000 kr. sumarafsláttur

1.850.000 kr.

Ford Escape Limited AWD (VIN04)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2008. Ek. 90.000 km.
Verð áður: 3.190.000 kr.

610.000 kr. sumarafsláttur



2.580.000 kr.

Hyundai Tucson AWD (PU803)
2,7i 175 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2005. Ek. 63.000 km
Verð áður: 1.590.000 kr.

300.000 kr. sumarafsláttur

1.290.000 kr.

Volvo XC90 SE AWD (NZ071)
2,5i 210 hö bensín sjálfskiptur 7 manna
Skrd. 8/2006. Ek. 142.000 km.
Verð áður: 3.790.000 kr.

440.000 kr. sumarafsláttur



3.350.000 kr.

Hyundai Santa Fe AWD (NY705)
2,7i 170 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2005. Ek. 141.000 km.
Verð áður: 1.490.000 kr.

300.000 kr. sumarafsláttur

1.190.000 kr.

Settu gamla bílinn uppí góðan notaðan sumarjeppa frá Brimborg

Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið

Komdu í Brimborg og finndu jeppann sem hentar fjölskyldunni fyrir ferðalögin

Brimborg er í sumarskapi þessa dagana og býður nú fjölbreytt úrval af jeppum fyrir sumarið

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

Opið í dag

Komdu og skoðaðu sumarjeppa
á milli kl. 12 og 16
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

HLÍÐARFJALL Í skíðaparadísinni Hlíðarfjalli er meðal annars starfrækt Vetraríþróttamiðstöð Íslands. Fjöldi fólks brá sér á skíði á fjallinu um páskana eins og algengt er.

Mývatnssveit er vænsta veit

Náttúran skartar sínu fegursta í **vetrarríkinu við Mývatn** í Suður-Þingeyjarsýslu, fjórða stærsta stöðuvatn landsins, eins og *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari komst að á ferðum sínum á þessum slóðum á dögunum.

MÝVATN Girðingar þjóna mikilvægu hlutverki á svæðinu í kringum Mývatn eins og víða annars staðar. Þær eru þó ekki allar spánnýjar.

ELDFJALL Hið fallega Hverfjall, einnig kallað Hverfell, er eldgígur austan við Mývatn sem talinn er hafa myndast í öflugu þeytigosi fyrir um 2.500 árum. Fjallið var friðlýst sem náttúruvætti í júní á síðasta ári í þeim tilgangi að varðveita sérstæðar jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslu- og útivistargildis.

MÝVATN „Mý er af mönnum við vatnið / ef menn eru hestar á tún. / En vetningar eru því vanir / og vinna úr því kísilgúr," segir í ljóðinu Mývatn eftir Hallgrím Helgason.

www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótel! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!

Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel
Laugardaginn 14. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Sunnudaginn 15. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00

Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, styttur, kertastjaka o.fl

FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.

Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.

Kaupum alla demanta

Staðgreiðum einnig verk eftir þekkta íslenska listmálara
eins og Gunnlaug Blöndal,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason, Flóka,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttrir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
og fleiri.



Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hóteli

Upplýsingar og tímapantanir
Sverrir s. 661-7000

Eigið grænmeti bragðast best

Íslenska sumarið er of stutt fyrir ýmsar grænmetistegundir. Því þarf að drífa í að sá fyrir kálplöntunum í apríl. Það segir **Jóhanna B. Magnúsdóttir** garðyrkjufræðingur á Dalsá í Mosfellsdal sem rekur garðyrkjustöð og heldur námskeið um ræktun matjurta þar, úti um land og í leikskólum. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* fékk fræðslu um forsáningu grænmetis og undirbúning jarðvegsins.

Við byrjum á að kaupa okkur fræ. Ef við erum að tala um grænmeti í lítinn heimilisgarð þá er sniðugt að sá í litla plastdalla undan mjólkurvörum, fylla þær af næringarlítilli mold, dreifa þar 15 til 20 fræjum af hverri tegund og vökva. Muna bara að merkja hvað er hvað," byrjar Jóhanna B. Magnúsdóttir leiðbeiningar sínar um matjurtarækt. Hún er stödd í sexstrenda gróðurhúsinu sínu sem er hennar aðalvinnustaður á þessum tíma árs. Þar er hún með þúsundir smáplantna sem fyrir alúð hennar eiga eftir að vaxa og dafna og verða að hollri fæðu. Sumra þeirra sáði hún til í mars. „Íslenska sumarið dugar ekki öllum grænmetistegundum til að ná þroska og því þarf að sá snemma til þeirra sem lengstan vaxtartíma þurfa. Það eru til dæmis steinselja, púrrulaukur og rósakál. Nú er hins vegar hárrétti tíminn til að forsá flestum káltegundum, til dæmis grænkáli, blómkáli, brokkáli og hvítkáli," segir hún.

JÓHANNA B. MAGNÚSDÓTTIR Kann vel við sig í gróðurhúsinu sem er hennar aðalvinnustaður á þessum tíma árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrst hiti svo svali

Jóhanna segir dollurnar með fræjunum vel settar á volgum stað til að byrja með, til dæmis í stofuglugga og mælir með að dagblað sé breitt yfir þær fyrstu dagana. En um leið og fræin fara að spíra þarf að koma þeim fyrir í svalara herbergi (12-18 gráðum) og mikilli birtu, annað hvort með sólríkum glugga eða flúrperu, til dæmis bílskúr eða gestaherbergi sem stendur ónotað. Eftir viku til tíu daga er komið að því að færa kálplönturnar í aðra potta, eða plastdalla, eina í hvern, lyfta þeim varlega upp og pota þeim svolítið dýpra í seinni pottinn sem á að vera fullur af næringarríkri mold. Sáir hún aldrei neinu úti á þessum árstíma? „Nei, en ég veit um fólk sem gerir það og það getur alveg lukkast. Fer auðvitað eftir tíðarfarinu, en það er hægt að breiða yfir ræktunina. Mér finnst best að bíða með það fram í maí að sá úti og þá fer gulrótafræið fyrst niður. Ég sái gulrótunum ekki fyrr en um 10. maí."

Gulrótum líkar vel sendinn jarðvegur að sögn Jóhönnu. „Ég sái gulrótunum í raðir, bý til eins til tveggja sentimetra djúpar raufar með 20 til 25 sentimetra millibili, það auðveldar illgresishreinsun á milli. Svo er gott að hafa í huga að gulrótafræ spíra alveg upp í 90% svo maður má ekki setja fræin mjög þétt. Gott er að setja smá sand yfir fræin og mold líka og þjappa að. Svo er rosalega mikilvægt að vera duglegur að vökva, gulrótafræ eru mjög viðkvæm fyrir þurrki og mega ekki þorna á meðan þau eru að spíra." Jóhanna mælir með því að nota plássið á milli raðanna og sá hreðkum (radísum) þar. „Þá er komin hreðku-uppskera áður en gulræturnar þurfa plássið," segir hún. „Þær eru svo fljótar til."

> Það er gott að vera snemma í að vinna garðinn, setja skítinn í hann og stinga hann upp

Þurftafrekar plöntur

Jóhanna er með garðyrkjustöð á Dalsá. Þar selur hún plöntur til framhaldsræktunar og grænmeti þegar að uppskerunni kemur. „Ég rækta bara lífrænt þó ég hafi ekki enn haft fjármagn til að fá mér vottun. Kann það og vil í rauninni ekki kunna neitt annað," segir hún. Notar hún þá húsdýraáburð og ekkert blákorn í garðana? „Já bara húsdýraáburð og safnhaugamold. Matjurtir þurfa mjög næringarríka mold og það þýðir ekkert annað en að setja töluvert af húsdýraáburði og þangmjöli í garðinn vegna þess að þetta eru þurftafrekar plöntur."

Besti tíminn til að undirbúa útibeðin fyrir væntanlega matjurtarækt er einmitt núna, að sögn Jóhönnu. „Það er gott að vera snemma í að vinna garðinn, setja skítinn í hann og stinga hann upp," segir hún. En er ekki erfitt að ná í húsdýraáburð í þéttbýli, til dæmis hér á höfuðborgarsvæðinu? „Nei, það er hægt að fá nóg af skít hjá hrossaeigendum. Þeir þurfa alltaf að losa sig við hann og borga fyrir það. En hrossaskítur þarf að vera minnst þriggja mánaða gamall þegar hann fer í garðana og það getur verið vandamál að ná í hann með stuttum fyrirvara. Maður þarf líka að snúa sér til einhvers hesteiganda sem notar ekki mjög mikið af spónum. En svo er líka hægt að leita til ýmissa fyrirtækja, svo sem Gæðamoldar og Gámastöðvarinnar og ná sér í moltu úr safnhaug. Moltan er ekki alveg eins sterk og næringarrík og hrossaskítur en ef vel er að gerð hennar staðið eru öll næringarefni í henni."

VORLEGT Hér eru margar ólíkar tegundir grænmetis í uppvexti í gróðurhúsi Jóhönnu.

PRIKLUN Þessi pattaralega planta er á leið úr fjölbýli í einbýli.

Eitt enn. Er auðvelt að rækta lauk? „Já, það er auðvelt. Hvítlauk setur maður niður á haustin, stingur bara niður rifjum. En aðrar tegundir af lauk er hægt að setja niður núna og gróðrarstöðvarnar selja sáðlauka. Það þarf bara að setja skeljasand í beðin áður og áburð. Laukarnir þurfa kröftugan jarðveg með góðum áburði."

Jóhanna kveðst hafa verið að rækta frá því hún man eftir sér því hún er alin upp við það bæði í Biskupstungunum og á Snæfellsnesi. „Ég hef verið að rækta hvar sem ég hef verið og alltaf haft mestan áhuga á matjurtunum enda bragðast eigið grænmeti alltaf best," segir Jóhanna brosandi. Hún ætlar að veita leikskólakrökkum leiðsögn í að rækta matjurtir í vor og kallar sig „ömmu náttúru" í því hlutverki.

■ SÁNING INNAN HÚSS

Velja gott fræ - lífrænt (organic) eða F1. Kíkja á gildistíma aftan á pökkunum.
Kaupa nýtt gulrótafræ á hverju vori, kálfræ geymist milli ára.
Sáðmoldin – létt, næringarsnauð, gott að blanda með fínum vikri.
Bakkar – pottar. Mikið úrval til. Einnig hægt að nota plastbakka undan matvælum úr kæliborðum eða undan mjólkurvörum.
Mikilvægt að þvo notaða bakka.

■ SÁNINGARTÍMI MATJURTA - VIÐMIÐ

Forræktun innan dyra

Sáning	Tegundir
Um miðjan mars	salvía, rósmarín, timjan
Í lok mars	rósakál, púrrur, steinselja, sellerí
Um miðjan apríl	blómkál, hvítkál, spergilkál, grænkál, rauðkál
Eftir miðjan apríl	gulrófur, næpur, hnúðkál, rauðrófur, vorlaukur, höfuðsalat, spínat, ertur og baunir

Sáð beint út í beð

Sáning	Tegundir
Eftir miðjan maí	gulrætur, radísur, næpur
Í lok maí	spínat, klettasalat, blaðsalat, vorlaukur, kóríander

Salati, spínati, vorlauk, ertum og baunum er gott að sá innandyra snemma vors og svo aftur seinna að vorinu beint út í beð. Þá dreifist uppskeran. Einnig getur verið gott að sá næpum, klettasalati og fleiri tegundum úti með 2-3 vikna millibili í sama tilgangi.

STEINSELJA Jóhanna sáði í þennan bakka í mars og nú þarf hún að fara að prikla.

SÓPAÐU TIL ÞÍN MILLJÓNUM!

Fjórfaldur Lottópottur stefnir í **27 milljónir.**
Leyfðu þér smá Lottó!

THE EUROPEAN LOTTERIES RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION WLA

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

FÍTON / SÍA

Neðanjarðarbörn berjast áfram

Munaðarlaus börn í Rúmeníu voru kvikmynduð í lífsbaráttu sinni í heimildarmyndinni um Neðanjarðarbörnin sem kom út árið 2001. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. ***Magnús Halldórsson*** skoðaði sögu barnanna sem hin verðlaunaða heimildarmynd fylgdi eftir og hvernig þeim hefur gengið á lífsins leið síðan. Hún hefur verið þyrnum stráð, svo ekki sé meira sagt.

Algengt er að börn berjist fyrir lífi sínu á hverjum degi á götum stórborga Rúmeníu. Hin margverðlaunaða heimildarmynd, Neðanjarðarbörnin (Children Underground), sem kom út fyrir tæplega ellefu árum, bregður ljósi á þetta samfélagsmein og ekki síður þá miklu hæfileika sem börnin búa yfir, til þess að geta lifað af. Kvikmyndin hlaut fjölda viðurkenninga árið 2001 og 2002, m.a. á Sundance-kvikmyndahátíðinni og þá var hún tilnefnd til Óskarsverðlauna.

Kvikmyndaleikstjórinn og blaðamaðurinn, Edet Belzberg, og kvikmyndatökumaðurinn Wolfang Held fylgdu fimm börnum eftir sem lifðu á götunni og héldu jafnan til á lestarstöðvum í höfuðborginni Búkarest. Þegar myndin var tekin upp, voru börnin á aldrinum 8 til 16 ára. Þau eru því orðin fullorðin í dag.

BELZBERG Edet Belzberg, kvikmyndaleikstjóri, heldur erindi. NORDICPHOTOS/AFP

NEÐANJARÐARBÖRNIN Börnin sem um er fjallað í heimildarmyndinni Children Underground drepa tímann með ýmsum hætti. Hér sjást þau á þaki Victorei lestarstöðinni í Búkarest. MYND/CHILDREN UNDERGROUND.

Hvar eru börnin nú?

Áform eru nú uppi um að gera framhaldsmynd um neðanjarðarbörnin, þar sem farið verður yfir lífshlaup þeirra. Belzberg og Held hafa látið hafa eftir sér að sú saga sé ekki síður átakanleg og merkileg en ekki liggur þó fyrir enn hvenær myndin á að koma út eða hvaða tímabil í lífi barnanna verður undir smásjánni.

Óhætt er að segja að líf barnanna hafi verið þyrnum stráð. Börnin þurftu oft að grípa til örþrifaráða til þess að verða sér úti um mat, t.d. með þjófnaði og betli. Þá var vændi aldrei langt undan, fíkniefnanotkun og gróft ofbeldi sömuleiðis.

Hörmulegustu senur myndarinnar eru hins vegar ekki tengdar þessum skugghliðum lífsins á götunni, heldur frekar þegar börnin engjast um af sorg vegna þess hve mikið þau sakna ástvina, einkum systkina og mæðra. „Á tímabili fannst mér þetta bara einum of," sagði Belzberg er hún tók við Sundance-verðlaununum eftir útgáfu verðlaunanna árið 2000. „Ég hélt að það væri ekki hægt að ljúka svona verkefni vegna þessara erfiðu stunda sem maður sá."

Mannleg eymd

Þegar myndin var gerð var áætlað að í Búkarest einni hefðu verið um 30 þúsund munaðarlaus börn á götunni. Mörg þeirra flúðu erfiðar fjölskylduaðstæður, en stór hluti var áður á alræmdum munaðarleysingjahælum sem sett voru upp í stjórnartíð kommúnistaleiðtogans Nicolae Ceausescu sem steypt var af stóli með byltingu árið 1989. Hann var tekinn af lífi ásamt eiginkonu sinni í kjölfarið.

Myndin sýnir vel hvernig áhættusamt líferni barnanna mótar þau sem einstaklinga, bæði hvað varðar skapgerð og hæfileika. Börnin sem fylgt var eftir heita Cristina Ionescu, 16 ára, Mihai Alexandre Tudose, ellefu ára, Violeta ‚Macarena' Rosu, 14 ára, Ana Turturica, 10 ára, og Marian Turturica átta ára. Þau eru öll á lífi í dag og tæplega ellefu árum eldri.

Í myndinni er sú elsta, Cristina, harðgerður leiðtogi, hikar ekki við að slá þau yngri utan undir, og rekur þau áfram með harðri hendi. Á sama tíma er hún að berjast við söknuð og brotið bakland fjölskyldu sinnar. Þau yngri halda jafnan til á lestarstöðvum, stela sér smávægilegum mat og drykk hér og þar, borða upp úr ruslafötum og reyna með útsjónarsemi að halda á sér hita á köldum vetrarkvöldum. Það er ekki síst við þær aðstæður þar sem sést best hversu úrræðagóð börn geta verið í erfiðum aðstæðum. Í senum myndarinnar þar sem börnin eru ein á göngu um kvöld, sjást dekkstu hliðar tilverunnar hjá þessum barnahópi. Þar sveima siðlausir vændiskaupendur um og sýna börnunum áhuga. Stundum geta þau ekki annað en hlaupið í burtu, þá oftar en ekki grátandi.

Öll á lífi en áfram erfitt

Það má heita ákveðið afrek að þessi hópur sem myndin snýst um hafi lifað af og að fjögur börn af fimm hafi náð að koma einhverjum grunni undir líf sitt. Öll glíma við mikla fátækt og í reynd litla möguleika á mikið betra lífi, en það eitt að þeim hafi tekist að brjótast inn í betri lífsaðstæður en þau glímdu við í æsku sýnir mikla útsjónarsemi þeirra við oft og tíðum eins ömurlegar aðstæður og hægt er að hugsa sér.

Cristina hefur barist við heróínfíkn og þremur árum eftir útgáfu myndarinnar varð hún ólétt meðan hún var heróínfíkill. Frá þeim tíma hefur lífið snúist um næsta skammt og meðferðir til skiptis, eins og götufíklar glíma oft við. Barnið var tekið á fósturheimili strax við fæðingu.

Barátta Cristinu skipti hins vegar sköpum fyrir þau sem yngri voru, en hún tók þau undir sinn verndarvæng, þrátt fyrir hörku oft á tíðum, og hjálpaði þeim í gegnum eymdarlegt líf.

Líf hinna hefur þó ekki verið neinn dans á rósum. Mihai fluttist til Belgíu með þarlendum manni sem leitaði hann uppi á götum Búkarestborgar eftir að myndin var sýnd. Hann hjálpaði honum í gegnum stutt frönskunám, en nokkrum árum síðar var hann kominn aftur til Búkarest og bjó hjá starfsmanni félagsþjónustunnar í borginni. Marian fluttist á meðferðarstofnun eftir að lögreglan í Búkarest hreinsaði til á Victorei-stöðinni og hefur að mestu búið þar síðan.

Ana og Violeta hafa gengið í gegnum miklar raunir, verið misnotaðar og eru háðar fíkniefnum. Vændi hefur einnig verið hluti af þeirra lífi, eins og hjá mörgum öðrum börnum og ungmennum sem alast upp á götum Búkarest.

KASTLJÓSIÐ Á SAMFÉLAGSMEIN

Eftir að myndin var sýnd og verðlaunuð hafði hún mikil áhrif og þrýsti á stjórnvöld í Rúmeníu, og raunar víðar, um að búa betur að börnum sem búa við erfiðar heimilisaðstæður og alast upp á opinberum munaðarleysingjahælum. Eftir að Ceausescu var steypt af stóli urðu vannærð börn á munaðarleysingjahælum umtöluð í fjölmiðlum, og var þrýst mjög á um að hælunum yrði lokað hið snarasta. Það var gert, en þó án þess að huga að framtíðaráætlunum um hvernig ætti að hjálpa munaðarlausum börnum. Tugþúsundir barna lentu á milli í kerfinu og fóru flest á götuna eins og fyrr segir.

Mikið átak hefur verið gert til þess að bæta aðstöðu á munaðarleysingjahælum í Austur-Evrópu en hún er víða slæm og ekki bara í Rúmeníu. Betur má þó ef duga skal. Munaðarlaus börn eru víða á götum stórborga í Rúmeníu, þrátt fyrir að mynd Belzberg og Held hafi ýtt við og vakið athygli á samfélagsmeinu.

ÖMURLEGAR AÐSTÆÐUR William Snyder fékk Pulitzer-verðlaunin árið 1990 fyrir myndaröð um munaðarlaus börn í Rúmeníu. Myndin hér að ofan er úr þeirri röð, en hún sýnir Mimi Rizescu, starfsmann á munaðarleysingjahæli, gefa veikum börnum næringu við ömurlegar aðstæður í Vulturesti í Rúmeníu.

NÝJUNG
á íslenskum innréttingamarkaði

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA

Við höfum gert samning við einn stæsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem verða seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

Farðu alla leið með Eirvík

EIRVÍK innréttingar

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

ÍSBÚÐIR

LAUGARDAGUR **14. APRÍL 2012**

Kynningarblað
Jógúrtís, rjómaís, bragðarefur, sjálfsafgreiðsla og Stuðmenn í ísnum.

Til eru 57 tegundir af Jogerís. Tíu tegundir eru á boðstólum hverju sinni en þeim er reglulega skipt út.

Fersk og fitulítil hollusta

Vilji maður borða ís án þess að hafa áhyggjur af því að innbyrða óhollustu eða ótalmargar hitaeiningar þá er Jogerísinn svarið. Hann inniheldur engan hvítan sykur og innan við eitt prósent fitu og það eru aðeins 62 hitaeiningar í 100 millilítrum.

Leifur Grímsson

Emmessís hefur síðan í fyrra boðið upp á jógúrtís undir vörumerkinu Joger. Ísinn er einstaklega hollur og fitulítill og algjör nýjung hvað varðar hollustu. Leifur Grímsson, framkvæmdastjóri Emmessíss, segir að nú sé það engum vandkvæðum háð að fá sér ís og upplifa hámarksánægju án samviskubits yfir því að vera að innbyrða óhollustu eða ótalmargar hitaeiningar.

Hágæða Jógúrtís

„Joger jógúrtís er einstakur miðað við annan jógúrtís hvað varðar hollustu og gæði," segir Leifur. „Hann inniheldur engan hvítan sykur og er því með afar lágan kolvetnastuðul, eða tæp 15 prósent. Aðaluppistaðan er fersk undanrenna, fersk jógúrt, lífrænn agave-safi og ávaxtasykur. Í hverjum hundrað millilítrum eru einungis 62 kalorír sem ætti að teljast nokkuð gott miðað við bragðgóðan, ferskan og hollan ís."

Fljótlegt og þægilegt

Í dag er Jogerísinn fáanlegur í fimm ísbúðum sem allar byggjast á sjálfsafgreiðslu. Þar sér kúnninn sjálfur um að dæla ísnum og skammta sér það meðlæti sem hann kýs að fá sér með ísnum. „Það næst miklu betra flæði með sjálfsafgreiðslu og fólk þarf ekki að bíða. Þú einfaldlega færð þér það sem þú vilt og býrð til þá blöndu sem þér dettur í hug," segir Leifur. Ísbúðirnar bjóða upp á ferska ávexti, hnetur og fleira með ísnum en fólk hefur einnig val um að fá sér sælgæti kjósi það svo. „Þá minnkar auðvitað hollustugildið en ísinn er alltaf jafn hollur þótt nammið sé óhollt."

57 bragðtegundir

Það er ekki hægt að segja að það skorti fjölbreytni hvað bragðið varðar þegar kemur að Jogerís, en til eru 57 bragðtegundir af ísnum. Aðeins er þó boðið upp á tíu tegundir í einu í búðunum og er þeim skipt reglulega út fyrir utan súkkulaði, vanillu og jarðarber sem eru fastar bragðtegundir. Bragðefnið er hágæðabragðefni, innflutt frá Bandaríkjunum.

Ísköld útrás

Jogerísinn hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og hefur Emmessís gert samning við finnska ísframleiðslufyrirtækið Ingman Icecream, sem er í eigu Unilever, stærsta ísframleiðanda í heimi. „Við höfum gert samning um kaup á um eitt hundrað tonnum af Joger jógúrtísblöndu sem þeir ætla að selja til ísbúða víðs vegar um Finnland og í Eystrasaltslöndunum og samsvarar um sjö hundruð þúsund skömmtum af jógúrtís," segir Leifur ánægður með árangurinn. Íslendingar geta því fengið sér íslenskan Jogerís á ferðalagi um Finnland eða Eystrasaltslöndin og ef til vill víðar. Frekari útrás Jogerísss er í pípunum svo það lítur út fyrir að hann verði fáanlegur í enn fleiri löndum í framtíðinni.

Aníta og Aþena afgreiða ís með bros á vör í Skalla. MYND/STEFÁN

Skalli svalastur í bænum

Jón Magnússon, eigandi ísbúðarinnar Skalla, hefur selt Íslendingum ís í meira en fjörutíu ár. Hann segir góðan ís alltaf standa fyrir sínu.

Við bjóðum mikið úrval af ís og fullt borð af ávöxtum og sælgæti," segir Jón Magnússon, eigandi ísbúðarinnar Skalla, en hann og fjölskylda hans hafa selt Íslendingum ís í yfir fjörutíu ár.

„Við erum öllu vön og kunnum á þessu tökin," segir Jón glettinn en hann opnaði Skalla fyrst í Lækjargötu árið 1971. „Þar vorum við til ársins 1986, svo í Hraunbæ, þar á eftir í Hafnarfirði og vorum svo á Vesturlandsvegi í 20 ár. Hér í Ögurhvarfi höfum við verið í eitt ár og hér er gott að vera. Við höfum fengið mjög góðar viðtökur," segir Jón.

Auk hefðbundins rjómaíss fæst einnig í Skalla jógúrtís og svokallaður „gamli ís", sem er þó alls ekki gamall en öðruvísi á bragðið en hinn hefðbundni. „Gamli ísinn er kaldari og í honum er minni fita og ekki eins mikið rjómabragð af honum eins og af hefðbundnum rjómaís. Fólk skiptist yfirleitt í tvo hópa, sumir vilja bara rjómaísinn meðan aðrir vilja bara þennan gamla," segir Jón. „Jógúrtísinn er síðan sagður hollari en í honum er bara eitt prósent fita. En annars er það mín reynsla að þegar fólk fær sér ís er það ekki mikið að spá í öðru en að fá sér góðan ís. Við erum staðsett í íbúðahverfi og fólk kaupir mikið í lítratali, fyrir sjónvarpskvöldin. Góður ís er alltaf góður ís, svo þarf bara almennilegt fólk til að afgreiða hann og við höfum þetta allt saman hér í Skalla," segir Jón og er ekkert farin að þreytast á starfinu eftir fjóra áratugi.

„Nei, ég verð í ísnum áfram meðan ég endist. Mér finnst allur ís góður, allt of góður."

FRÍSKANDI FROSTPINNI ÚR BERJUM

1 bolli bláber
1 bolli hindber
1 bolli brómber
5 lauf fersk mynta
Safi úr ½ límónu
Örlítill sykur ef vill

Maukið hindberin og brómberin í skál, bætið bláberjunum út í og merjið þau en ekki öll, það er fallegt að hafa stöku heilt bláber í pinnanum. Kreystið safa úr hálfri límónu út í og smávegis af saxaðri myntu. Ef berjamaukið er of þykkt má þynna það aðeins með vatni eða ávaxtasafa. Smakkið, ef maukið er of súrt má bæta örlitlu af sykri út í. Hellið í íspinnamót og frystið.

ÍSBÚÐIN LAUGALÆK

Gamaldags ísbúðin þín á Laugalæk

Rjómaís
Gamaldagsís
Gamaldagsís með ekta jarðarberjum

Ný sending af Tröllapylsum

Laugalæk 8
Sími 561 2244



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: ívar Örn Hansen. ivarorn@365.is. s. 512-56473
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Minnist Dairy Queen með mikilli ánægju

Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður starfaði við ísbúð frænda síns uns örlögin leiddu hann í sjómennsku.

Dairy Queen ísbúðirnar voru til skamms tíma helsti samkomustaður fólks á góðviðrisdögum í Reykjavík. Biðraðirnar náðu langt út á götu. Dairy Queen var á fjórum stöðum, Hjarðarhaga, Aðalstræti, Bankastræti og í Álfheimum. Fyrsta búðin leit dagsins ljós 3. júní 1954 á Hjarðarhaga. Það var Þorvarður Árnason sem kom með hugmyndina að Dairy Queen frá Ameríku þar sem hann kynntist þessum ísbúðum.

Amma gerði íspinna

Valgeir er frændi Þorvarðar og var fastagestur í ísbúðinni á Hjarðarhaga. „Ég kynntist Dairy Queen í frumbernsku þar sem móðurbróðir minn rak ísbúðina. Þetta voru óhemju vinsælar búðir og mikil samsteypa á þess tíma mælikvarða. Ísinn var í öllum barnaafmælum. Ég á minningar um ömmu mína sem hjálpaði til við að gera íspinna. Ég lærði hins vegar að setja ís í brauðform eftir kúnstarinnar reglum. Skammt frá ísbúðinni á Hjarðarhaga var stærsti braggi á Íslandi, svokallaður Melabraggi," segir Valgeir.

„Einn stórfrændi minn, Vilhjálmur Einarsson íþróttamaður, gerði garðinn frægan þarna. Hann starfaði um tíma fyrir Dairy Queen og kynntist eiginkonu sinni þar. Ég minnist þessarar ísbúða með mikilli ánægju, enda allt voða spennandi í kringum þær. Mikil áhersla var lögð á hreinlæti og að gera allt rétt í sambandi við þetta vandmeðfarna hráefni."

Ók sendibílnum Knúti

Þegar ég var nítján ára var mér boðið að aka sendibifreiðinni Knúti, sem svo var kallaður en þetta var lítill Morris. Hann var notaður til að aka ísformum og öðru dóti á milli búðanna. Þetta var árið 1971 en þá fékk ég pláss á síldarbát sem veiddi í Norðursjó. Báturinn var ekkert sérstaklega fengsæll en ég fékk reynslu sem ég bý að alla ævi. Líklegast hefur sjómennskan verið hollari skóli en vinnan við ísbúðir. Þegar þetta koma upp mælti ég hins vegar með vini mínum, Jakobi Frímanni Magnússyni, í aksturinn. Hann fékk starfið og ók Knúti í eitt sumar," segir Valgeir.

Dairy Queen ísbúðirnar lifðu lengi hér á landi en þær hættu starfsemi fyrir nokkrum árum.

Valgeir Guðjónsson var fastagestur í Dairy Queen ísbúðinni á Hjarðarhaga en móðurbróður hans rak hana. MYND/GVA

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

SVANFRÍÐUR FAGNAR

Gömlu kempurnar úr Svanfríði fagna 40 ára afmæli hljómsveitarinnar á tónleikum í Austurbæ í kvöld. Eiríkur Hauksson söngvari tekur að sér hlutverk Péturs W. Kristjánssonar heitins sem hefði orðið sextugur á árinu. Einnig koma fram söngvararnir Elvar Örn Friðriksson og Pétur Örn Guðmundsson. Rifjuð verða upp vinsæl lög.

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Kojur bjarga málunum

Margar stærðir og gerðir af kojum og rúmum,
litlum og stórum, breiðum og mjóum
fyrir barnaherbergið og sumarbústaðinn!

Vefverslun husgogn.is

erum á Facebook

HÚSGAGNA HEIMILIÐ
Sérverslun með kojur og fylgihluti
112 Grafarvogi - Sími: 586 1000 - www.husgogn.is

www.gabor.is - facebook.com/gaborserverslun

Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum

Sérverslun með
Gabor® 25 ár á Íslandi

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

ÍSLENSK Í AMERÍKU Sólveig og Arnar með börnunum Freyju Katrínu, Kjartani Páli og Atla Nikulási. Fjölskyldan talar alltaf saman á íslensku úti og börnin því tvítyngd. MYND/VALLI

HVENÆR ERTU LAUS?

SKIPULÖGÐ *Sólveig Kjartansdóttir, rafmagnsverkfræðingur í Kalifornú, eyddi páskafríinu heima, en hún hefur hannað einstaka skipulagssíðu á netinu.*

Dagurinn fer í samveru og kveðjustund með fjölskyldu og vinum. Það kostar alltaf trega og nokkur tár, því maður veit aldrei hvenær næstu endurfundir verða. Á móti kemur að tíminn líður fljótt og áður en varir verðum við komin aftur í faðm fjölskyldunnar hér heima," segir Sólveig sem á morgun á fyrir sér tólf tíma ferðalag með eiginmanni og þremur litlum börnum til annarra heimkynna í San Francisco; nánar tiltekið í Kísildalinn þar sem þau hafa verið búsett síðastliðin níu ár.

TÖFRAR Í SAN FRANCISCO

„Við fluttum upphaflega út árið 1999 til að stunda framhaldsnám í verkfræði við Michigan-háskóla. Við ætluðum síðan að koma aftur heim en eitt leiddi af öðru og okkur buðust spennandi störf sem freistuðu til að afla okkur reynslu hér úti," segir Sólveig. Hún vinnur nú sjálfstætt að ýmsum verkefnum, en eiginmaður hennar Arnar Hrafnkelsson starfar hjá Google.

„Okkur líkar afskaplega vel í San Francisco. Loftslagið er dásamlegt og svæðið allt skemmtilegt. Daglegt líf fer að mestu í vinnu, skólaskutl og tómstundir með börnunum, en um helgar njótum við útivistar í borginni og einstakri náttúrunni allt um kring," segir Sólveig og bætir við að á veturna fari fjölskyldan oft á skíði í nálægum fjöllum og á sumrin í tjaldútilegu við eitthvert vatnanna inni í landi.

„Á þessu svæði eru ótrúlega fjölbreyttir útivistarmöguleikar; allt frá Ólympíu-skíðasvæðinu í Squaw Valley til dásamlegra stranda við vötn og Kyrrahafið á sumrin. Á Íslandi förum við svo flesta daga í frábærar sundlaugarnar og gæðum okkur á íslenskum mat sem við fáum ekki úti, eins og lambakjöti sem er í uppáhaldi."

EINFALDIR SAMFUNDIR

Eftir að Sólveig og Arnar fluttu vestur um haf hafa þau eignast þrjú börn sem nú eru á þriðja til áttunda ári og una hag sínum vel vestra.

„Úti höfum við hins vegar enga fjölskyldu upp á að hlaupa með barnauppeldið og þurfum því alfarið að treysta á okkur sjálf. Það krefst svo góðs skipu-

FRAMHALD Á SÍÐU 2

TVEIR HEIMAR

„Ég hlakka til að koma aftur heim í Kísildal, því hluti af almennri vellíðan er að vera í sínu vanalega umhverfi og sinna fastri rútínu."

Smurstöðin Dalvegi og Bílaáttan hafa sameinast að Smiðjuvegi 30
Verið velkomin

"Sá smurði gengur"

Bíla...Áttan
Smiðjuvegi 30
Sími 587 1400

Smurþjónusta og bifreiðaverkstæði

Smiðjuvegur 30 - gul gata

NÝ SENDING AF SPARIKLÆÐNAÐI

Útsalan að klárast en meiri lækkun

B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Barnavöru markaður

Burðarpokar
Burðarsjöl
Bækur
Hárbönd
Snúningslök
Taubleiur o.fl.

Lifandi markaði
Borgartúni 24
14. apríl frá 11-16

Hönd í hönd - Litla ljósið - Ljósberi - Auðvelt - Káti fíllinn - Montrassar - Charlie Banana

Nú styttist í sumarið

Að því tilefni bjóðum við öllum okkar viðskiptavinum upp á eftirfarandi vortilboð

10 TÍMAR OG 3 ÓKEYPIS
20 TÍMAR OG 6 ÓKEYPIS

Tilboð gildir út apríl, en tímarnir gilda í 1 ár frá kaupdegi

bailine®

bailine-þjálfun

Vertu flottara eintak af sjálfri þér!

bailine • Hlíðarsmári 11, 201 Kópavogur • sími 568 0510 • www.bailine.is

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

lags," segir Sólveig sem er skipulögð að eðlisfari og nýtti þann eiginleika til sköpunar skipulagssíðunnar When-Available.com, sem nú er orðin all útbreidd um heiminn enda afbrags liðsauki í annasamri dagskrá nútímafólks.

„Mér fannst vanta þægilega og fljótlega skipulagssíðu sem kæmi í stað þess að eyða dýrmætum tíma og fyrirhöfn í að senda tölvupóst fram og til baka á milli fólks til að finna hentugan tíma til samfunda," útskýrir Sólveig um WhenAvailable sem nú hefur verið í loftinu í þrjú ár, er ókeypis og náði fyrst útbreiðslu í Bandaríkjunum.

„Í eðli sínu dreifir síðan sér sjálf með góðu orðspori. Ég vildi hafa hana eins opna og mögulegt væri og að fólk þyrfti ekki að skuldbinda sig eða skrá sig inn, frekar en það vildi," segir Sólveig um síðuna sem er einföld í notkun og frábært liðsinni þegar skipuleggja á klúbba, fundi eða hvaðeina sem kallar á samfundi.

„Ef til stendur að halda matarklúbb spyr gestgjafinn gesti sína hvaða dagsetning hentar best og þeir sem svara sjá strax svör hinna gestanna og geta þá tekið daginn frá. Þá er hægt að blogga á síðunni; til dæmis um hvað hver ætlar að færa á matarborðið, sem sparar fólki tíma og fyrirhöfn."

Sólveig segir alltaf jafn gott að koma heim, eins og það er dásamlegt og gaman að fara í frí.

„Vinahópurinn úti er orðinn ansi stór og lífið allt úti gott. Ég kann sérstaklega vel við notalegt andrúmsloftið og hversu heimamenn eru upp til hópa vingjarnlegir, kurteisir og hjálplegir. Því hlakka ég til að koma aftur heim í Kísildal, því hluti af almennri vellíðan er að vera í sínu vanalega umhverfi og sinna fastri rútínu." ■ þlg

ÍSLAND ER LANDIÐ
Sólveig segist alltaf haldin vissri heimþrá vestra og sakna fjölskyldunnar mikið, enda missi þau talsvert af fólkinu sínu með því að búa svo fjarri fósturjörðinni.
MYND/VALLI

M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.

Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ego dekor



HNOTA - ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: **139.900,-**

Borðstofuborð
Stærð: 200x100cm
Tilboðsverð: **87.920,-**

DAKOTA leðurtungusófi
Stillanlegir höfuðpúðar - stærð: 277x165
Verð: **328.000,-**

FUNKIS svefnsófi
m/rúmfatageymslu - Stærð: 240X157
Tilboðsverð: **169.200,-**

FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

ASPEN tungusófi
Stærð: 289X156
Tilboðsverð: **197.100,-**

NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
Tilboðsverð: **179.100,-**

AMBER tungusófi
Stærð: 290x165
Tilboðsverð: **205.700,-**

SOMERSET TV skenkur
Litur: tobacco
Breidd: 180cm
Verð: **108.000,-**

SOMERSET skenkur
Litur: tobacco
Breidd: 150cm
Verð: **138.000,-**

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

BÍLAR & FARATÆKI

M.BENZ 190e. Árgerð 1990, ekinn 215 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 470.000. Rnr.221615.

SKODA Fabia comfort. Árgerð 2006, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.250.000. Rnr.103557

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

SPARIBAUKUR !

VOLVO V60 Wagon DIESEL 09/2011 6 gíra ek 16 þ.km (eyðsla 4.5 l. pr 100 km) vel búinn og flottur bíll ! Okkar verð 5790 þús (eftir lokun 8648989)

DIESEL !

Volvo S60 sedan Diesel 07/2011 6 gíra, ek 24 þ.km (eyðsla 4.5 L pr 100 km) vel búinn bíll okkar verð 5590 þús (eftir lokun 864-8989)

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

KTM 990 Adventure með ABS bremsum. Frábært ferðahjól. 3 vikna afgreiðslutími. Tilboðsverð: 2.299.900,- Aðeins 2 hjól eftir á þessu verði.

KTM og Husaberg umboðið
Rofabæ 7, 110 Reykjavík
Sími: 586-2800 / 893-2098
www.ktm.is

AUDI Q5 quattro. Árgerð 2012, ekinn 6 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.400.000. Rnr.102858.

Bílakaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
http://www.bilakaup.com

Barna- og fjölskylduleiksýningin Herra Pottur og ungfrú Lok verður sýnd í Kaldalóni í Hörpu nú um helgina. Sagan er sögð af sögumanni, sex brúðum og jafnmörgum hljóðfæraleikurum. Einn þeirra er Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari. „Í þessu verki blandast leikhúsið og tónlistin saman. Við hljóðfæraleikararnir erum hluti af sviðsmyndinni og tökum beinan þátt í sýningunni, sem gerir hana mjög sérstaka," segir hún.

Verkið var fyrst sýnt á Listahátíð árið 2010 og aftur á opnunarhátíð á Hörpu í fyrra. Það hlaut tilnefningu til Grímuverðlaunanna árið 2011 fyrir barnasýningu ársins.

Sýningin er bræðingur tónlistar frá 1927, eftir tékkneska tónskáldið Bohuslav Martinu, og sögu franska leikhúsmannsins Christophe Garda frá árinu 2007. Ævintýrið um herra Pott og ungfrú Lok er draumur lítils drengs um að áhöldin í eldhúsinu lifni við.

Sýningarnar fara fram klukkan 11.30 og 13.00 í dag og á morgun. Miðaverð er 1.800 krónur en sérstakt tilboðsverð er fyrir leikskólabörn, eða 750 krónur. Til að nýta sér það verður að snúa sér til miðasölu Hörpu. **- hhs**

Námskeið um göngu Þórbergs

Í ár eru liðin hundrað ár síðan hinn ungi og ástsjúki Þórbergur Þórðarson laumaðist í land í Norðurfirði á Ströndum og gekk alla leið til Reykjavíkur með það í huga að heilsa upp á elskuna sína í Hrútafirðinum. En hann gekk fram hjá bænum hennar án þess að gera vart við sig. Í tilefni þessarar göngu Þórbergs, sem hann greindi frá í bókinni Íslenskur aðall, ætla Pétur Gunnarsson rithöfundur og Baldur Sigurðsson íslenskufræðingur að halda námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Pétur mun meðal annars velta fyrir sér hvað Þórbergur var að hugsa þetta örlagaríka ár í lífi sínu og Baldur ætlar að fylgja göngu Þórbergs frá Norðurfirði til Reykjavíkur og heilsa upp á staðhætti og þjóðlíf fyrr og nú.

Á komandi sumri hyggst Ferðafélag Íslands svo skipuleggja gönguferð í fótspor Þórbergs á þrettán dögum þar sem ferðalangar kynnast fortíð og nútíð í mannlífi og munnmælum sem enn lifa um heimsókn Þórbergs fyrir hundrað árum.

Námskeiðið er haldið í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 í Reykjavík og hefst miðvikudaginn 18. apríl klukkan 20.15. Hægt er að skrá sig á endurmenntun.is eða í síma 525 4444.

ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

INGIBJÖRG KOLBEINSDÓTTIR
Sóltúni 12, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut, þriðjudaginn 3. apríl. Útförin fer fram frá Áskirkju, þriðjudaginn 17. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á KFUM og KFUK og Samband íslenskra kristniboðsfélaga.

Margrét Árný Sigursteinsdóttir
Sigurður Leifsson
Þórir Sigursteinsson
Birna Einarsdóttir
Gunnar Hersveinn
Friðbjörg Ingimarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR SAMSONARDÓTTIR
Hraunvangi 7, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði 30. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Alúðarþakkir fyrir hlýhug og auðsýnda samúð. Starfsfólk deildar 3b á Hrafnistu Hafnarfirði fær sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun.

Halldóra Hermannsdóttir
Ásmundur Jónasson
Aðalheiður Hermannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR
frá Kollafjarðarnesi síðar Stórholti Dalasýslu,

lést þann 12. apríl á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, Reykjavík. Jarðarförin auglýst síðar.

Börn hinnar látnu.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra,

SKARPHÉÐINS ARNAR ÁRSÆLSSONAR

Erla Inga Skarphéðinsdóttir
Helgi Valur Helgason
Sara Ósk Ársælsdóttir
Magnús Ómarsson
Helga Vala Helgadóttir
Helma Ýr Helgadóttir
Ólafur Erling Ólafsson
Skarphéðinn Guðmundsson
Guðbjörg Axelsdóttir
Erla Ársælsdóttir
Salka Dögg Magnúsdóttir

†

Okkar ástkæri,

SIGURÐUR JÚLÍUSSON
Álfaskeiði 72, Hafnarfirði,

lést þann 10. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þann 18. apríl kl. 13.00.

Ingibjörg Ása Júlíusdóttir
Jóhannes Þórðarson
Ásta Haraldsdóttir
Steinþór Nygaard
Erla Júlíusdóttir
Júlíus, Valgerður, Ásbjörn Ingi, Jón Páll, Sigurður Þór, Erlendur, fjölskylda og vinir.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

10cc

Háskólabíó

Laugardaginn 21. apríl kl 20:00

Miðasala á midi.is

Dreadlock Holiday - I´m Not In Love - Wall Street Shuffle
Things We Do For Love - Rubber Bullets - I´m Mandy Fly Me
The Dean And I -Life Is A Minestrone
- Art For Art´s Sake - Donna

DJASSVIÐBURÐUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

& CHICK COREA & GARY BURTON

HOT HOUSE TOUR HÖRPU 24. APRÍL

25 faldir Grammy-verðlaunahafar

Miðasala í síma 528 5050 og á harpa,is og midi.is

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

Á FIMMTUDAGINN verður komu sumarsins fagnað um allar grundir. Á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks verður opinn dagur milli 13 og 16, þar sem krökkum verður meðal annars boðið á hestbak og mörg hesthús á svæðinu verða opin fyrir gesti og gangandi. Frekari upplýsingar er að finna á www.fakur.is.

FRANSÍNA FLUTT TIL AFRÍKU

Fransína mús, sem var vinkona Björgvins Franz í Stundinni okkar, býr núna í Afríku þar sem hún hjálpar frænda sínum, Kalíhander ævintýragangaverði.

Hvað er að frétta af þér, Fransína? Ég er að vinna í Afríku. Ég er að hjálpa Kalíhander frænda mínum. Hann er ævintýragangavörður þar og það er alltaf svo mikið að gera hjá honum.

Er Afríka mikið öðruvísi en Ísland? Afríka er sko miklu stærri. Á Íslandi var ég alveg svolítið stór en Afríka er svo svakalega stór að ég verð bara minni. Mér finnst það dálítið skrýtið, en líka voðalega gaman.

Hvernig er veðrið í Afríku? Það er eiginlega alltaf sól hérna. Stundum er samt rigning og einu sinni rigndi froskum. Mér fannst það mjög fyndið en þeir meiddu sig smá þegar þeir duttu úr skýjunum. Það var samt allt í lagi með þá. Ég er eiginlega alltaf með sólgleraugu og stundum er ég líka í sundbol. Bleikum sundbol. En ég er bara í honum ef það rignir.

Eru margar óþekkar mýs þar sem þú býrð núna? Já, sjúklega margar. Sumar eru hvítar og brúnar og svartar. Sumar mýsnar verða líka gular út af sólinni.

Saknarðu Björgvins Franz? Já, ég sakna hans oft því hann var alltaf að búa til eitthvað vesen. Mér finnst hann svo fyndinn. Hann skrifar mér oft bréf og ég skrifa honum til baka. En mest sakna ég allra krakkanna á Íslandi. Þeirra sakna ég alveg heilan helling!

Hvað er best að borða í Afríku og á Íslandi? Í Afríku er best að borða ost og á Íslandi er best að borða ost. Stundum fæ ég mér litlar flugur og set þær inn í ostinn minn. Samt bara á laugardögum.

Prumparðu þá mikið á laugardögum? Nei, ekkert sérstaklega. Ég prumpa mikið alla daga, því það er best í heimi.

Hvenær kemurðu aftur heim? Ég veit það ekki. Ég kom samt heim um jólin til að heimsækja mömmu og öll systkinin mín. Það var mjög gaman. Sérstaklega af því að ég fékk fimm pakka.

Var gaman í flugvélinni á leiðinni til Afríku eða varstu hrædd? Heyrðu nú mig, ég fór auðvitað bara til Afríku með töfralyklinum mínum. Ég nenni ekki að eyða tíma í flugvélar. Svo er ég líka lofthrædd. Ég var bara nokkrar sekúndur á leiðinni. Ég gat ekkert lagt mig, en það var samt gaman og dimmt.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór? Ég er sko stór. Miklu stærri en allar aðrar mýs. Af því að ég á töfraduft. Ég vil allavega ekki verða stærri. En kannski verð ég söngkona. Ég held að ég syngi mjög vel. Engum öðrum finnst það samt. Börnin í Afríku syngja fyrir mig. Þau eru ótrúlega skemmtileg og stundum erum við á tánum saman.

FRANSÍNA MÚS Músinni finnst gaman í Afríku, sem er miklu stærri en Ísland.

BRANDARAKISTAN

Stína: Mamma, mamma, krakkarnir segja að ég sé með gæsahúð!
Mamma: Hvað er athugavert við það?
Stína: Fæ ég þá kannski fjaðrir?

Bóndinn við ferðamanninn: Hér í sveitinni vekur haninn okkur á hverjum morgni.
Ferðamaðurinn: Frábært! Stilltu hann endilega á klukkan átta.

Lögreglumaður ber að dyrum og ungur drengur kemur til dyra.
Lögreglumaður: „Er pabbi þinn heima?"
Drengur: „Neibb."
Lögreglumaður: „En mamma þín."
Drengur: „Nei, hún hljóp líka og faldi sig þegar þú barðir að dyrum."

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

www.ms.is



Fáðu þér góða mjólkurskvettu!

Skemmtilegur leikur í sumar

Nú er sumardagurinn fyrsti á næsta leiti og því vel við hæfi að læra eða rifja upp nokkur vorlög.

Allir krakkar á kreik
Allir krakkar á kreik,
komum strax út í leik
því að vorið og sólskinið kallar.
Leikum fjörugt og létt,
eins og lömbin á sprett,
út um ljómandi grundirnar allar.
Tra la la la la la…

Nú er sumar
Nú er sumar,
gleðjist gumar
gaman er í dag.
Brosir veröld víða.
Veðurlagsins blíða
:,: eykur yndishag.:,:

Látum spretta,
spori létta
spræka fáka nú.
Eftir sitji engi,
örvar víf og drengi.
:,: Sumarskemmtun sú:,:

Tíminn líður,
tíminn býður
sælan sólskinsdag.
Yndi er úti á grundum,
yndi er heim þá skundum
:,:seint um sólarlag.:,:

Við göngum
Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól
og sjáum hana þíða allt er kól,kól, kól.
:,:svo vætlurnar streyma og vetrinum gleyma,
því vorið er komið með sól, sól, sól:,:

Orðskýringar:
gumar = drengir
fákar = hestar
víf = stúlka/stúlkur
Merkið :,: þýðir að vísuhendingin er endurtekin.

Skoppa & Skrítla

SUMARHÁTÍÐ
NÝR DVD DISKUR

NÝR DVD DISKUR
2.799.-

SKOPPA, SKRÍTLA OG VINIR
SKEMMTA OG GEFA ÍS FRÁ EMMESSÍS
Í DAG Í SMÁRALIND KL. 15.00

999.-

Í TILEFNI AF ÚTGÁFU "ENN ÚT UM HVIPPINN OG HVAPPINN" ER

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKOPPU & SKRÍTLU FATNAÐI

emmessís

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 15. apríl.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

krossgáta



LÁRÉTT
2. hæð, **6.** frá, **8.** mánuður, **9.** hafið, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** enn lengur, **16.** bardagi, **17.** þjálfa, **18.** goð, **20.** pfn., **21.** ögn.

LÓÐRÉTT
1. þungi, **3.** hljóm, **4.** peningar, **5.** festing, **7.** fáskiptinn, **10.** gogg, **13.** frjó, **15.** máttur, **16.** siða, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** höll, **6.** af, **8.** maí, **9.** rán, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** at, **17.** æfa, **18.** guð, **20.** ég, **21.** arða.

LÓÐRÉTT: **1.** farg, **3.** óm, **4.** lausafé, **5.** lím, **7.** fáfaint, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** magn, **16.** aga, **19.** öð.

Ég og Groucho Marx

BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé

Dagur rennur upp og sólin skín á Álftanesið. Eftir endurnærandi svefn rumska ég og finn kaffiilm í loftinu. Það er gott að fara á fætur og gott að fá sér morgunsopann. Ég renni yfir blöðin. Þar er náttúrulega ekkert að frétta frekar en venjulega, merkilegt hvaða slúbbertar skrifa orðið í blöðin. Jú, jú, þarna eru ein, tvær pillur á mig, eins og við var að búast. Maður er nú einu sinni forseti.

JÆJA þá er að skella sér í sturtuna og koma sér í vinnufötin. Ætli brotið í buxunum sé ekki nógu stíft? Jú, þetta verður að duga. Hvað er nú á dagskrá í dag? Jú, eldri borgarar eru væntanlegir og ég þarf að ræða við þá um sögu Bessastaða. Síðan fer ég á sýningu nemenda í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Úff, enn einn bissí dagurinn á Bessastöðum. Jæja, þetta var sosum rólegt í gær. Þá komu Sturla og Arngrímur og ræddu við mig um baráttu sína gagnvart fjármálafyrirtækjum. Ekki það að sá fundur var á við fjóra! Morgundagurinn er líka tiltölulega rólegur, setning Búnaðarþings og ekkert annað.“

HVERN í veröldinni fýsir að eiga þá morgunstund sem lýst er hér að ofan? Þar er nokkrum skyldustörfum forsetans, sem lesa má um í dagskrá hans á heimasíðunni, skellt saman í áhugaverða daga. Tja, eða daga allavega. Samkvæmt dagskránni eru dagarnir ósköp svipaðir; forseti hittir þennan og hinn um þetta og hitt málið, er viðstaddur þennan og hinn viðburðinn og flytur þetta og hitt erindið. Einn til þrír viðburðir á dag virðist vera normið.

SENN líður að forsetakosningum og fagna því ýmsir að margir sækist eftir embættinu. Núverandi forseta finnst svo gaman í vinnunni að hann getur hreinlega ekki hætt. Og frambærilegasta fólk eyðir nú tíma sínum og peningum í að komast í starfið. Komast í þær aðstæður að líta yfir dagbók dagsins og sjá að vinnudagurinn ber í skauti sér opnun myndlistarsýningar og hátíðarkvöldverð Klúbbs matreiðslumeistara í Súlnasalnum.

GROUCHO Marx sagði eitt sinn að hann neitaði að vera meðlimur nokkurs þess félags sem samþykkti hann sem meðlim. Mér verður oft hugsað til hans þessa dagana. Margt gott má um það fólk segja sem sækist eftir því að verða forseti Íslands. En það hefur allt einn galla; það sækist eftir því að verða forseti Íslands.

ÞAÐ að vilja verða forseti Íslands er því í raun næg ástæða fyrir því að kjósa ekki viðkomandi. Líklega er best að finna þann sem síst vill verða forseti og skylda hann í djobbið.

myndasögur

Pondus Eftir Frode Øverli

Gelgjan Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið Eftir Tony Lopes

Barnalán Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Vnr. 49620204
26“ fjallahjól, 21 gíra.
34.900 kr.

Vnr. 41120463
Tvöföld
reiðhjólataska.
1.990 kr.

Vnr. 49620201
26“ götureiðhjól, kvenhjól, 6 gíra
með brettum og bögglabera.
29.900 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

VERUM KLÁR FYRIR SUMARIÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

1962-2012 50

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Vnr. 49620261
24“ reiðhjól, 18 gíra, hvítt.
29.900 kr.

Vnr. 49620200
28“ götureiðhjól fyrir karla, 6
gíra með brettum og bögglabera.
29.900 kr.

Vnr. 0291460
Blómakassi,
290x430x500 mm.
5.177 kr.

Vnr. 0291500
Ræktunarkassi,
500x1000x1200 mm,
gagnvarinn.
13.860 kr.

Vnr. 0291539
Garðbekkur, þriggja sæta,
gagnvarin fura.
22.942 kr.

Vnr. 0291440
VERBENA FACADE girðingar-
eining, 800x1800 mm.
5.215 kr.

ÚRVAL AF PALLAEFNI Á LÆGRA VERÐI

Vnr. 0058324
Fura, alheflað, 27x95 mm, AB-gagnvarið.
254 kr./lm

Vnr. 0058506
Fura, alheflað, 45x145 mm, AB-gagnvarið.
531 kr./lm

Vnr. 0058504
Fura, alheflað, 45x95 mm, AB-gagnvarið.
356 kr./lm

OUTBACK
Vnr. 50630099
OUTBACK gasgrill,
tvískiptur járnbrennari
og grillflötur 48x36 cm.
Neistakveikjari og
þrýstijafnari fylgja.
6,2 kW.
17.490 kr.

2 brennarar

OUTBACK
Vnr. 50630100
OUTBACK gasgrill,
tvískiptur járnbrennari
og grillflötur 48x36 cm.
Efri grind og hitaplata yfir
brennara, niðurfellan-
leg hliðarborð, neista-
kveikjari og þrýstijafnari
fylgja. 6,2 kW.
19.900 kr.

2 brennarar
Efri grind

Vnr. 50630097
SUNSET SOLO gasgrill,
með 3 brennurum.
39.900 kr.

3 brennarar
Efri grind

OUTBACK
Vnr. 50632306
OUTBACK gasgrill með
2 járnbrennurum.
69.900 kr.

2 brennarar
Efri grind

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

AUKASÝNING Á LA BOHÈME Vegna mikillar eftirspurnar eftir miðum hefur annarri aukasýningu verið bætt við á La Bohème, laugardagskvöldið 21. apríl. Þetta verður allra síðasta sýningin en rúmlega 9.000 miðar hafa þegar selst á óperuna.

JANA MARÍA Lofar því að söngfuglarnir syngi sinn fegursta söng.

Söngfuglar í vorskapi

Söngkonan Jana María segir frá lífi og starfi Erlu Þorsteinsdóttur, stúlkunnar með lævirkjaröddina, og hins þekkta Hauks Morthens á tónleikum í Salnum á morgun. Flutt verða þeirra þekktustu lög í bland við hin minna þekktu.

„Við verðum í sannkölluðu vorskapi," segir Jana María um sig og sína gesti, meðal annarra Valdimar Guðmundsson sem hún segir hafa komist einna næst því að hljóma eins og Haukur Morthens. Aðrir gestir eru Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir og Þór Breiðfjörð sem hefur slegið í gegn í Vesalingunum í uppfærslu Þjóðleikhússins. Hljómsveit hússins verður á sínum stað en hana skipa Hallgrímur Jónas Ingvason, Stefán Gunnarsson, Valgarður Óli Ómarsson og Þorvaldur Örn Davíðsson.

Þetta eru síðustu tónleikar vetrarins hjá Jónu Maríu undir yfirskriftinni Söngfuglar þar sem hún fjallar um ástsæla íslenska dægurlagasöngvara. Þeir hefjast kl. 15 á morgun og miðaverð er 2.500 krónur. Miðasala er á salurinn.is.

Kynjaverur í Kling & Bang

Myndlistarmaðurinn Sigga Björg Sigurðardóttir hefur skapað sinn eigin heim þar sem óræðar kynjaverur hafa verið gegnumgangandi stef. Í sýningunni 33, sem verður opnuð í Kling & Bang í dag, kynnir hún nýja karaktera til leiks.

SIGGA BJÖRG Listamaðurinn hefur unnið með myndheim þar sem óræðar kynjaverur ráða ríkjum. Á sýningunni 33 sýnir Sigga Björg mótaðri verur en hún hefur gert hingað til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á ferli sínum, sem spannar nú rúman áratug, hefur Sigga Björg Sigurðardóttir skapað heim sem dansar á mörkum hins heillandi og annarlega og andlitslausar og óræðar kynjaverur eru gegnumgangandi stef.

„Þetta er heimur sem ég hef verið að vinna með í raun frá því ég var lítil stelpa," segir Sigga Björg. „Ég á bágt með að útskýra hvaðan þessar verur koma beinlínis; þetta er eitthvað sem undirmeðvitundin sýður saman úr hinu og þessu fólki sem verður á vegi manns og ýmsum atburðum og birtast í þessum verum sem eru einhvers staðar á mörkum manna og dýra."

Á sýningunni 33, sem verður opnuð í Kling & Bang í dag, kynnir Sigga Björg 33 nýja karaktera til leiks – þrjá skúlptúra og 30 myndir. Sú breyting hefur þó orðið á verunum að þær eru meira unnar en hingað til; með augu, andlit og eigin auðkenni. „Ég veit ekki hvað varð til þess en ég ákvað að fara skrefi lengra og spyrja: hvað heitir þessi karakter og hver er hann?"

Ferill Siggu Bjargar spannar rúman áratug; hún útskrifaðist með BA-gráðu frá myndlistadeild Listaháskóla Íslands árið 2001 og með mastersgráðu í myndlist frá Glasgow School of Art árið 2004. Í Skotlandi ílengdist hún í sjö ár.

„Ísland er mitt aðalheimili núna en ég er alltaf með annan fótinn í Skotlandi," segir hún. Verkin á sýningunni 33 vann hún hins vegar að miklu leyti í Austurríki þar sem hún fékk stöðu gestalistamanns í nóvember og fram í janúar. „Sýningin hefur því alls verið um sex mánuði í vinnslu," segir hún. „Mér finnst mjög gott að fara út fyrir landsteinana til að vinna. Maður fær smá fjarlægð á sjálfan sig og nær betur að vinna úr því sem hefur verið að gerjast með manni heima og getur tekið gagnrýnar ákvarðanir."

Sýning Siggu Bjargar í Kling & Bang galleríi á Hverfisgötu 42 stendur til 6. maí. Í tengslum við sýninguna verður gefin út vegleg bók um verk Siggu Bjargar í 33ja eintaka upplagi. Þar birtist einnig nýr texti „Að horfast í augun við djöfsa" eftir Guðmund Odd Magnússon.

bergsteinn@frettabladid.is



SJÓN - Rökkurbýsnir eru tilnefndar sem besta skáldsagan í enskri þýðingu.

Gyrðir Elíasson og Sjón tilnefndir

Rithöfundarnir Sjón og Gyrðir Elíasson hafa verið tilnefndir til erlendra verðlauna. Ensk þýðing Rökkurbýsna eftir Sjón var í vikunni tilnefnd til Independent Foreign Fiction Prize í London, en þau eru veitt til bestu skáldsögunnar eftir samtímahöfund, sem hefur verið þýdd á ensku og gefin út í Bretlandi. Gríðarsterkir höfundar eru tilnefndir auk Sjóns: Umberto Eco, Haruki Murakami, Amos Oz, Peter Nadas og Bernardo Atxaga.

Þá hefur Milli trjánna, smásagnasafn Gyrðis Elíassonar, verið tilnefnt til evrópsku bókmenntaverðlaunanna, Prix Jean Monnet de Littérature Européenne, sem afhent verða í nóvember í haust. Stofnað var til verðlaunanna árið 1995 en þau eru veitt fyrir verk sem eru samin eða þýdd á frönsku. Meðal verðlaunahafa fyrri ára má nefna William Boyd, Herbjørg Wassmo, Arturo Perez Reverte og Antonio Tabucchi. Milli trjánna kom út í franskri þýðingu í byrjun apríl.

GYRÐIR ELÍASSON Frönsk þýðing Milli trjánna er tilnefnd til evrópskra bókmenntaverðlauna.



★★★★★

„Glæpasögur gerast ekki betri.“

SG / MORGUNBLAÐIÐ

LOKSINS FÁANLEGAR Á NÝ!







VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Stórsveitarmaraþon í Ráðhúsi Reykjavíkur

Um 140 tónlistarmenn taka þátt í hinu árlega Stórsveitamaraþoni, sem Stórsveit Reykjavíkur heldur í Ráðhúsi Reykjavíkur á laugardag. Stórsveitin býður til sín yngri og eldri stórsveitum landsins og leikur hver hljómsveit í um 30 mínútur. Fram koma: Stórsveit Reykjavíkur, Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Big Bang Lúðrasveitar verkalýðsins, Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar, Stórsveit öðlinga, Stórsveit Skólahljómsveita Reykjavíkurborgar og Stórsveit Tónlistarskóla FÍH.

Þetta er í sextánda sinn sem Stórsveitamaraþonið er haldið en það er liður í uppeldisstarfsemi Stórsveitar Reykjavíkur. Sveitirnar eru á ólíkum getustigum og aldri; allt frá börnum til eldri borgara. Tónleikarnir standa frá klukkan 13 til 16.30. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir, en áhorfendum er frjálst að koma og fara á meðan maraþonið stendur yfir.

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
Stórsveitamaraþonið er liður í uppeldisstarfi sveitarinnar.

Listdansskóli Íslands

Rafræn skráning er hafin

Skráning og ítarlegar upplýsingar um starfsemi skólans á www.listdans.is

Inntökupróf fara fram: laugardaginn 21. apríl 2012

Grunnskóladeild árgangar 2001 til 2003 (9 til 11 ára) milli klukkan 11:00 og 13:00

Eldri nemendur (12 til 15 ára) biðjum við að koma í opna tíma þegar kennsla hefst í haust

Framhaldsdeild árgangur 1995 og eldri, milli klukkan 14:00 og 16:00

Framúrskarandi árangur nemenda á innlendum og erlendum vettvangi

Tvær sýningar á ári í atvinnuleikhúsum

Farsæl starfsemi í 60 ár

Geymið auglýsinguna

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 14. apríl 2012

Gjörningar

13.00 Norski myndlistarmaðurinn Jana Winderen flytur fyrirlestur og tónlistargjörning í Listasafni Íslands. Viðburðurinn er hluti af fyrirlestraröðinni Panora - listir, náttúra og stjórnmál.

Fundir

11.00 Aðalfundur KFUM og KFUK á Íslandi verður haldinn að Holtavegi 28.

11.00 Áhugasamir hundaeigendur í Árborg og nágrenni efna til fundar um hagsmunamál hundaeiganda í húsi Rauða krossins að Eyravegi 23 á Selfossi. Fjallað verður um hundahald frá ýmsum hliðum. Allir velkomnir.

Sýningar

13.00 Vorsýning Félags áhugamanna um tréskurð opnar í Gerðubergi. Heiðurssýnandi er Örn Sigurðsson tréskurðarmaður. Lifandi tónlist verður við opnunina.

14.00 Arna Valsdóttir sýnir myndbands- og hljóðinnsetningu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin stendur til 22.júní.

14.00 Sverrir Björnsson (Dónald) opnar sýningu sína í kaffihúsi Gerðubergs. Um er að ræða sýningu á skopstúdíum á samfélagi og mannlífi.

15.00 Sýningin Núningur/Friction, Myndlistin í borginni og borgin í myndlistinni, opnar í Listasafni ASÍ. Sýningin er samvinnuverkefni með rúmlega 30 þátttakendum.

17.00 Ólöf Helga Helgadóttir frumsýnir vídeoverk sitt 7 hnettir, Helena Hansdóttir frumsýnir verkið Hornsteinn, Kláði og Sjón og Ríkharður H. Friðriksson frumsýnir hljóðinnsetningu sína Massar á sýningu í Freyjugöturóló, Freyjugötu 9. Sýningin er aðeins opin um helgina.

17.00 Sigga Björg Sigurðardóttir opnar sýninguna 33 í Kling og Bang gallerí, Hverfisgötu 42. Þar sýnir hún 33 portrett af skrautlegum og óhugnarlegum karakterum.

19.00 Listamaðurinn Unndór Egill sýnir verkið Gandhi vs Manson í Gallerí Klósetti, Hverfisgötu 61.

Umræður

11.30 Gunnar Bragi Sveinsson þingflokksformaður Framsóknar verður gestur á laugardagsspjalli Framsóknar, Hverfisgötu 33. Gunnar ræðir ofbeldisfulla framkomu Framkvæmdastjórnar ESB er ætlar að standa að óréttmætum málarekstri gegn Íslandi vegna Icesave.

14.00 Heimspekikaffihús verður haldið á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er Hvað eru til margar tegundir af vináttu? Allir velkomnir.

Uppákomur

22.00 Vorfagnaður Breiðfirðingafélagsins verður haldinn í Breiðfirðingabúð. Hljómsveitn Klassík leikur fyrir dansi. Allir velkomnir.

Tónlist

13.00 Stórsveit Reykjavíkur stendur fyrir árlegu Stórsveitamaraþoni í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fjölbreytt dagskrá með yfir 140 flytjendum og aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

14.00 Orgeltónleikarnir Orgel fyrir alla verða í Hallgrímskirkju. Guðný Einarsdóttir organisti Fella- og Hólakirkju flytur verkið Myndir á sýningu eftir Modest Moussorgsky. Sögumaður er Valur Freyr Einarsson, leikari. Aðgangseyrir er kr. 1.500, kr. 1.000 fyrir listvini og ókeypis fyrir börn.

16.00 Valkyrjurnar, Kvennakór Breiðholts, býður til söngveislu í Árskógum. Boðið verður upp á vöfflur og kaffi ásamt skemmtilegri söngdagskrá. Miðaverð er kr. 1.500, en kr. 500 fyrir börn.

16.00 Vortónleikar Breiðfirðingakórsins vera í Langholtskirkju.

21.00 Hljómsveitin Foreign Monkeys spilar á Bar 11. Hljómsveitin sendi nýlega frá sér lagið Zoology sem hefur notið mikilla vinsælda að undanförnu. Aðgangur er ókeypis og DJ verður í búrinu fram á nótt.

21.00 Lára Rúnars og Myrra Rós halda tónleika á Kaffihúsi Garðskaga í Garðinum. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

22.00 Tríó Glóðir spila lög Oddgeirs Kristjánssonar á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

22.00 Benni Hemm Hemm spilar spánýtt prógramm með nýrri hljómsveit á KEX Hostel. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Sýning um tengsl myndlistar og borgarsamfélags

Á fjórða tug lista- og fræðimanna taka þátt í sýningunni Núningur/Friction, sem opnar í Listasafni ASÍ í dag. Þar verða í öndvegi hugmyndir listamanna sem nýtt hafa sér þær sérstæðu aðstæður sem borgin býður upp á til listsköpunar, til dæmis með því að stofna til samstarfs við stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga sem stutt geta framkvæmd eða þróun hugmynda. Sýningarstjórar eru þeir Einar Garibaldi Eiríksson, Kristinn E. Hrafnsson og Ólafur Gíslason. Allir hafa þeir mikinn áhuga á fjölþættum tengslum myndlistar og borgarsamfélags og byggir sýningin á hugmyndum sem þeir hafa rætt og mótað á undanförnum misserum.

Sýningin í Listasafni ASÍ er eins konar miðstöð eða vinnustofa verkefnisins en verk listamannanna verða sett upp á ólíkum tímum og í margvíslegum birtingarmyndum, á víð og dreif um borgina, á þessu ári. Sýningin miðlar bakgrunnsupplýsingum um verk og athafnir listamannanna, auk þess að vera yfirlit um verkefnið í heild sinni. Þannig verður sýningarrýmið eins konar rannsóknarmiðstöð á borgarumhverfinu á myndlistarlegum forsendum. Vikulega á meðan á sýningu stendur verður boðað til málþings um verkefni listamannanna og málefni sem tengjast þeim. Meðal þátttakenda í sýningunni eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ásmundur Ásmundsson, Haraldur Jónsson, Harpa Arnardóttir, Hjálmar Sveinsson, Hlynur Hallsson, Ósk Vilhjálmsdóttir, Ragna Sigurðardóttir, Þorvaldur Þorsteinsson og Æsa Sigurjónsdóttir. Sýningin stendur til 13. maí.

NÚNINGUR Listamaðurinn Christian Hasucha sýnir meðal annars verk sitt Kleine Welten á sýningu sinni.

23.00 AK-Extreme snjóbretta- og tónlistarhátíð verður haldin á Græna Hattinum, Akureyri. Fram koma Agent Fresco, Endless Dark, Ugly Alex og Vintage Caravan. Miðaverð er kr. 1.500.

23.00 Beatur er í stuttri heimsókn á Íslandi og heldur tónleika á Ob-La-Dí Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.59 Stórhljómsveitin Greifarnir spila á SPOT, Kópavogi. Dans, söngur og brjálað stuð. 20 ára aldurstakmark.

Leiðsögn

14.00 Katrín Briem myndlistarmaður og myndmenntakennari mun leiðbeina gestum í teikningu á sýningunni Ásjóna í Listasafni Árnesinga. Allt efni er á staðnum og aðgangur er ókeypis.

15.00 Tinna Gunnarsdóttir, hönnuður, tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Rætur. Þetta er síðasta sýningarhelgi sýningarinnar sem einblínir á íslenska skartgripahönnun.

Umræður

13.00 Heilaafritun verður viðfangsefni smiðju LornaLABs og Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Halldór Úlfarsson myndlistarmaður og Deepa Lyengar hjá MindGames eru meðal frummælenda. Viðburðurinn fer að hluta til fram á ensku og er aðgangur ókeypis.

Útivist

10.00 Hjólreiðaferð verður farin frá Hlemmi í 1-2 klukkutíma um borgina á vegum LHM. Þáttaka er ókeypis.

Sunnudagur 15. apríl 2012

Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14.

Sýningar

13.00 Vorsýning Félags áhugamanna um tréskurð heldur áfram í Gerðubergi. Heiðurssýnandi er Örn Sigurðsson tréskurðarmaður.

14.00 Ólöf Helga Helgadóttir frumsýnir vídeoverk sitt 7 hnettir, Helena Hansdóttir frumsýnir verkið Hornsteinn, Kláði og Sjón og Ríkharður H. Friðriksson frumsýnir hljóðinnsetningu sína Massar á sýningu í Freyjugöturóló, Freyjugötu 9. Sýningin er aðeins opin um helgina.

Umræður

15.00 Margrét Jónsdóttir Njarðvík, vararæðismaður Spánar á Íslandi, og listamaðurinn Rebekka Rán Samper taka þátt í spjalli um katalónska menningu og sögu á Kjarvalsstöðum. Spjallið er í tengslum við sýningu listamannsins Antonis Tápies sem stendur þar yfir.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldin að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500, en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

Leiðsögn

14.00 Ágústa Kristófersdóttir, sýningarstjóri, mun leiða gesti um sýninguna TÍZKA - kjólar og korselett í Þjóðminjasafninu. Leiðsögnin er áhugasömum að kostnaðarlausu.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

ZUCKERBERG SAMDI SJÁLFUR Eins og greint hefur verið frá keypti Facebook fyrirtækið Instagram á dögunum fyrir einn milljarð dollara. Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, er ekki vanur að gera slíka samninga sjálfur en ku hafa verið maðurinn á bak við kaupin, nánast frá upphafi til enda.

Blómlegt sumar

Flaksandi síðbuxur, fallegir blazer-jakkar og munstraðar flíkur eru það sem vorvindarnir munu bera með sér til landsins. Sumardagurinn fyrsti er rétt handan við hornið og því tímabært að leiða hugann að helstu straumum vor- og sumartískunnar. Litir og munstur verða sérstaklega áberandi ásamt síðbuxum, helst víðum og flaksandi.

- sm

ISABEL MARANT

CHLOE

BLAZER-JAKKAR Blazer-jakkinn ætlar að tolla í tískunni ár eftir ár enda sniðið klassískt og fallegt. Mjúkir pastellitir verða vinsælir í vor og sumar og þá helst ferskjugulur, fjólublár og myntugrænn.

PHILIP LIM
NORDICPHOTOS/GETTY

STELLA MCCARTNEY

FLAKSANDI BUXUR Skósíðar og víðar buxur eru nánast skyldueign fyrir sumarið og sáust slíkar buxur víða á tískupöllum síðasta árs.

PROENZA SCHOULER

MUNSTUR OG PRENT Munstraðar flíkur verða mjög áberandi í vor og haust og skiptir þá engu hvort um er að ræða skyrtur, kjóla eða buxur. Blómamustur verður sérstaklega vinsælt.

JIL SANDER

BLÓMLEG SKYRTA Litríkar, blómlegar og alls kyns munstraðar skyrtur fást víða.

HOLL IÐJA Það þykir hollt fyrir sálina að vera stuðningsmaður íþróttaliðs.

NORDICPHOTOS/GETTY

Verða síður einmana

HEILSA Það er heilsubætandi að vera íþróttaaðdáandi ef marka má niðurstöðu rannsóknar sem gerð var við Murray-háskólann í Kentucky.

Vísindamenn við háskólann komust að því að sjálfsmynd þeirra er styðja ákveðið íþróttalið sé oft betri en þeirra er ekki styðja ákveðið lið í íþróttum. „Því meira sem menn samsama sig liði því betri verður andleg líðan þeirra," sagði prófessor Daniel L. Wann og bætir við að íþróttaaðdáendur séu ekki aðeins með betri sjálfsmynd en margur annar heldur verði þeir síður einmana.

SPÁNN

STUTT TIL BARCELONA

COSTA BRAVA

Frábær áfangastaður fyrir alla fjölskylduna!

Lloret de Mar er heillandi strandbær sem býður upp á frábæra og fjölskylduvæna afþreyingu; skemmtigarða, köfun, golf og spennandi skoðunarferðir og margt, margt fleira. Fjöldi góðra veitingastaða er á svæðinu og matarmenningin afar fjölbreytt.

Flogið er til Barcelona með nýjum vélakosti Iceland Express, Airbus 320. Farþegum ekið til og frá Lloret de Mar gegn vægu gjaldi.

Allar nánari upplýsingar er að finna á **www.expressferdir.is**

★★★
Don Juan Hotel
Verð á mann í 7 daga, frá:
81.500 kr.
- með fullu fæði
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Flogið út 1. júní. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna 103.000 kr.

★★★★
Guitart Central Park I Gold
Verð á mann í 7 daga, frá:
90.900 kr.
- með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.
Flogið út 1. júní. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna frá 103.000 kr

BÓKAÐU NÚNA! TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

Sérferð

TÖFRAR GARDA-VATNSINS

16.-23. júlí

Fáir staðir í Evrópu njóta jafn mikilla vinsælda og Garda-vatnið í norðurhluta Ítalíu. Möguleikar á afþreyingu eru óteljandi; siglingar, spennandi vatnasport, styttri og lengri skoðunarferðir, svo fátt eitt sé nefnt. Einnig er tilvalið að heimsækja nærliggjandi staði eins og Verona og Feneyjar. Fararstjóri: Margrét Laxness.

Verð á mann í tvíbýli frá
199.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á góðu 3* hóteli með morgunverði og þríréttuðum kvöldverði, akstur til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn. Ekki innifalið: Skoðunarferðir.
ATH. Lágmarksþátttaka er 20 manns.

Sérferð

ÆVINTÝRAFERÐ TIL TOSCANA

28. júlí-5. ágúst

Express ferðir bjóða einstaka ævintýra- og sælkeraferð til Toscana. Þetta verður sannarlega ógleymanlega ferð. Fararstjóri verður Halldór E. Laxness sem gjörþekkir héraðið. Meðal annars verður farið til Flórens, Pisa, Lucca, Siena og Montecarlo.

Verð á mann í tvíbýli frá
199.900 kr.
Fullt fæði

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgun- og kvöldverði. Skoðunarferðir og akstur. Íslensk fararstjórn allan tímann.

Tónleikar

MADONNA Í LONDON

16.-18. júlí

Express ferðir ætla að skella sér á tónleika með Madonnu í samvinnu við 2 DO IN LONDON. Þetta eru einu tónleikar Madonnu í ár svo það væri tóm vitleysa að láta þá framhjá sér fara. Tónleikarnir verða í Hyde Park sem er í miðri London.

Verð á mann í tvíbýli frá
117.900 kr

Innifalið: Flug með sköttum öðrum greiðslum, gisting 4* hóteli í 2 nætur ásamt morgunverði og miði á tónleikana.

Express ferðir

* Sveigjanlegir greiðslumöguleikar

Ármúli 7, 108 Reykjavík | **expressferdir.is** | sími: 5 900 100

35 ÁR fyllir leikkonan Sarah Michelle Gellar í dag en hún leikur þessa dagana í sjónvarpsþáttaröðinni Ringer sem er sýnd í Bandaríkjunum.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð Gallerís Foldar

Síðustu forvöð til að koma verkum á næsta uppboð er mánudaginn 16. apríl

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

CISV iceland
building global friendship

Ævintýrasumarið 2012

CISV á Íslandi auglýsir nokkur laus pláss fyrir hressa stráka og stelpur á aldrinum 12 - 13 ára í unglingaskipti nú í sumar. Unglingaskipti CISV eru einstök lífsreynsla þar sem íslenskum ungmennum gefst tækifæri til að búa á erlendu heimili í tvær vikur. Með sama hætti taka svo íslensku ungmennin á móti erlendum félögum sínum í tvær vikur. Fararstjórar sjá um meginhluta dagskrárinnar, t.d. leiki, skoðunarferðir, sundferðir, útilegur, tónlist og margt fleira en ungmennin taka einnig þátt í daglegu heimilislífi.
Þetta er einstakt tækifæri fyrir 12 - 13 ára unglinga

Ennfremur eru laus pláss í alþjóðlegar Youth meeting sumarbúðir í Japan 11. - 18. ágúst 2012. Þar koma saman 30 ungmenni frá 5 þjóðum og skipuleggja dagskrá samkvæmt hugmyndfræði CISV.
Laust fyrir 14 - 15 ára stráka

Nánar um CISV á Íslandi á www.cisv.is
Beinið fyrirspurnum á cisv@cisv.is eða í síma 8611122

6 VIKNA VORNÁMSKEIÐ
BJARTAR VONIR VAKNA!
AFRÓ TANGÓ BOLLYWOOD MAGADANS CONTEMPORARY BALKAN BREAK HIPHOP MÚSIKLEIKFIMI YOGA & PILATES
Gestakennarar á vorönn:
Eva Grainger=Contemporary
B-Boy Wilpower=Break
KRAM HÚSIÐ
www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860
SKRÁNING STENDUR YFIR

PROMETHEUS KYNNT Í PARÍS

Aðstandendur kvikmyndarinnar Prometheus fóru til Parísar á dögunum þar sem þeir kynntu myndina fyrir fjölmiðlafólki. Myndarinnar hefur verið beðið með þó nokkurri eftirvæntingu en hún er ekki frumsýnd fyrr en í byrjun júlí. Íslendingar bíða margir hverjir spenntir en hluti af tökunum fór fram hér á landi, meðal annars við Dettifoss.

Leikaranir Charlize Theron, Michael Fassbender og Noomi Rapace mættu til leiks hýr á brá annað en leikstjórinn Ridley Scott sem gaf ljósmyndurum alvarlegri svip. Mikið var rætt um klæðnað Theron og Rapace en blár kjóll Theron þótti skyggja á hvít jakkaföt sænsku leikkonunnar.

FLOTTUR Írski leikarinn Michael Fassbender var að sjálfsögðu mættur en hann leikur eitt af aðalhlutverkum myndarinnar.

TÖFFARI Leikkonan Noomi Rapace var í hvítklædd frá toppi til táar.

BLÁKLÆDD Leikkonan Charlize Theron var í bláum kjól og var ófeimin við að stilla sér upp fyrir framan myndavélarnar.

Sakar Love um að ljúga á Twitter

Fancis Bean Cobain, dóttir Kurts Cobain heitins og Courtney Love, er búin að fá sig fullsadda af móður sinni. Nýjasta útspil Love var að skrifa á Twitter síðu sína að Dave Grohl, fyrrum trommari Nirvana og núverandi söngvari Foo Fighters, hafi verið að reyna við dóttur sína. Francis Bean er æf vegna skilaboðanna og segir móður sína ljúga. „Ég reyni að skipta mér helst ekki af því sem móðir mín gerir en nú fór hún yfir strikið. Dave Grohl hefur aldrei reynt við mig og við erum ekkert meira en vinir. Ég er hamingjusöm í mínu sambandi," segir Francis Bean við E!Online en hún er trúlofuð kærasta sínum Isaiah Silva.

Talsmaður Dave Grohl segir tónlistarmanninn í uppnámi vegna ásakana Love. „Ásakanirnar eru niðurlægjandi og ekki sannar. Því miður segja þær meira um Love sem enn og aftur notar Twitter vefinn til að búa til vandræði."

Samband mæðgnanna hefur aldrei verið dans á rósum og árið 2009 missti Love forræðið yfir Frances Bean, sem í dag er 19 ára gömul.

KOMIN MEÐ NÓG Francis Bean Cobain segir móður sína Courtney Love ljúga á samskiptavefnum Twitter.

NORDICPHOTOS/GETTY

KOM Á ÓVART Það kom Crystal Humphries á óvart að kærasti hennar, Sam Worthington, væri þekktur maður.

NORDICPHOTOS/GETTY

Kærastinn kom á óvart

Crystal Humphries, kærasta leikarans Sam Worthington, vissi ekki að kærastinn var frægur fyrr en þau voru komin á fast.

Humphries starfaði sem barþjónn þegar hún kynntist Worthington en parið hefur verið saman í tæpt ár og deilir heimili á Havaí. „Hann sótti staðinn sem hún vann á reglulega og bauð henni loks á stefnumót. Þegar vinur hennar sagði henni frá því hver kærastinn væri varð hún mjög hissa," hafði tímaritið Star eftir heimildarmanni sínum.

Worthington varð heimsfrægur eftir leik sinn í kvikmyndinni Avatar og hefur síðan þá leikið í stórmyndum á borð við Clash of the Titans og Wrath of the Titans.

AFMÆLISTÓNLEIKAR

Nýdönsk heldur tvenna tónleika í september til að fagna tuttugasta og fimmta aldursári sínu. **Urður** úr Gus Gus og **Högni** úr Hjaltalín syngja með á tónleikunum.

Urður og Högni syngja með Nýdanskri

Stórhljómsveitin Nýdönsk mun halda upp á 25 ára afmæli sitt með tveimur tónleikum í september, í Hörpu þann 22. september og í Hofi á Akureyri þann 29. september, eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum.

Margir góðir gestir munu slást í för með meðlimum Nýdanskrar og taka með þeim nokkur ódauðleg lög. Nú þegar hefur verið staðfest um þátttöku Gus Gus söngkonunnar Urðar Hákonardóttur, þeirra Högna Egilssonar og Sigríðar Thorlacius úr Hjálmum, Kristjáns Kristjánssonar (KK) og Svanhildar Jakobsdóttur. Bryndís Halla Gylfadóttir, sellóleikari, og Samúel Jón Samúelsson, básúnuleikari, munu einnig láta ljós sitt skína.

Í tilefni afmælisársins munu ýmsir listamenn endurgera lög hljómsveitarinnar. Þar á meðal er KK sem nýlega tók upp lagið Frelsið sem hefur hlotið mikla athygli.

GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í **DINERS, DRIVE-INS & DIVES** Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
POWERSÝNING KL. 10
BATTLESHIP
AMERICAN PIE REUNION
THE HUNGER GAMES
LORAX
ÍSLENSKT TAL
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
BATTLESHIP	4, 7, 10(POWER)
AMERICAN PIE: REUNION	5.45, 8, 10.20
LORAX 2D ISL TAL	2, 4
LORAX 3D ISL TAL	2, 4
HUNGER GAMES	7, 10

SAMBÍÓIN
SAMbio.is
Hörku Spennutryllir frá framleiðendum "Girl with the Dragon Tattoo" og "Safe House".
BATTLESHIP
THE COLD LIGHT OF DAY
AMERICAN PIE: REUNION
TITANIC
MÖGNUÐ SPENNUMYND
GONE
WRATH OF THE TITANS

ÁLFABAKKA

BATTLESHIP KL. 1 - 3 - 5:20 - 8 - 10:40	2D	12
BATTLESHIP VIP KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40	2D	VIP
COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8 - 10:40	2D	14
AMERICAN PIE KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
WRATH OF TITANS KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	12
FRIENDS WITH KIDS KL. 5:50	2D	12
GONE KL. 8	2D	12
JOHN CARTER KL. 10:40	2D	7
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI KL. 1:30 - 3:40	2D	L
JOURNEY 2 KL. 1:30 - 3:40	2D	7
DÝRA FJÖR 3D M/ ÍSL. TALI KL. 1	3D	L
THE MUPPETS MOVIE KL. 1	2D	L

AKUREYRI

FRÍÐA OG DÝRIÐ ÍSL TAL KL. 2	3D	L
TITANIC 3D KL. 4	3D	L
THE COLD LIGHT OF DAY KL. 8 - 10:10	2D	14
FJÖRFISKARNIR KL. 2	2D	L
FRIENDS WITH KIDS KL. 4	2D	12
JOHN CARTER KL. 17:40	2D	12
GONE KL. 8	2D	12
WRATH OF THE TITANS KL. 10:10	2D	12

SELFOSS

SVARTUR Á LEIK KL. 6 - 8 - 10:10	16
GONE KL. 6 - 8 - 10:10	12
PUSS IN BOOTS M/ ÍSL TALI KL. 2 - 4	L
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI KL. 2 - 4	L

EGILSHÖLL

BATTLESHIP 2 - 2:50 - 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50	2D	12
THE COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
TITANIC KL. 8	3D	L
WRATH OF THE TITANS KL. 5:40 - 8	2D	12
PROJECT X KL. 5:50	2D	16
JOHN CARTER KL. 3	2D	7
JOURNEY 2 KL. 1 - 3.	2D	L
FJÖRFISKARNIR KL. 1	2D	L
FRÍÐA OG DÝRIÐ KL. 1	3D	12

KRINGLUNNI

LA TRAVIATA ÓPERA Í BEINNI ÚTSENDINGU KL. 5	2D	L
COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8:30 - 10:40 (SÝND SUNNUD. KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10)	3D	14
WRATH OF THE TITANS KL. 8 - 10:10 (SÝND SUNNUD. KL. 5:50 - 8 - 10:10)	3D	12
GONE KL. 5:50 - 8 - 10:10	2D	12
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI KL. 3:40	2D	L
DÝRA FJÖR 3D M/ ÍSL. TALI KL. 3:40	3D	L

KEFLAVÍK

BATTLESHIP KL. 8	2D	L
COLD LIGHT OF DAY KL. 10:40	2D	14
GONE KL. 8	2D	12
AMERICAN PIE : REUNION KL. 5:30	2D	12
SVARTUR Á LEIK KL. 10	2D	16
LORAX M/ ÍSL TALI KL. 1:30 - 3:30	3D	L
FRIENDS WITH KIDS KL. 5:50	2D	12
SKRÍMSLI Í PARÍS M/ ÍSL TALI KL. 2 - 4	2D	L

SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
midi.is
LÚXUS
TRANSFORMERS
HANCOCK
BATTLESHIP
"FRUMLEG OG MEINFYNDIN SÝRA SEM ÞARF AÐ SJÁ TIL AÐ TRÚA" - TÓMAS VALGEIRSSON, KVIKMYNDIR.IS
Dið hamum í friði!
BESTA MYND ÁRSINS UM NASISTA Á TUNGLINU Í FRAMTÍÐINNI!
Iron Sky
TITANIC
AMERICAN PIE REUNION
DREPFYNDIN MYND!
THE HUNGER GAMES
21 JUMP STREET

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

BATTLESHIP KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 5.15 - 8 - 10.45		12
BATTLESHIP LÚXUS	KL. 2 - 5 - 8 - 10.45	12
AMERICAN PIE REUNION KL. 1 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30		12
LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3	L
LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 6	L
HUNGER GAMES	KL. 5 - 8 – 11*	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 8 - 10.30	16

*AÐEINS LAUGARDAG ** AÐEINS SUNNUDAG

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS 5%

21 JUMP STREET FORSÝNING	KL. 10.20*	14
IRON SKY KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 - 8 - 10.15**		12
BATTLESHIP	KL. 3 (TILBOÐ) - 6 - 9	12
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5	10
LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 3 (TILBOÐ)	L
LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D	KL. 3 (TILBOÐ)	L
HUNGER GAMES	KL. 9	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

BATTLESHIP	KL. 8 - 10.20	12
AMERICAN PIE: REUNION	KL. 8 - 10.10	12
HUNGER GAMES	KL. 5.30	12
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.50	16
LORAX 3D KL. 2 (TILBOÐ) - 3.50	LORAX 2D KL. 2 (TILBOÐ) - 3.50	L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

SPILAR KLEZMER-TÓNLIST Heiða Björg Jóhannsdóttir er söngkona hljómsveitarinnar Klezmer Kaos. Sveitin spilar tónlist sem á rætur að rekja til Austur-Evrópu.

Hættu tökum vegna hávaða í flugvél

Hljómsveitin Klezmer Kaos heldur útgáfutónleika á Nasa þann 28. apríl næstkomandi í tilefni af útgáfu fyrstu plötu sveitarinnar, Froggy, er kom út í byrjun árs. Söngkona sveitarinnar er íslensk en aðrir meðlimir hennar eru franskir að uppruna.

Klezmer Kaos er skipuð þeim Heiðu Björgu Jóhannsdóttur, Charles Rappoport, Pierre Polveche, Sylvain Plommet og Laurent Lacoult og hefur sveitin komið víða fram í Evrópu sem og samið tónlist fyrir franskar heimildarmyndir.

Hljómsveitin spilar blöndu af hefðbundinni klezmer-tónlist og jiddískum og íslenskum þjóðlagaarfi. Heiða Björg, sem hefur verið búsett í París frá árinu 2004, segir klezmer-tónlist eiga uppruna sinn að rekja til Austur-Evrópu og eiga margt skylt með sígaunatónlist.

„Ég kynntist klezmer-tónlist fyrst á Íslandi, þó það kunni að þykja furðulegt, þegar ég stundaði nám á klarinett í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Stuttu síðar stofnaði ég mína fyrstu hljómsveit sem var þó aðeins til í nokkra mánuði," útskýrir Heiða.

Klezmer Kaos var stofnuð í byrjun ársins 2007 og var fyrsta plata sveitarinnar tekin upp í Tankinum á Flateyri. „Við byrjuðum á því að taka upp í París en skilyrðin þar voru þannig að ef flugvél flaug fram hjá tökuverinu urðum við að hætta að spila. Við ákváðum því að hætta og byrja aftur frá grunni í Tankinum."

Miðasala er hafin á Midi.is og er miðaverð 3.000 krónur. - sm

VERÐUR EKKI MEÐ Axl Rose vill ekki vera tekinn inn í Rock and Roll Hall of Fame með öðrum meðlimum Guns N´ Roses. NORDICPHTOS/GETTY

Axl vill ekki vera með

Rokkarinn Axl Rose afþakkaði inntöku hans í Rock and Roll Hall of Fame um helgina sem leið. Söngvarinn, sem sló í gegn með Guns N' Roses í lok níunda áratugarins, bað aðdáendur hljómsveitarinnar afsökunar á synjun sinni.

„Ég neyðist til þess af afþakka inntöku mína sem meðlimur Guns N' Roses inn í Rock and Roll Hall of Fame," skrifaði rokkarinn í bréfi. Hann segir ástæðu þessa vera þá að enn ríki mikið ósætti milli hans og annarra meðlima hljómsveitarinnar.

Í öðrum fréttum af Rose þá sást til hans snæða kvöldverð með söngkonunni Lönu Del Ray fyrir skemmstu og telja margir að hér sé nýtt músíkalskt par á ferð.

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ÍSLENSKT TAL
LORAX
TILBOÐ KL. 2
SÝND Í 2D OG 3D.
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BATTLESHIP
MÖGNUÐ ÞRÍVÍDD
JOURNEY 2
tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM
SAMBÍÓANNA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is

TILBOÐSBÍÓ
THE HUNGER GAMES
LORAX
AMERICAN PIE: REUNION

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRA BÍÓ midi.is

BATTLESHIP	KL. 1	12
AMERCAN PIE: REUNION	KL. 1	12
LORAX 3D/2D	KL. 1	L

HÁSKÓLA BÍÓ midi.is

IRON SKY	KL. 3.30	12
HUNGER GAMES	KL. 3	12
LORAX 3D	KL. 3	L
LORAX 2D	KL. 3.30	L

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

LAUGARDAGUR: IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *INDLAND: HÁLSMENIÐ 17:00* ■ *INDLAND: VÉLMENNI* 20:15 ■ CARNAGE 20:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ MARGIN CALL 17:50 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS)* 20:00 SUNNUDAGUR: IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *INDLAND: VÉLMENNI 17:00* ■ *INDLAND: STÓRI DAGURINN* 20:15 ■ CARNAGE 20:00, 23:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ MARGIN CALL 20:00, 22:10 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS)* 17:40, 22:20
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

IRON SKY grænu ljósið
KÖLT-GRÍNMYND ÁRSINS!
11.-20. APRÍL
INDVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ

Varaði við Humphries

Sjónvarpstjarnan Khloe Kardashian segist hafa varað systur sína Kim við hjónabandi hennar og Kris Humphries körfuboltastjörnu.

Í viðtali við Ellen DeGeneres viðurkennir hún að hafa líkað við Kris sem persónu en ekki sem eiginmann systur sinnar. Hún segir einnig frá því að hún var sú eina sem var hreinskilin og sagði Kim að henni litist ekki vel á samband þeirra.

Khloe líkar mun betur við þá hugmynd að Kim og Kanye West, sem er fjölskylduvinur Kardashian-fjölskyldunnar, verði saman.

HREINSKILIN Þær Khloe og Kim eru hreinskilnar systur.

42 DAGAR í aðalkeppni Eurovision

Engin neonljós

Strákarnir í Trackshittaz, sem keppa í Eurovision fyrir hönd Austurríkis, hafa breytt sviðsframkomunni í atriði sínu fyrir keppnina í Bakú.

Í atriðinu í austurrísku undankeppninni var mikið notast við neonljós á sviðinu og voru dansararnir til dæmis klæddar í samfestinga með neonröndum. Af öryggisástæðum verður ekki hægt að hafa sviðið í Bakú alveg myrkvað og mun neonlýsingin því ekki skila sér eins vel til áhorfenda. Fjölmiðlafulltrúi hópsins, Roman Horacek, sagði aðdáendur þó ekki þurfa að örvænta því von væri á flottara atriði fyrir vikið.

Austurríki keppir í fyrri undankeppninni þann 22. maí, ásamt okkur Íslendingum, og verða strákarnir þeir sextándu í röðinni á sviðið. - trs

HRESSIR TRACKSHITTAZ-DRENGIR Öryggisreglur gerðu það að verkum að austurrísku strákarnir þurftu að breyta atriðinu sínu fyrir keppnina í Bakú.

ÞAKKAR HRÓSIÐ Adam Levine þakkaði Jennifer Love Hewitt falleg orð í sinn garð. NORDICPHOTOS/GETTY

Þakkar Love fyrir hrósið

Leikkonan Jennifer Love Hewitt lýsti því yfir í spjallþætti Ellen Degeneres að henni þætti söngvarinn Adam Levine myndarlegur og að þau gætu orðið flott par.

„Þetta er mikið hrós og þetta var fallega sagt af Jennifer, en ég mun ekki láta ummælin stíga mér til höfuðs," sagði Levine þegar hann var spurður út í ummælin. Söngvarinn hætti nýverið með ofurfyrirsætunni Önnu V.



STERKARI Kattarkona Anne Hathaway verður sterkari og dekkri en áður. NORDICPHOTOS/GETTY

Dekkri og sterkari

Leikkonan Anne Hathaway fer með hlutverk Kattarkonunnar, eða Catwoman, í væntanlegri kvikmynd um Batman. Hathaway þurfti að gangast undir stranga líkamsþjálfun fyrir verkið.

Að sögn leikstjóra myndarinnar, Christopher Nolan, verður Kattarkonan dekkri og sterkari en áður og því þurfti Hathaway að undirbúa sig líkamlega fyrir hlutverkið. „Ég þurfti að taka miklum líkamlegum breytingum og ég gekk út af fyrsta fundinum með Christopher og beint inn í líkamsræktarsalinn. Ég var þar næstu mánuðina," sagði leikkonan sem leitaði einnig fanga hjá leikkonunum Hedy Lamarr og Jean Harlow og til teiknimyndabókanna um Batman.

NÚ Í FULLUM GANGI

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN

FRÁ 5. TIL 29. APRÍL

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR, HLJÓÐBÓKA OG DVD MYNDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11 TIL 18

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

STJARNAN OG ÍBV geta í dag komist í undanúrslit í úrslitakeppni N1-deildar kvenna í handbolta þegar leikir tvö fara fram í sex liða úrslitunum. Stjarnan vann HK 32-29 í fyrsta leik og ÍBV vann Gróttu 26-19. Tvo sigra þarf til að komast í undanúrslitin þar sem bíða topplið Vals og Fram sem sátu hjá í fyrstu umferðinni. Fari einvígin í oddaleik fara þeir fram á mánudaginn.

HEIMIR ÖRN Fær að rífast í dómurum innan og utan vallar næsta vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Akureyri ræður nýja þjálfara:

Heimir og Bjarni þjálfa

HANDBOLTI Handboltafélag Akureyrar réð í gær þá Heimi Örn Árnason og Bjarna Fritzson sem þjálfara karlaliðsins næstu tvö árin. Þeir taka við starfinu af Atla Hilmarssyni sem lætur af störfum í lok leiktíðar eftir tvö ár með félagið. Ekki liggur fyrir hvort Atli muni þjálfa annað lið næsta vetur.

Sævar Árnason mun áfram verða aðstoðarþjálfari liðsins líkt og síðustu ár.

Ráðning þeirra félaga vekur nokkra athygli enda báðir leikmenn liðsins og þeir munu spila áfram með liðinu. Hvorugur hefur reynslu af því að þjálfa karlalið í meistaraflokki og verður áhugavert að sjá hvernig nýliðunum gengur að tvinna það saman að þreyta frumraun sína á þjálfarasviðinu á meðan þeir þjálfa líka.

Markvörðurinn Sveinbjörn Pétursson og línumaðurinn Hörður Fannar Sigþórsson skrifuðu báðir undir nýjan samning við félagið í dag.

Sveinbjörn skrifaði undir tveggja ára samning við Norðanmenn en samningur Harðar er til eins árs. **- hbg**

ÚRSLIT

IE-deild karla:

Stjarnan-Grindavík 68-71

Stjarnan: Justin Shouse 16/8 fráköst/6 stoðsendingar, Jovan Zdravevski 15/6 fráköst, Keith Cothran 14/9 fráköst, Guðjón Lárusson 6, Renato Lindmets 6/10 fráköst/5 stoðsendingar/3 varin skot, Marvin Valdimarsson 6/4 fráköst/5 varin skot, Dagur Kár Jónsson 3, Sigurjón Örn Lárusson 2.

Grindavík: Giordan Watson 24/6 fráköst/8 stoðsendingar, J'Nathan Bullock 13/10 fráköst, Þorleifur Ólafsson 10/5 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 7/10 fráköst, Ólafur Ólafsson 7, Jóhann Árni Ólafsson 5/6 fráköst, Ryan Pettinella 3/4 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 2

Hittust fyrst rétt fyrir leik

Bandaríkjamaðurinn Joseph Henley var búinn að vera á landinu í rúmar tvær klukkustundir þegar hann spilaði í leik Þórs frá Þorlákshöfn og KR á fimmtudagskvöldið. „Ekki óskastaða fyrir neitt félag," sagði Benedikt Guðmundsson.

KÖRFUBOLTI Það ráku margir upp stór augu þegar Bandaríkjamaðurinn Joseph Henley birtist allt í einu á gólfi Icelandic Glacial-hallarinnar í Þorlákshöfn á fimmtudagskvöldið, klæddur í Þórsbúninginn og klár í slaginn í mikilvægan leik gegn KR í úrslitakeppninni í Iceland Express-deild karla. Benedikt Guðmundsson, þjálfari liðsins, hafði þá fengið Henley til landsins með skömmum fyrirvara en hann fékk þær fréttir daginn fyrir leik að Matthew Hairston myndi ekki spila meira á tímabilinu.

„Þá voru góð ráð dýr. Ég settist niður fyrir framan tölvuna og reyndi að redda einhverju. Ég vissi af þessum strák og þremur tímum síðar var hann búinn að samþykkja að koma," sagði Benedikt. Henley lenti á Keflavíkurflugvelli laust fyrir klukkan fimm í gær og var kominn til Þorlákshafnar um sexleytið. Hann hitti þjálfarann í fyrsta sinn 45 mínútum fyrir leikinn sem Þórsarar svo unnu örugglega.

„Það var ágætt að hann komst til landsins í tæka tíð en það var ekki haft neitt sérstaklega fyrir því. Ef hann hefði ekki komist hefði þurft að hafa það – við hinir vorum búnir að undirbúa okkur vel fyrir leikinn," segir Benedikt.

Hairston hefur haft mikilvægu hlutverki að gegna í vetur en meiðsli hafa verið að plaga hann síðastliðnar vikur. Hann reyndi þó að þrauka fyrsta leikinn í einvígi KR og Þórs.

„Hann hafði meiðst illa á hælnum og bæklunarlæknir sagði að meiðslin væru orðin það slæm að sprautumeðferð myndi engu bjarga. Hann þyrfti einfaldlega að hvíla í um átta vikur," segir Benedikt. „Henley var að spila með liði í Þýskalandi en tímabilinu hans þar var lokið. Hann vildi koma – aðallega til að sanna sig fyrir næsta ár. Ég sagði honum því bara að drífa sig og að við skyldum skoða hann í úrslitakeppninni."

HÁRPRÚÐUR Í STAÐ HAIRSTON Joseph Henley átti góða innkomu í leik Þórs og KR þrátt fyrir að hafa lent í Keflavík rúmum tveimur tímum fyrir leik. MYND/JÓN BJÖRN

Henley skilaði sínu. Hann skoraði þrettán stig og tók sex fráköst á 26 mínútum sem er nánast sama tölfræði og hann hafði að meðaltali í Þýskalandi í vetur. „Okkur gekk vel í leiknum og því gat ég leyft honum að vera lengur inni á en ég hafði annars gert. Ég var þó ekki að stóla á hann en hann studdi vel við aðra leikmenn og gerði sitt vel."

KR-ingar taka svo á móti lærisveinum Benedikts á heimavelli sínum annað kvöld og vill þjálfarinn ekki segja hvaða væntingar hann hafi til Henley. „Ég sé kannski betur á fyrstu æfingunni hans í kvöld hvað hann hefur fram að færa," sagði Benedikt í léttum dúr en viðtalið var tekið fyrir æfinguna í gær.

Staðan í rimmu KR og Þórs er jöfn, 1-1. „Við vorum nálægt sigrinum í fyrsta leiknum, tókum þá í næsta leik og við höfum ekkert að óttast fyrir þriðja leikinn. Ég þarf bara að passa upp á að menn haldi ekki að þeir séu orðnir betri en KR-ingarnir. Þeir eru með stóra liðið í seríunni og langflestir sem reikna með sigri þeirra. Við þurfum bara að halda okkur við það sem við höfum gert." eirikur@frettabladid.is

BRAD JONES Markvörður Liverpool verður undir smásjánni í dag.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enski bikarinn:

Undanúrslitin um helgina

FÓTBOLTI Það er risahelgi í enska boltanum. Ekki aðeins fara fram áhugaverðir leikir í ensku úrvalsdeildinni því undanúrslitaleikirnir í bikarkeppninni verða spilaðir á Wembley.

Erkifjendurnir í Liverpool og Everton hefja leik klukkan 11.30 í dag og á morgun er komið að Lundúnaliðunum Tottenham og Chelsea en sá leikur hefst klukkan 17.00.

Liverpool er í miklum markvarðavandræðum enda eru bæði aðalmarkvörðurinn, Pepe Reina, og varamarkvörðurinn, Alexander Doni, í leikbanni. Það kemur því í hlut Brad Jones að verja búrið hjá Liverpool í dag. Jones er ekkert sérstaklega reynslumikill og hefur þess utan ekki verið í byrjunarliðinu síðan í desember árið 2010.

„Hann er spenntur rétt eins og allir aðrir. Hann hefur haldið sér í fínu formi í vetur þó svo hann hafi ekki gert ráð fyrir að spila. Hlutirnir breytast samt fljótt," sagði Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, en hann vonast til þess að þeir Daniel Agger og Glen Johnson verði klárir í slaginn. David Moyes, stjóri Everton, segir að sitt lið mæti til leiks með sjálfstraustið í lagi.

„Nýju leikmennirnir okkar hafa komið virkilega sterkir inn og breytt liðinu til hins betra. Strákarnir sem voru fyrir hafa síðan bætt sinn leik og liðið er í virkilega góðu formi um þessar mundir. Við munum gera Liverpool erfitt fyrir í þessum leik," sagði Moyes borubrattur en búast má við átakaleik innan sem utan vallar á Wembley í dag. **- hbg**

Njarðvíkurkonur fá annað tækifæri til að tryggja sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn:

Þriðji oddaleikurinn á 4 árum?

KÖRFUBOLTI Njarðvíkurkonur fá í dag annað tækifæri til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í kvennakörfunni þegar þær heimsækja Hauka í Schenker-höllinni á Ásvöllum.

Leikurinn hefst klukkan 16.00 en staðan í úrslitaeinvíginu er 2-1 fyrir Njarðvík eftir dramatískan endurkomusigur Haukakvenna í Ljónagryfjunni á miðvikudaginn var. Njarðvík vann tvo fyrstu leikina með því að eiga frábæran lokaleikhluta og það hefur því verið spenna í öllum leikjunum.

MIKIL SPENNA Margrét Rósa Hálfdanardóttir og Salbjörg Sævarsdóttir berjast hér um boltann í leik 3. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Njarðvíkurkonur töpuðu 3-0 í úrslitunum í fyrra en eru á góðri leið með að breyta silfri í gull og þær ættu að eiga góðar minningar frá Ásvöllum þar sem þær hafa unnið þrjá nokkuð sannfærandi sigra á þessu tímabili.

Haukasigur þýðir oddaleik í Ljónagryfjunni á þriðjudaginn kemur en það yrði þá þriðji oddaleikurinn um Íslandsmeistaratitil kvenna á síðustu fjórum árum. Haukakonur unnu KR í oddaleik 2009 og KR-konur unnu Hamar í oddaleik árið eftir. **- óój**

Grindavík hélt sigurgöngunni áfram og er komið í 2-0 í undanúrslitaeinvígi sínu gegn Stjörnunni:

Ekki fallegur en mikilvægur Grindavíkursigur

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar eru komnir í 2-0 í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla eftir 71-68 baráttusigur á Stjörnunni í Garðabænum í gærkvöldi. Grindvíkingar komust upp með það að skora ekki í tæpar sex mínútur í fjórða leikhluta en þeir fóru í gang á hárréttum tíma og unnu fjórar síðustu mínútur leiksins 17-7.

„Það er gott að komast með sigur út úr þessum leik. Við vorum ekki að spila fallegan körfubolta og Stjarnan ekki heldur. Við höfðum þetta af," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur.

„Við erum búnir að vera í svona aðstöðu áður að þurfa að klára jafna leiki og höfum unnið. Það er að skila okkur hérna. Watson steig upp í kvöld og var frábær," sagði Helgi Jónas og það eru orð að sönnu.

Giordan Watson skoraði 12 af 24 stigum sínum á lokakafla leiksins.

„Við ætlum ekki að fara fram úr sjálfum okkur. Við erum með 2-0 forskot en ætlum ekki að hleypa þeim inn í seríuna á mánudaginn," sagði Helgi Jónas. Teitur Örlygsson kollegi hans hjá Stjörnunni var niðurlútur í leikslok enda staðan orðin mjög erfið fyrir Stjörnuna.

„Þetta var alveg ömurlegt og gríðarlega svekkjandi tap fyrir okkur," sagði Teitur en hans menn voru sjö stigum yfir þegar rúmar fjórar mínútur voru eftir. „Vörnin var algjörlega til fyrirmyndar en við verðum að skora hinum megin," sagði Teitur en hvað er til ráða: „Núna þurfum við bara að fara út í Grindavík og vinna á mánudaginn. Þetta er heljarinnar veggur að klífa en við verðum að ráðast á hann og láta reyna á það," sagði Teitur. **- óój**

ÁTÖK Það var ekkert gefið eftir í Ásgarði í gær. Justin Shouse sést hér kveinka sér.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPORT
besta sætið

MISSTU EKKI AF STÓRVIÐBURÐUM MÁNAÐARINS

STÓRLEIKIR Í APRÍL

Vinsælustu íþróttir í heimi • sérútgáfa • apríl 2012

MEISTARADEILDIN UNDANÚRSLIT
Einvígi þeirra bestu

BARCELONA – CHELSEA
18. og 24. apríl

REAL MADRID – BAYERN MÜNCHEN
17. og 25. apríl

FA BIKARINN - UNDANÚRSLIT

NÁGRANNAR BERJAST

LIVERPOOL – EVERTON
Laugardag kl. 11.20

CHELSEA – TOTTENHAM
Sunnudag kl. 16.50

UPPGJÖRIÐ Á SPÁNI

„EL CLÁSICO"
UM NÆSTU HELGI

BARCELONA – REAL MADRID
Laugardaginn 21. apríl

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
216 KR.
Á DAG
KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS

FITON / SÍA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

dagskrá sunnudagur

> Tom Cruise

„Það bregst ekki að í hvert skipti sem ég byrja á nýrri kvikmynd líður mér eins og ég hafi ekki hugmynd um hvað ég sé að gera."

Meira að segja stórleikarar á borð við Tom Cruise efast stundum um sjálfa sig. Cruise var ungur og spengilegur þegar hann lék sjálfselskan bróður þroskaheftrar persónu Dustins Hoffman í myndinni Rain Man sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í dag klukkan 08.00 og 14.00.

SUNNUDAGSKVÖLD

> Stöð 2 kl. 21.05

Homeland

Spennan magnast með hverjum þættinum af Homeland sem hlaut Golden Globe-verðlaunin í janúar sem besti dramaþátturinn í sjónvarpi. Bandaríska leyniþjónustan reynir núna að komast að því hver hjálpaði hryðjuverkamanni sem var í haldi að fremja sjálfsmorð og allir sem komu nálægt honum eru sendir í lygapróf. Þar á meðal er hermaðurinn Nick Brody sem var í átta ár gísl hryðjuverkamanna og leyniþjónustukonan Carrie Mathieson er sannfærð um að hann hafi snúist á sveif með óvininum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Íslensk menning **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** En allt eru þetta orð **11.00** Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **13.50** Útvarpsleikhúsið: Samræmd stafsetning frjáls **15.00** Á upplýsingaöld **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.25** Vestur um haf **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.30 Melissa og Joey (12:30)
10.52 Hljómskálinn (6:6) (e)
11.30 Djöflaeyjan (e)
12.10 Svellkaldar konur (e)
12.30 Silfur Egils
13.50 Heimskautin köldu – Síðustu óbyggðirnar (6:6) (e)
14.40 Gerð Heimskautanna köldu (6:6) (e)
14.55 Emilíana Torrini á tónleikum (e)
15.50 Snóker BEINT frá keppni í snóker með nýju keppnisfyrirkomulagi.
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Skellibær
17.40 Teitur
17.50 Veröld dýranna (52:52) (Aniland)
17.55 Pip og Panik (e)
18.00 Stundin okkar
18.25 Basl er búskapur
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Landinn
20.15 Höllin (12:20) (Borgen)
21.15 Sigfús Halldórsson Rætt er við Sigfús um tónlistina og hann syngur lögin sín.
22.15 Sunnudagsbíó - Tígurinn og snjórinn (La tigre e la neve) Ástfangið ítalskt skáld situr fast í Írak þegar Bandaríkjamenn ráðast inn í landið.
00.05 Silfur Egils (e)
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 Temple Grandin
08.00 Rain man
10.10 Prince and Me II
12.00 Arctic Tale
14.00 Rain man
16.10 Prince and Me II
18.00 Arctic Tale
20.00 Temple Grandin
22.00 Stephanie Daley
00.00 We Own the Night
02.00 How Much Do You Love Me?
04.00 Stephanie Daley
06.00 Goya's Ghosts

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Nágrannar
13.25 American Dad (14:18)
13.50 American Idol (28:40)
14.40 Friends (6:24)
15.05 Hannað fyrir Ísland (4:7)
15.50 Mad Men (1:13)
16.40 The Middle (7:24)
17.05 Mið-Ísland (4:8)
17.40 60 mínútur Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.45 Sjálfstætt fólk (26:38) Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið. Þátturinn hefur hlotið flest verðlaun sjónvarpsþátta í sögu Edduverðlaunanna en þetta er tíunda þáttatöðin.
20.20 The Mentalist (16:24) Fjórða serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
21.05 Homeland (6:13)
21.55 Boardwalk Empire (9:12) Önnur þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson, sem réði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum.
22.40 60 mínútur
23.30 The Daily Show: Global Edition
23.55 Smash (6:15)
00.40 Game of Thrones (2:10)
01.35 Medium (5:13)
02.20 The Event (5:22) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
03.05 Sicko Mögnuð heimildarmynd frá Michael Moore sem gerir úttekt á bandarísku heilbrigðiskerfi og kemst að sláandi niðurstöðu, það er meingallað.
05.05 The Mentalist (16:24)
05.50 Fréttir

SPORT *besta sætið*

06.40 Formúla 1: Kína
09.10 Liverpool - Everton
10.55 Muhammed and Larry Einstök heimildamynd um frægan boxbardaga í október 1980 þar sem Muhammad Ali og Larry Holmes börðust og áhrifin sem bardaginn hafði á þá báða. Ný viðtöl varpa nýju ljósi á bardagann og sýnd eru myndbrot sem aldrei hafa verið sýnd áður úr herbúðum beggja boxaranna fyrir bardagann.
11.50 Formúla 1: Kína
14.20 Spænski boltinn: Real Madrid - Sporting
16.20 FA Cup - Preview Show
16.50 Tottenham - Chelsea BEINT
19.00 Iceland Express: KR - Þór BEINT
21.00 Tottenham - Chelsea
22.45 Spænski boltinn: Levante - Barcelona
00.30 Iceland Express: KR - Þór

SPORT 2 *enski boltinn*

09.25 Southampton - Reading
11.10 Swansea - Blackburn
13.00 Norwich - Man. City

14.50 Man. Utd. - Aston Villa BEINT
17.00 Sunnudagsmessan
18.20 Sunderland - Wolves
20.10 Sunnudagsmessan
21.30 Man. Utd. - Aston Villa
23.20 Sunnudagsmessan
00.40 WBA - QPR
02.30 Sunnudagsmessan

EXTRA

13.45 Vesalingarnir: 25 ára afmælistónleikar
16.40 Íslenski listinn
17.05 Bold and the Beautiful
18.25 Falcon Crest (15:30)
19.15 Ísland í dag - helgarúrval
19.40 Njósnaskólinn

20.10 American Idol (27:40) (28:40)
22.20 Mið-Ísland (4:8)
22.50 Damages (4:13) (5:13)
00.15 Falcon Crest (15:30)
01.05 Íslenski listinn
01.30 Sjáðu
01.55 Fréttir Stöðvar 2
02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

14.00 Heilsuþáttur Jóhönnu **14.30** Undur Kenía **15.00** Frumkvöðlar **15.30** Eldhús meistranna **16.00** Hrafnaþing **17.00** Græðlingur **17.30** Svartar tungur **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Bubbi og Lobbi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni **22.00** Hrafnaþing **23.00** Mótoring **23.30** Eldað með Holta

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.00** RBC Heritage 2012 (3:4) **10.45** Golfing World **11.35** RBC Heritage 2012 (3:4) **16.35** Inside the PGA Tour (15:45) **17.00** RBC Heritage 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **23.40** ESPN America

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

SKJÁREINN

06.30 Pepsi MAX tónlist
12.05 Dr. Phil (e)
14.20 Dynasty (17:22) (e)
15.05 90210 (12:22) (e)
15.55 Britain's Next Top Model (5:14) (e)
16.45 Once Upon A Time (15:22) (e)
17.35 Franklin & Bash (1:10) (e)
18.25 Girlfriends (4:13) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
18.55 Solsidan (10:10) (e)
19.20 The Office (26:27) (e)
19.45 America's Funniest Home Videos (1:48) (e)
20.10 Titanic - Blood & Steel (1:12) Glæný þáttaröð í tólf hlutum sem segir frá því hvernig lúxusskipið Titanic varð að veruleika. Sagan hefst árið 1907 og er sögusviðið Belfast á Norður-Írlandi. Þar er fylgst með því hvernig staðið var að smíðum þess glæsimannvirkis sem Titanic var á sínum tíma. Þættirnir segja frá því hvernig skipið var byggt frá grunni, frá fólkinu sem kom að hönnun þess og sköpun. Leikstjóri er Ciaran Donnelly og með helstu hlutverk fara Chris Noth, Billy Carter, Neve Campbell og Derek Jacobi
21.00 Law & Order (5:22) Karlmaður finnst látinn í íbúð sinni. Við nánari rannsókn kemur í ljós að hann hafi nýlega verið viðfangsefni sjónvarpsþáttar sem afhjúpar kynferðisglæpamenn.
21.50 The Walking Dead (11:13) Hópurinn skiptist í tvær fylkingar yfir einum manni en afdrifarík ákvörðun liggur í loftinu.
22.40 Blue Bloods (9:22) (e)
23.30 Prime Suspect (12:13) (e)
00.20 The Defenders (2:18) (e)
01.05 The Walking Dead (11:13) (e)
01.55 Whose Line is it Anyway? (39:39) (e)
02.20 Smash Cuts (48:52) (e)
02.45 Pepsi MAX tónlist

BBC entertainment

06.05 EastEnders **08.05** QI **11.35** Come Dine With Me **13.15** QI **15.45** Come Dine With Me **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Derren Brown: Trick or Treat **19.50** Peep Show **20.50** Live at the Apollo **21.35** The Graham Norton Show **22.20** Derren Brown: Trick or Treat **23.10** Peep Show **00.00** Live at the Apollo **00.45** The Graham Norton Show **01.30** Derren Brown: Trick or Treat **02.20** QI **02.50** QI **03.20** QI **03.50** Derren Brown: Trick or Treat **04.15** The Weakest Link **05.45** Come Dine With Me

DR 1

09.10 Victorious **09.30** Ponyskolen **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** BingoBoxen **10.25** Planck - Rejsen mod oprindelsen **10.55** OBS **11.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Downton Abbey **14.00** Cirkusrevyen 2011 **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Ekspedition Guyana **18.00** Downton Abbey **19.00** 21 Søndag **19.40** Fodboldmagasinet **20.05** Clement Søndag **20.50** McBride **22.15** Blod, sved og ris **22.45** Den sidste fjende

NRK 1

08.10 Uventet besok **08.40** Karanba! **09.10** Ut i naturen **10.10** Hund i huset **10.40** Kampen om Michelin-stjernene **11.40** Maestro **12.40** Ut i naturen **13.10** Herskapelig redningsaksjon **14.00** Amigo Grande **14.30** Mesternes mester **15.30** Underveis **16.00** Bokprogrammet **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Rødal NedOpp **18.35** Verda vi skaper **19.25** Tess av slekta D'Ubervilles **21.10** Kveldsnytt **21.30** Filmbonanza **22.00** Filmens historie **23.00** Mesternes mester

SVT 1

10.15 Emma **11.15** Smartare än en femteklassare **12.15** Högklackat **12.45** Svenska dialektmysterier **13.15** Suits **14.00** Rapport **14.05** Handboll. Elitserien **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Mästarnas mästare **19.00** Coacherna **19.30** Titanic **20.15** The Big C **20.45** Rapport **20.50** 30 grader i februari **22.15** Smartare än en femteklassare **23.15** Rapport **23.20** Mord i paradiset

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

LYFJA – Lifið heil

+15% afsláttur af Nicorette þrennu

Gildir til 30. apríl.

Nicorette forðaplástrar
Verð frá 3.535 kr.

Nicorette innsogslyf
Verð frá 2.124 kr.

Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí
Verð frá 679 kr.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA/S/ LYF 59258 04/12

Allt á hvolfi!

Notuð fellihýsi á stórlækkuðu verði

Seljum allt á næstu dögum. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nú eigum við allt of mikið af notuðum fellihýsum og blásum því til útsölu og hreinsum út lagerinn.
Gerðu stórkostleg kaup á fellihýsi fyrir sumarið og ferðastu innanlands með alla fjölskylduna.

Fleetwood Cheyenne
Fleetwood Santa Fe
Fleetwood Yuma
Coleman Niagra
Coachmen Clipper 106
Coachmen Clipper 108
Rockwood
Palomino Pony
Palomino Colt
Palomino Yearling
Viking
A-Hýsi o.fl

Höfum opnað nýtt sýningarsvæði fyrir notaða ferðavagna að Víkurhvarfi 2 - í sömu götu, inni og útisvæði.
Komdu með vagninn og við seljum hann!

Víkurverk er með sölu á notuðum tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum að Víkurhvarfi 2.
Tökum allar gerðir ferðavagna í umboðssölu.
Opið laugardag 12 til 16 og Sunnudag 13 til 17.

VÍKUR V·E·R·K

VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ!

VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

> **Stöð 2 Sport kl. 11.20**
> **Liverpool - Everton**

Bein útsending frá leik nágranna-liðanna og erkifjendanna Liverpool og Everton í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar (FA Cup). Hin viðureignin í undanúrslitum er einnig milli nágrannaliða en þar mætast Chelsea og Tottenham og fer sá leikur fram á sunnu-dag. Báðir leikirnir fara fram á Wembley.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐI SNÆ JÚLÍUSSYNI LÍKAR ILLA VIÐ TEXTUN

Glæsimundur án þýðingar

Nýverið horfði Við tækið-skrifari á bandaríska bíómynd á íslenskri sjónvarpsstöð. Hún var textuð. Myndin sjálf var ekki eftirminnileg, en ákveðin tilþrif í textun hennar vöktu athygli. Í einu atriði hennar var maður sagður vera „handsome". Undir öllum eðlilegum kringumstæðum hefði það verið þýtt sem „myndarlegur". Í þessu tilfelli þótti það ekki viðeigandi heldur var viðkomandi sagður vera „Glæsimundur". „Glæsimundur" hefur enga þýðingu. Við tækið-skrifari veit ekki einu sinni til þess að það sé viðurkennt slangur. Orðið á því ekkert erindi inn í textun bandarískrar bíómyndar.

Daginn eftir horfði skrifari á aðra bíómynd. Þar var blótað mikið. Fátt virðist vefjast jafnmikið fyrir íslenskum sjónvarpsefnisþýðendum og þýðingar á blótsyrðum. Þannig var „holy shit" iðulega þýtt sem „hver rækallinn" og „fuck" sem „fjandinn" eða „fjandakornið". Rækall og fjandi eru hins vegar gömul og góð íslensk orð yfir djöfulinn sem hafa enga tengingu við „shit" né „fuck". Hversu langt þýðendur eru tilbúnir að ganga í átt að því að láta þýðingar sínar endurspegla raun-verulegt innihald orða virðist vera algjörlega persónubundið. Mikið væri gaman ef þetta yrði lagað og samræmi yrði í textun. Þá værum við með fyrirtæki (e. We would be in business).



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leikritakvöld Útvarpsins **19.00** Þau stóðu í sviðsljós-inu: Soffía Guðlaugsdóttir **20.00** Sjálfstætt fólk **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.30 Óvænt heimsókn (1:5) (Uventet besøg) (e)
11.00 Hvað veistu? - Íspólarnir þrír (Viden om: De tre ispoler)
11.30 Leiðarljós (Guiding Light) (e)
12.55 Kastljós (e)
13.30 Íslandsmótið í hópfimleikum Upptaka frá Íslandsmótinu í hópfimleikum.
15.15 Páskaeggjahræra Hljómskálans (e)
15.55 Útsvar (Grindavíkurb. - Reykjav.) (e)
17.05 Ástin grípur unglinginn (37:61) (The Secret Life of the American Teenager)
17.50 Táknmálsfréttir
17.58 Bombubyrgið (Blast Lab) (e)
18.25 Úrval úr Kastljósi
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ævintýri Merlíns (1:13) (The Adventures of Merlin II)
20.30 Hljómskálinn (6:6)
21.05 Titanic (2:2) (Titanic) Ný bresk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum.
22.40 Arnarauga (Eagle Eye) Jerry og Rachel þekkjast ekki en fá dularfull símtöl frá konu sem þau hafa aldrei hitt. Atriði í mynd-inni eru ekki við hæfi barna.
00.35 Brettagaurinn (Paranoid Park) Hjólabrettastrákur missir tökin á lífi sínu eftir að hann á sök á því að öryggisvörður deyr. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 30 Days Until I'm Famous
10.00 A Walk In the Clouds
12.00 Ævintýraferðin
14.00 30 Days Until I'm Famous
16.00 A Walk In the Clouds
18.00 Ævintýraferðin
20.00 Stuck On You
22.00 Black Swan
00.00 The Last House on the Left
02.00 Pride
04.00 Black Swan

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
11.35 Njósnaskólinn
12.00 Bold and the Beautiful
13.20 American Idol (27:40)
14.45 The Block (2:9)
15.30 New Girl (9:24)
15.55 Two and a Half Men (15:16)
16.15 Týnda kynslóðin (30:32)
16.40 ET Weekend
17.25 Íslenski listinn Tuttugu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda.
17.55 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.56 Lottó
19.04 Ísland í dag - helgarúrval
19.29 Veður
19.35 Coraline Skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um stúlkuna Coraline sem uppgötvar ævintýraheim sem svipar furðu mikið til þess lífs sem hún þekkir svo vel. Sýnd með íslensku tali.
21.15 500 Days Of Summer Rómantísk gamanmynd með Zooey Deschanel í aðal-hlutverki. Myndin fjallar um kynni unga fólks-ins þar sem hann er yfir sig ástfanginn af henni, sem ekki trúir á sanna ást.
22.50 Gifted Hands: The Ben Carson Story Dramatísk hetjusaga Ben Carson (Cuba Gooding Jr) sem reis upp úr sárri fá-tækt og varð einn af fremstu heilaskurð-læknum Bandaríkjanna.
00.20 Aliens Önnur myndin um hörku-kvendið Ripley og ævintýri hennar í geimnum. Langur tími er liðinn frá at-burðunum í Nostromo-geimskipinu en fáir taka orð Ripleys trúanleg um það gerðist. At-vikin haga því þannig að Ripley snýr aftur út í geiminn og nú þarf enginn að efast lengur um þann vanda sem við er að etja.
02.35 The Ugly Truth Rómantísk gaman-mynd með Katherine Heigl og Gerard Butler í aðalhlutverkum. Heigl leikur framleiðanda morgunþáttar sem er að dvína í vinsældum og til að reyna að bjarga áhorfi ræður hún Butler, mikla karlrembu. Hann fer ekki í felur með skoðanir sínar um samskipti kynjanna og ákveður að hjálpa henni í ástarlífinu með afar misjöfnum en skemmtilegum árangri.
04.10 Seven Pounds Falleg mynd með Will Smith, Rosario Dawson og Woody Harrelson í aðalhlutverkum.

SPORT *besta sætið*

08.35 Iceland Expressdeildin 2012
10.20 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu
10.50 FA Cup - Preview Show
11.20 Liverpool - Everton BEINT frá undanúrslitum ensku bikarkeppninnar.
13.30 Formúla 1: Kína - Tímataka
15.10 Spænsku mörkin
15.50 Flensburg - Fuchse Berlin
17.20 La Liga Report
17.50 Spánn: Real Madrid - Sporting BEINT
19.50 Spánn: Levante - Barcelona BEINT
22.00 Flensburg - Fuchse Berlin
23.25 Liverpool - Everton (FA Cup)
01.10 Spánn: Real Madrid - Sporting

SPORT 2 *enski boltinn*

08.20 Premier League Review 2011/12
09.15 Fulham - Chelsea
11.05 Premier League Preview
11.35 Norwich - Man. City BEINT
13.45 Swansea - Blackburn BEINT
16.15 WBA - QPR
18.05 Sunderland - Wolves
19.55 Norwich - Man. City
21.45 Swansea - Blackburn
23.35 Southampton - Reading

EXTRA

17.55 Nágrannar
19.15 Spurningabomban (2:10)
20.05 Týnda kynslóðin (30:32)
20.30 Cold Case (19:22)
21.15 Numbers (15:16)
22.00 Rizzoli & Isles (2:10)
22.50 Bones (10:23)
23.35 Better With You (5:22) (6:22) (7:22) (8:22)
01.00 Cold Case (19:22)
01.45 ET Weekend
02.30 Íslenski listinn
02.55 Sjáðu
03.25 Týnda kynslóðin (30:32)
03.50 Fréttir Stöðvar 2
04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.30 Dr. Phil (e)
13.00 Dynasty (16:22) (e)
13.45 Got to Dance (7:15) (e)
14.35 Mobbed (3:11) (e)
15.25 Hæfileikakeppni Íslands(3:6)(e)
16.15 The Firm (7:22) (e)
17.05 The Jonathan Ross Show (e)
17.55 Girlfriends (3:13)
18.25 Necessary Roughness (1:12) (e)
19.15 Minute To Win It (e)
20.00 America's Funniest Home Videos (16:48)
20.25 Eureka (14:20) Carter liggur á að leysa ráðgátu um bankarán í Eureka, annars er hætt við að bærinn geti flotið á brott.
21.15 Once Upon A Time (15:22) Emma ræður Ruby sem aðstoðarmanneskju á skrif-stofu lögreglustjórans og í ævintýraheimi á Rauðhetta í vök að verjast þegar blóðþyrstur úlfur herjar á bæinn.
22.05 Saturday Night Live (15:22)
22.55 Silence of the Lambs Spennu-mynd frá árinu 1991 með stórleikurunum Jodie Foster og Anthony Hopkins. FBI-full-trúinn Clarice Sterling leitar raðmorðingjans Buffalo Bill sem hefur unun af því að húð-fletta konur. Til að reyna að skilja hvern-ig svona ódæðismenn hugsa leitar Clarice til annars raðmorðingja, Hannibal Lecter, en til að öðlast trúnaðartraust hans þarf Clarice að opna sig. Bönnuð börnum.
00.55 Jimmy Kimmel (e)
02.25 Whose Line is it Anyway? (e)
02.50 Real Hustle (11:20) (e)
03.15 Smash Cuts (47:52) (e)
03.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** RBC Heritage 2012 (2:4) **11.10** Ryder Cup Official Film 1999 **12.45** Inside the PGA Tour (15:45) **13.10** RBC Heritage 2012 (2:4) **16.10** Golf-ing World **17.00** RBC Heritage 2012 (3:4) **22.00** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **22.50** US Open 2006 - Official Film **23.50** ESPN America

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

BBC entertainment

09.00 Fawlty Towers **09.30** Fawlty Towers **10.00** My Family **10.30** My Family **11.00** My Family **11.30** My Family **12.00** QI **13.00** QI **14.00** QI **15.00** QI **16.00** Doctor Who **16.45** Doctor Who Confidential **17.00** Strictly Come Dancing **18.05** Strictly Come Dancing **18.50** Come Dine With Me **20.35** Come Dine With Me **21.25** Come Dine With Me **22.15** QI **23.15** QI **00.15** QI

DR 1

08.50 Aaron Stone **09.10** Victorious **09.40** Troldspejlet **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Tidens tegn **10.55** Sign up **11.10** Jamie Olivers Amerika **12.00** Merlin **12.45** P3 Guld 2012 **14.10** Cirkusrevyen 2010 **15.07** Sporløs skilt **15.10** Sporløs **15.40** Før søndagen **16.00** Min sport på vej mod OL **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Mr. Bean **17.30** Limbo **18.00** Flubber **19.40** Millennium. Pigen der legede med ilden **21.10** Livet længe leve **23.05** Two Weeks

NRK 1

08.20 Norge rundt **08.45** Megafon **09.15** Min idrett **09.45** Brenner - historier fra vårt land **10.25** Munter mat **10.55** Aldri annet enn bråk **12.15** Jakta på lykka **12.45** Nasjonens skygge **13.30** Herskapelig redningsaksjon **14.20** Den store reisen **15.10** Danmark fra kyst til kyst **16.10** Popstokk **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Amigo Grande **18.25** Mesternes mester **19.25** Valens Rikskringkasting **19.55** Titanic **21.00** Kveldsnytt **21.15** Titanic **23.10** Scott og Bailey **23.55** Dansefot jukeboks m/chat

SVT1

09.50 Det söta livet **10.00** Rapport **10.05** Bröderna Reyes **11.00** Från Lark Rise till Candleford **12.00** Robins **12.30** Coacherna **13.00** Bilar, 50-tal och rock'n'roll **13.50** Hästkrafter **14.00** Rapport **14.05** Handboll. Elitserien **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Go'kväll **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Smartare än en femteklassare **19.00** Robins **19.30** Mord i paradiset **20.25** Rapport **20.30** Suits **21.15** Kaka på kaka **21.35** Bröderna Reyes **22.30** Högklackat **23.00** Ishockey-VM damer

iNN

17.00 Mótoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Mótoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Grædlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vís-indi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7**FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

TIL HAMINGJU ÍSLENDINGAR!

SKINNA, RISAVERSLUN ÍSLENSKRA RAFBÓKA OPNAR Á MIÐNÆTTI Í KVÖLD

NÝJUSTU OG HEITUSTU TITLARNIR

FRÍTT EINTAK SMÁSÖGUNNAR *SVEFNFRIÐUR* EFTIR ÞORSTEIN MAR FYLGIR FYRSTU KAUPUM ÚT APRÍLMÁNUÐ.

Einn af fyrstu 100 sem skráir sig í Skinnuklúbbinn á **www.skinna.is** fær

ÓKEYPIS
GALAXY SPJALDTÖLVU

Sá heppni verður dreginn út 25. apríl nk.

Samsung Galaxy Tab spjaldtölvan les allar gerðir rafbóka og hentar vel sem lesbretti. Samsung Galaxy Tab fæst í ELKO

SKINNA styður Galaxy, iPad, Kindle og aðrar spjaldtölvur.

RAFBÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU FORLÖGUM LANDSINS:

FORLAGIÐ • BJARTUR • RÚNATÝR • SALKA • JPV • MÁL OG MENNING • UGLA • URÐUR BÓKAFÉLAG • VAKA-HELGAFELL

SKINNA
Íslenska rafbókabúðin

www.skinna.is

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

PERSÓNAN

Sólveig Jónsdóttir

Starf: Blaðamaður og rithöfundur.
Aldur: 29 ára.
Búseta: Vesturbær.
Foreldrar: Jón Þór Guðmundsson og Ástríður Jónasdóttir. Þau eru bæði bændur.
Fjölskylda: Ég á kærasta sem heitir Atli Ragnar Ólafsson.
Stjörnumerki: Ljón.
Sólveig gefur út sína fyrstu skáldsögu, Korter, í næstu viku.

Plastmál Jóhönnu seldist á 105.000 krónur

„Þetta snýst í sjálfu sér ekki um skoðun okkar á Jóhönnu Sigurðardóttir, heldur er þetta frekar sjálfsprottið ferilverk sem samsvarar sér víða í listheiminum," segir Haraldur Ingi Haraldsson, verkefnastjóri Sjónlistamiðstöðvarinnar á Akureyri. Sjónlistamiðstöðin tryggði sér í gærmorgun bollamál með varalitafari Jóhönnu á uppboði í þættinum Virkir morgnar á Rás 2.

Uppboðið var æsispennandi og þurfti Sjónlistamiðstöðin að bjóða þrisvar sinnum til að tryggja sér plastmálið. Þeir greiddu 105.000 krónur fyrir gripinn, en allur ágóði rennur til Umhyggju, félags til styrktar langveikum börnum. Haraldur segir gaman að geta styrkt svo gott málefni á sama tíma og þeir leggja sitt af mörkum í ferilverkið sem þarna myndaðist. „Það var ungur strákur sem hringdi fyrstur inn og bauð 5000 krónur og gaf þar með ferilverkinu framhaldslíf. Hugmyndin hefði seint orðið að neinu ef enginn hefði byrjað uppboðið. Strákurinn hringdi svo aftur inn seinna í ferlinu og sagðist þá samt ætla að gefa 5.000 krónurnar sínar í verkið. Það var mjög fallegt," segir Haraldur.

Málið verður afhent Sjónlistamiðstöðinni í beinni útsendingu frá Akureyri í þættinum Virkir morgnar á Rás 2 klukkan 11.10 næstkomandi mánudag. „Þau koma sérstaklega hingað norður til að afhenda okkur málið. Við látum þau þá fá stóra ávísun sem þau fara svo með suður og afhenda langveikum börnum," segir Haraldur og bætir við að verkinu verði mjög líklega stillt upp í safninu, enda telur hann það vera ferli sem sé rétt að hefjast og engin leið að vita hvernig muni þróast. - trs

SJÁLFSPROTTIÐ FERILVERK Haraldur Ingi segir kaupin á bollamálinu ekkert hafa með skoðun þeirra á Jóhönnu að gera, heldur sé það sjálfsprottið ferilverk.

HALLDÓR HELGASON: ÉG ER BÚINN AÐ VERA AÐ VINNA Í SÓLBRÚNKUNNI

Sest meiddur í dómarasætið á heimaslóðunum

„Það er frekar glatað að vera á hliðarlínunni í ár en ég er ánægður að hafa eitthvað hlutverk," segir snjóbrettakappinn Halldór Helgason sem sest í dómarasætið á AK Extreme snjóbrettamótinu sem hófst á Akureyri í gær.

Halldór, sem hefur átt mikilli velgengni að fagna í íþróttinni, hefur sjálfur ekki getað stigið á bretti síðan í febrúar, en hann slasaðist á ökkla á heimsmeistaramótinu í Ósló í febrúar. „Ég tognaði illa á liðbandi og svoleiðis meiðsl eru oft erfið, því það tekur svo langan tíma að jafna sig. Læknarnir segja að ég þurfi allavega mánuð í viðbót áður en ég get farið aftur á bretti," segir Halldór sem kom til Akureyrar á fimmtudaginn, en hann hefur ekki verið heima síðan um jólin.

„Það er æðislegt að koma hingað og hitta alla vinina og fjölskyldu. Núna eru allir hérna fyrir norðan sem ég þekki og það er snilld. Það myndast sérstök stemning á Akureyri á þessu móti og þetta er uppáhaldstími minn á árinu. Þetta mót er af gamla skólanum, skítugt og gott," segir hann.

Halldór hlakkar til að vera dómari, en mótið hófst í gærkvöldi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann dæmir á snjóbrettamóti, en hann hefur þjónað því hlutverki nokkrum sinnum áður á litlum mótum úti í heimi. „Ég get örugglega miðlað reynslu minni. Það er svo mikil gróska í þessu hérna heima og margir mjög efnilegir sem ég hlakka til að sjá."

Halldór er búsettur í Mónakó og hefur meðal annars legið á ströndinni á meðan hann nær bata. „Ég er bara búinn að vera að vinna í sólbrúnkunni. Það er búið að vera mjög gott veður í Mónakó og ströndin þar er frábær," segir Halldór hlæjandi og líkar lífið vel í Mónakó. „Það er mjög þægilegt að búa þar. Ég er að ferðast mjög mikið svo þegar ég kem þangað líður mér eins og ég sé í sumarfríi. Það er ekki beint ódýrt að lifa þar en ég hef það fínt."

NÆR BATA Á STRÖNDINNI Í MÓNAKÓ Snjóbrettakappinn Halldór Helgason er meiddur á ökkla og hefur því ekki getað stigið á snjóbretti síðan í febrúar. Halldór er samt sem áður kominn til Akureyrar þar sem hann sest í dómarasætið á AK Extreme mótinu sem fer fram um helgina. MYND/EINAR MÁR EINARSSON

> Ég tognaði á liðbandi og svoleiðis meiðsl eru oft erfið, því það tekur langan tíma að jafna sig.
>
> **HALLDÓR HELGASON**
> SNJÓBRETTAKAPPI

Halldór rekur fjögur fyrirtæki ásamt bróður sínum, Eiríki, og saman framleiða þeir ýmsar vörur tengdar íþróttinni. Til dæmis snjóbretti undir nafninu Lobster, húfur undir merkinu Hoppipolla og beltafyrirtæki sem nefnist 7-9-13. „Það er nóg að gera og núna hef ég haft tíma til að sinna fyrirtækjunum," segir Halldór, sem ætlar að dvelja út næstu viku fyrir norðan og hlakkaði til að geta slappað af í góðra vini hópi um helgina. „Vinir mínir eru ekki nógu duglegir að heimsækja mig út svo það er mjög gaman að hanga með þeim núna."

alfrun@frettabladid.is

Skilafrestur fer eftir svefni

„Það er slatti af myndasögum komnar inn nú þegar en skilafrestur rennur út þegar við vöknum á mánudagsmorguninn næstkomandi. Nánari tímasetning fer eftir hvað við ákveðum að sofa lengi," segir skopmyndateiknarinn Hugleikur Dagsson hjá bókaútgáfunni Ókeibæ, sem stendur fyrir myndasögukeppni.

Allir geta sent inn myndasögur, sem mega vera að hámarki fjórar blaðsíður, og þær bestu birtast í hinu ókeypis Ókeipiss blaði. Blaðið er gefið út af Ókeibæ í samvinnu við Nexus í tengslum við alþjóðlega ókeypis myndasögudaginn þann 5. maí næstkomandi. „Nexus heldur alltaf upp á daginn með því að gefa bunka af myndasögum og það verður hægt að nálgast það þar. Það myndast alltaf rosa löng röð fyrir utan Nexus á þessum degi og það er alltaf gott veður. Ég er samt viss um að nördarnir myndu bíða í röð þrátt fyrir rigningu, þeir eru svo þrautseigir. Það er ekkert sorglegra en 100 blautir nördar í rigningu að bíða eftir myndasögum," segir Hugleikur og hlær.

Enn er tími fyrir þá sem finna hjá sér köllun til að senda inn efni. „Oft kemur besta efnið á síðustu mínútunum," segir Hugleikur. - trs

MYNDASÖGUKEPPNI Hugleikur Dagsson segir besta efnið oft koma inn á síðustu mínútunum og hann bíði því spenntur eftir að sjá hvað gerist á síðustu dögum keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FLUG EÐA BÍLL

EINFALT REIKNINGSDÆMI | **FLUGFELAG.IS** | **75** ÁR Á FLUGI

00:40

MIÐI = 6.640 kr.

BLÖÐ

KAFFI

FRÁ **6.640 kr.**

REYKJAVÍK

AKUREYRI

05:30

ELDSNEYTI = 11.968 kr.*

RÚÐUPISS = 741 kr.



GÖNGIN = 1.000 kr.

PYLSA = 310 kr.

PYLSA = 310 kr.

GOS = 240 kr.

ÍS = 395 kr.

KAFFI = 245 kr.

FRÁ **15.209 kr.**

JÁ, ÞAÐ BORGAR SIG! Við hjá Flugfélagi Íslands viljum ekki horfa niður á þá sem aka á milli en í 18.000 feta hæð er stundum erfitt að komast hjá því. Á Íslandi var ekki til neitt sem hét bein leið áður en flugið kom til sögunnar og þegar allt kemur til alls þá borgar sig frekar að fljúga beint en keyra krókaleiðir. Komdu um borð. Við erum með heitt á könnunni.

*Skv. töflu FÍB; bifreið í 3.350.000 kr. verðflokki: 31,33 kr. á km.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hetjuleg frammistaða

Leikkonan Helga Jónsdóttir þykir ansi hörð af sér. Hún handleggsbrotnaði við tökur á stuttmynd skömmu fyrir páska en hætti þó ekki þrátt fyrir slysið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins datt leikkonan í atriði á móti Theodóri Júlíussyni og handleggsbrotnaði við fallið. Helga neitaði þó að hætta fyrr en hún hafði klárað allar tökurnar og hélt því áfram að leika, sárþjáð og kvalin. Samstarfsfólki Helgu þótti hún heldur betur hörð af sér og þótti ansi mikið til leikkonunnar koma.

Casper styður Mið-Ísland

Brot úr nýjasta þætti Mið-Íslands, þar sem nýju og vægast sagt óvenjulegu ljósi er brugðið á söguna af Andrési Önd, hefur slegið rækilega í gegn á vefnum Vísi síðan það birtist þar í fyrrakvöld. Atriðið er á dönsku og nú er ekki nóg með að það hafi birst á Vísi, heldur hefur **Casper Christensen**, annar helmingur tvíeykisins úr sjónvarpsþáttunum Klovn, tekið það upp á sína arma og birt á sinni eigin vefsíðu, Funny-haha.dk, þar sem það hefur fengið töluvert áhorf. Atriði er einnig komið á Youtube með enskum texta og ekki er annað að sjá á athugasemdum notenda en að það falli fólki vel í geð.

- sm, sh

Mest lesið

vísir

1. Fótboltamaður kærður fyrir nauðgun
2. Ólafur og Þóra hnífjöfn
3. Plastmál Jóhönnu Sigurðardóttur selt á...
4. Skipstjóri flutningaskips ætlaði að stytta sér leið
5. Þóra Arnórsdóttir: Auðmjúk og þakklát



295,-/stk.

SKOJA glas
31cl. Ýmsir litir



MALIN FRANSAR púði
B30×L65cm. Túrkís **2.490,-**

ROSÉPEPPAR blómapottur
Ø12cm. Beinhvítt **795,-**

SOLMYRA mynd
H50×B70cm. Marglitt **1.990,-**

Hundruð nýrra hugmynda

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

MALIN BAND teppi
B120×L180cm. Marglitt
2.990,-

VANDRING BJÖRN
mjúkdýr L70cm **2.990,-**

495,-

LIKSIDIG
servíettustandur
B16×H16cm. Hvítt

KLABB borðlampi
B24×D13, H44cm
Fjólublátt/ál **5.990,-**
Fæst einnig í hvítt/ál

FEJKA blómapottur m/grasi
L28×B7, H43cm
Hvítt/grænt **4.490,-**



DVALA sængurverasett B150×L200cm /B50×L60cm
Röndótt **3.490,-**



PYSSLINGAR
hirsla Ø21, H10cm
Bleikt **1.690,-**

1.990,-

SLÄTTHULT límmiðar

BENZY gardínur m/böndum
B145×H250cm. Drapplitað
4.990,-/2 í pk.

11.990,-

ONSJO ljósakróna m/LED perum
Ø70cm. Krómhúðað
Hönnuður: Sigga Heimis

MALIN FIGUR motta, lágt flos
B97×L115cm. Marglitt **19.990,-**

Ókeypis máltíð fyrir börnin

Börn, tólf ára og yngri, fá að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli

PJATTERYD myndir B25×H25cm
Borgir **3.490,-/3 í setti**

BEDARANDE
rauðvínsglös 35cl
Grátt **395,-/stk.**

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®